SKOÐUN Börn deyja úr næringarskorti í Sýrlandi, skrifar Erna Reynisdóttir. 15

MENNING Eva Einarsdóttir og Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir gefa út barnabók saman. 30

SPORT Sara Björk Gunnarsdóttir var vinsamlega beðin um að meiða ekki stjörnuleikmann Svisslendinga. 26

Salzburg
Beint skíðaflug
Verð frá: 18.900 kr.
Bókaðu núna á wow.is
WOW air

WOW MOMENT
Elísa Ósk Gísladóttir, Austurríki

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Miðvikudagur
25. september 2013
225. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

FRÉTTIR

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýr vegur eykur ekki öryggi

Tæknistjóri EuroRAP á Íslandi segir umferðaröryggissjónarmið ekki kalla á nýjan veg um Gálgahraun. 4

Lög ytra heimila hýðingar Flugvirkjar flugfélagsins Atlanta gætu í versta falli átt yfir höfði sér opinbera hýðingu fyrir áfengislagabrot í Sádi-Arabíu. 2

Ráðuneyti sögð brjóta lög Skipanir nefnda, ráða og stjórna á vegum ráðuneyta í fyrra voru í 68 prósentum tilvika í samræmi við lagaákvæði um kynjakvóta. 6

Lúmskur óvinur í súrnun Súrnun hafsins er tífalt hraðari en áður hefur þekkst og getur haft mikil áhrif á vistkerfið. 8

14

Bolungarvík	6°		A	7
Akureyri	6°		SA	5
Egilsstaðir	8°		S	8
Kirkjubæjarkl.	6°		SSA	6
Reykjavík	9°		S	11

Rigning um allt land en þó þurrt allra austast fyrri hluta dags. Strekkingur vestan til fram eftir degi en annars hægari vindur. 4

3 SÉRBLÖÐ

Markaður | Stöð 2 | Fólk

UNDIRBÚIÐ FYRIR VETURINN Starfsmenn Reykjavíkurborgar sinna haustverkum þessa dagana og fjarlægðu gosbrunn úr Reykjavíkurtjörn í gær. „Gosbrunnurinn er alltaf tekinn upp á haustin því hann þolir ekki frostið. Hann er svo settur aftur í Tjörnina í lok maí eða byrjun júní," segir Þórólfur Jónsson, garðyrkjustjóri Reykjavíkurborgar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Afturkalla nýleg lög um náttúruvernd

Sigurður Ingi Jóhannsson umhverfisráðherra vill fella úr gildi nýsamþykkt lög um náttúruvernd. Bregst meðal annars við gagnrýni á takmarkanir á ferðafrelsi á hálendinu. Landvernd segir löggjöfina heilsteypta.

ALÞINGI „Það er náttúrlega ljóst að það var mikill ágreiningur um frumvarpið á sínum tíma. Þá var það samþykkt með gildistöku um eitt ár fram í tímann og margir gagnrýndu þetta," segir Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, sem hefur ákveðið að afturkalla lög um náttúruvernd sem Alþingi samþykkti í lok mars síðastliðins.

Lögunum var ætlað að taka gildi 1. apríl 2014 en nú hyggst ráðherrann leggja fram frumvarp á Alþingi, þegar þing kemur saman í haust, með tillögu um að fella úr gildi hin nýju náttúruverndarlög. Verði það frumvarp samþykkt munu núgildandi náttúruverndarlög frá árinu 1999 halda gildi sínu.

„Ef Alþingi samþykkir að fella þessi lög úr gildi verður unnið að því í vetur að búa til nýtt frumvarp sem verður þá lagt fram á vorþingi," útskýrir Sigurður Ingi. Aðspurður hvort endurskoðunin beinist að einstökum þáttum frumvarpsins svarar ráðherrann því til að um heildarendurskoðun verði að ræða.

„Það voru fjölmargar athugasemdir sem bárust vegna frumvarpsins og ekki náðist samstaða um. Það er mikilvægt að samstaða sé um svona grundvallarlöggjöf," bætir Sigurður Ingi við.

Máli sínu til stuðnings bendir Sigurður Ingi á gagnrýni vegna ferðafrelsis á hálendinu en bílaumferð var takmörkuð í lögunum.

> **Ef Alþingi samþykkir að fella þessi lög úr gildi verður unnið að því í vetur að búa til nýtt frumvarp sem verður þá lagt fram á vorþingi.**
>
> *Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra*

Spurður hvort tilgangur endurskoðunarinnar sé einnig að greiða fyrir framkvæmdum svarar hann neitandi og bætir við að mikil og góð vinna hafi verið unnin varðandi frumvarpið og að hún verði nýtt við smíði nýrra laga. Hann segir lögin einkennast af boðum og bönnum og vill breyta „yfirbragði þeirra" eins og hann orðar það sjálfur.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar, segir að mikil vinna hafi þegar farið í endurskoðun „og það þarf að rökstyðja það vandlega ef á að taka þetta upp aftur," bætir Guðmundur Ingi við.

„Við vorum í grundvallaratriðum sátt við lögin, enda heilsteyptari og skýrari löggjöf en við höfum áður verið með varðandi náttúruvernd," segir hann.

Ekki náðist í Svandísi Svavarsdóttur, fyrrverandi umhverfisráðherra, við vinnslu fréttarinnar.

valur@frettabladid.is

Fjórtán kennarar stærstu háskólanna óttast fjársvelti Rannsóknasjóðs:

Engir nýir styrkir að óbreyttu

FJÁRMÁL Engum nýjum styrkjum verður úthlutað til vísindarannsókna á vegum Rannsóknasjóðs Rannís á næsta ári, að óbreyttu. Sama gæti átt við um árið 2015.

Þetta kemur fram í aðsendri grein frá fjórtán kennurum og vísindamönnum við Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Áhyggjur hópsins grundvallast á því að fjármögnun sjóðsins samkvæmt fjárfestingaráætlun síðustu ríkisstjórnar, að andvirði 550 milljónir króna, er ekki lengur fyrir hendi.

550 milljóna króna fjármögnun Rannsóknasjóðs Rannís er ekki lengur fyrir hendi.

„Ef engir nýir styrkir fást til rannsókna eru rannsóknarhópar fjölda vísindamanna í hættu. Slíkt ástand mun bitna sérstaklega á ungum vísindamönnum sem eru að hasla sér völl við rannsóknir. Þessi hópur getur ekki beðið í eitt eða tvö ár eftir að sjóðurinn rétti úr kútnum. Ekki er ljóst hvað gerist ef engir nýir styrkir eru veittir á næstu árum enda hefur sú staða ekki komið upp áður," segir í greininni.

- shá / sjá síðu 15

PEROZIN KÆLIKREMIÐ

Dregur strax úr verkjum!
Inniheldur m.a. Arnica Montana, myntu, rósmarín og engifer.

OPIÐ 24 TÍMA
Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla
Iceland

next

Skyrta
Kr. 6.990.-
KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200

SPURNING DAGSINS

Heiða Rún, ertu nokkuð að hugsa um að ganga í lögregluna?

„Nei, það er nóg fyrir mig að vera lögreglukona í þykjustunni.“

Heiða Rún Sigurðardóttir fer með hlutverk rannsóknarlögreglukonu í sjónvarpsþáttaröðinni Hrauninu, en hún er sjálfstætt framhald sjónvarpsþáttarins Hamarsins sem sýndur var fyrir nokkru á RÚV.

Nær helmingi fleiri þurftu að neita sér um læknisþjónustu vegna kostnaðar:

Ísland á pari við Grikki og Ítali

SAMFÉLAGSMÁL Landlæknir segir það nauðsynlegt að greina betur hvaða læknisþjónustu einstaklingar í lágtekjuhópi neita sér um vegna þess að þeir hafa ekki efni á henni.

Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands, birti í vikunni færslur á bloggi sínu þar sem fram kemur að tæplega helmingi fleiri í lágtekjuhópi þurftu að neita sér um læknisþjónustu vegna kostnaðar árið 2011 en árið 2009.

Þá vekur athygli að Ísland er við hlið Grikklands og Ítalíu í þessum efnum, en bæði lönd fóru illa út úr efnahagshruninu.

GEIR GUNNLAUGSSON

Geir Gunnlaugsson landlæknir segir þetta vera áhyggjuefni.

Hann segir tölur liðinna ára benda til þess að það sé ákveðinn ójöfnuður hvað varðar aðgengi að læknisþjónustu og þá sérstaklega hjá ákveðnum efnaminni þjóðfélagshópum.

Geir er á því að það þurfi að skoða hvers vegna Ísland er mun neðar en hin norrænu ríkin í þessum efnum.

„Og reyna að greina betur hvaða þjónusta það er sem einstaklingarnir eru að neita sér um vegna fjárhags,“ segir hann. - hv

Samningur undirritaður:

Ný vatnsaflsvirkjun í Glerá

AKUREYRI Bæjarstjórinn á Akureyri og framkvæmdastjóri Fallorku ehf. hafa samið um að Fallorka reisi og reki vatnsaflsvirkjun í Glerá ofan Akureyrar. Skrifað var undir samning þar að lútandi í gær.

Meginmarkmið með framkvæmdinni er sagt vera að nýta endurnýjanlega náttúruauðlind til að framleiða raforku á hagstæðu verði fyrir viðskiptavini Fallorku sem að stórum hluta séu Akureyringar. - ebg

GARÐURINN LOKAÐUR AF Niðurrif á Hljómalindarreit hefst á næstu vikum. Rifin verða húsin Smiðjustígur 4 og 4a og Hverfisgata 32 og 34. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Framkvæmdir hafnar við Hjartagarðinn í Reykjavík:

Svæðinu lokað fyrir umferð

SVEITARSTJÓRNARMÁL Framkvæmdir eru hafnar á Hljómalindarreitnum, svokölluðum Hjartagarði, þar sem fyrirhugað er að reisa 142 herbergja hótel.

„Við byrjuðum að loka svæðinu í síðustu viku,“ segir Pálmar Harðarson, talsmaður Þingvangs ehf. sem á Hljómalindarreitinn og stendur fyrir framkvæmdum við hann. „Það er búið að leggja teikningarnar nokkrum sinnum fram en alltaf hafa komið einhverjar athugasemdir.“ Hann vonaðist til að fyrstu teikningarnar fengjust samþykktar í gær. - kh

Rannsókn saksóknara hætt:

Brot alnæmissmitaðs fyrnd

SVÍÞJÓÐ Alnæmissmitaður maður sem hefur verið eftirlýstur frá árinu 1998 í Svíþjóð fyrir að hafa stundað kynlíf með yfir 100 einstaklingum án þess að nota verjur er nú laus allra mála. Saksóknari hefur hætt rannsókn þar sem brot mannsins eru fyrnd, að því er sænskir fjölmiðlar greina frá.

Maðurinn, Mehdi Tayeb, var grunaður um að hafa stundað kynlíf með 130 konum og tveimur körlum. Einn þessara einstaklinga smitaðist af alnæmi. Þrátt fyrir að hafa verið eftirlýstur um allan heim hefur hinum grunaða tekist að vera í felum fyrir lögreglunni undanfarin 15 ár. - ibs

DÓMSTÓLAR

Ákærður fyrir barnaklám

Ríkissaksóknari hefur ákært þrítugan Reykvíking fyrir vörslu kynferðislegs myndefnis af börnum. Eftir að lagt var hald á tölvu hans í desember í fyrra fundust í henni 5.244 ljósmyndir sem sýndu börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt og auk þess tíu stuttar kvikmyndir, að því er segir í ákæru.

HEILBRIGÐISMÁL

Má ekki undirrita

Heilbrigðisráðherra hefur ekki fengið heimild til að undirrita fyrirliggjandi samning við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) um sjúkraflutninga. Þetta kom fram á stjórnarfundi Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins í vikunni. Stjórnin vill fá fund með heilbrigðisráðherra.

Lög í Sádi-Arabíu heimila hýðingar

Flugvirkjarnir í Sádi-Arabíu gætu átt von á því í versta falli að vera hýddir opinberlega verði þeir fundnir sekir um áfengislagabrot í landinu. Starfsmannastjóri Atlanta segir fordæmi fyrir því að erlendir ríkisborgarar séu sendir úr landi.

DÓMSMÁL „Þeir neita þessu alfarið en við vonumst til þess að ef illa fer verði þeir sendir úr landi,“ segir Stefán Eyjólfsson, starfsmannastjóri Atlanta flugfélagsins. Þrír flugvirkjar hjá fyrirtækinu voru handteknir við komuna til Sádi-Arabíu grunaðir um ölvun á dögunum. Mennirnir flugu til Ríad, höfuðborgar landsins, þar sem þeir starfa sem flugvirkjar á vegum flugfyrirtækisins en þeir eru sakaðir um að hafa drukkið áfengi í flugvélinni. Mennirnir neita alfarið sök.

Réttarkerfið í Sádi-Arabíu er afar ólíkt því evrópska. Samkvæmt lögum í landinu geta mennirnir átt von á nokkurra mánaða fangelsi upp í það að vera hýddir opinberlega verði þeir fundnir sekir um drykkju í flugvélinni.

„Ég er ekki sérfróður um lög í Sádi-Arabíu,“ svarar Stefán spurður hvort mennirnir gætu átt von á því að vera hýddir. Samkvæmt upplýsingum sem má finna hjá Amnesty og vef breska utanríkisráðuneytisins geta þeir átt von á slíkum refsingum.

„Það eru fordæmi fyrir því að menn séu sendir úr landi verði þeir fundnir sekir,“ segir Stefán vongóður en hann vonast til þess að málið verði fellt niður.

Mennirnir þrír, sem eru allir á fertugsaldri, eru á hóteli í Ríad en þeir mega ekki yfirgefa borgina á meðan málið er í rannsókn. Stefán segir þá taka málinu með ró og að yfirvöld þar í landi geri engar athugasemdir við að þeir starfi hjá flugfélaginu á meðan rannsókn málsins stendur yfir.

LÖGREGLAN Í SÁDI-ARABÍU Mennirnir voru handteknir á flugvellinum í Ríad. MYND/AP

Aðspurður hversu langan tíma rannsókn málsins geti tekið svarar Stefán því til að það viti í raun enginn. „Það er í raun ómögulegt að giska á það,“ segir hann.

Fyrirtækið vann að því hörðum höndum í gær að útvega mönnunum lögfræðing en þeir hafa ekki óskað eftir aðkomu utanríkisráðuneytisins vegna málsins. Hjá ráðuneytinu fengust þau svör að lítil samskipti væru á milli Íslands og Sádi-Arabíu og að fyrirtæki sem hefðu starfað lengi í landinu væru líklega betur í stakk búin til þess að bregðast við svona aðstæðum en ráðuneytið.

Verði mennirnir fundnir sekir og ekki vísað úr landi gætu þeir

AIR ATLANTA Mennirnir starfa allir sem flugvirkjar hjá Atlanta.

átt yfir höfði sér háa fjársekt, nokkurra mánaða fangelsi, og/eða vandarhögg. Dómara er þá í sjálfsvald sett hversu mörg vandarhögg hinn dæmdi þyrfti að þola.

valur@frettabladid.is

Forseti Kenía lýsti yfir þriggja daga þjóðarsorg vegna dauðsfalla í Naíróbí:

Gíslatökumenn yfirbugaðir

KENÍA, AP „Við höfum niðurlægt árásarmennina og sigrast á þeim,“ sagði Uhuru Kenyatta, forseti Kenía, í ávarpi til þjóðar sinnar í gær, eftir að her og lögregla landsins höfðu unnið bug á gíslatökumönnum í verslunarmiðstöð í Naíróbí.

Hann sagði fjögurra daga átök við hryðjuverkamenn hafa kostað 240 manns lífið. Þar af hefðu fimm hryðjuverkamenn látist en ellefu verið handteknir.

Hann skýrði einnig frá því að þrjár hæðir í Westgate-verslunarmiðstöðinni hefðu hrunið og að töluvert mörg lík væru enn föst í rústunum.

Hann hótaði árásarmönnunum öllu illu: „Þessar raggeitur munu fá að kynnast réttlætinu, rétt eins og samverkamenn þeirra og stuðningsmenn, hvar svo sem þeir leynast.“

Hópur vopnaðra manna réðst inn í verslunarmiðstöðina á laugardag og hélt fólki þar í gíslingu þar til kenískar öryggissveitir lögðu til atlögu gegn þeim á mánudag.

Al Shabab, samtök herskárra íslamista í Sómalíu, hafa lýst yfir ábyrgð á árásinni og segja hana gerða í hefndarskyni fyrir árásir keníska hermanna í Sómalíu. - gb

ÆTTINGJAR EINS HINNA LÁTNU Fyrir utan verslunarmiðstöðina í Naíróbí hefur fjöldi fólks fylgst með framvindu mála síðustu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

20-50% afsláttur
af öllum heilsurúmum

CLASSIC - rafstillanlegt
Einbreið heilsurúm á verði frá **190.049,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **346.995,-**

DRAUMEY
Einbreið heilsurúm á verði frá **70.224,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **129.360,-**

ROYAL - rafstillanlegt
Einbreið heilsurúm á verði frá **302.391,-**
Tvíbreið heilsurúm á verði frá **566.991,-**

Frí heimsending á hjónarúmum eða tökum gamla rúmið upp í nýtt!

FAGLEG
RÁÐGJÖF OG
FRÍ LEGU-
GREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

LAGERHREINSUN
Á ARINELDSTÆÐUM

EINUNGIS 3 VERÐ!

19.900,-
29.900,-
39.900,-

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

SVONA ERUM VIÐ

117,5 milljónir lítra af mjólk voru drukknar hér á landi á árinu.

Sala mjólkurafurða miðað við fituinnihald síðustu 12 mánuði var í lok ágúst 4,5% meiri en næstu 12 mánuði á undan. Salan miðað við prótein jókst um ríflega 1,5%.

Heimild: Landssamband kúabænda

Mótmælendur við Gálgahraun sendu innanríkisráðherra opið bréf með beiðni um neyðarfund:

Ráðherra kallar mótmælendur á fund sinn

UMHVERFISMÁL Fjöldi náttúruverndarsamtaka hefur í opnu bréfi óskað eftir neyðarfundi með Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra þar sem í alvarleg átök stefndi milli mótmælenda og starfsmanna verktakafyrirtækisins ÍAV í Gálgahrauni.

Í bréfinu til Hönnu Birnu, sem Skúli Bjarnason hæstaréttarlögmaður skrifar undir, segist hann búast við fundarboði frá innanríkisráðherra. Bréfið endar á orðunum: „Hafðu hemil á Vegagerðinni áður en illa fer.“

Hanna Birna segist ítrekað hafa hitt fulltrúa þessara ólíku sjónarmiða í sumar. „Á þessum fundum í sumar kom skýrt fram að of langt væri á milli sjónarmiða til að ná sáttum. Ráðherra getur ekki, þegar fyrir liggur framkvæmdaleyfi í framhaldi af löngu lögbundnu ferli, frestað eða stöðvað slíkar framkvæmdir án þess að eiga á hættu að kalla yfir ríkið stórkostlegar bótakröfur,“ segir Hanna Birna.

HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

Hönnu Birnu finnst eðlilegast að fulltrúar Hraunavina fundi með fulltrúum Vegagerðarinnar. „En fyrst að fyrirhugaður fundur hjá þeim í gær gekk ekki upp er ekkert nema sjálfsagt að leiða þessa aðila saman aftur. Ég mun boða til fundar með fulltrúum Vegagerðarinnar, Garðabæjar og Hraunavina fyrir helgi,“ segir Hanna Birna. -ebg

Mættu ekki á fund Vegagerðarinnar

Mótmælendur í Garðahrauni voru boðnir velkomnir á fund hjá Vegagerðinni í gær en samkvæmt tilkynningu frá Vegagerðinni þekktust þeir ekki boðið. Fram kemur í tilkynningu að það sé ekki rétt að beiðnir mótmælenda um fund hafi verið hundsaðar. Síðast hafi verið fundað með mótmælendum á miðvikudag. - vg

Ekki pappa í almennt sorp:

Tunnan verður ekki tæmd

REYKJAVÍK Frá og með 10. október verða gráar og grænar tunnur sem innihalda pappír eða pappa ekki tæmdar í Reykjavík. Allur pappír og pappi á að fara í bláu tunnuna, sem Sorpa og Reykjavíkurborg hafa hvatt borgarbúa til að fá sér.

Ef vart verður við pappír í röngum tunnum verður settur miði á tunnuna og sagt að of mikill pappír hafi verið í tunnunni og því hafi tunnan ekki verið losuð. Nánari upplýsingar um breytta sorphirðu má finna á síðunni pappirerekkirusl.is. - ehg

Meiðyrðamál tekið fyrir:

Afskræmd mynd á netinu

DÓMSMÁL Meiðyrðamál Egils Einarssonar gegn Inga Kristjáni Sigurmarssyni var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Ingi Kristján afskræmdi mynd af Agli sem var á forsíðu Monitor og birti á Instagram. Yfir myndina var búið að krota „Aumingi“ og undir var áletrun á ensku sem útleggst á íslensku „Farðu til fjandans nauðgarasvín“.

Fyrir rétti sagði Egill meðal annars að þegar hann hefði séð myndina hefði honum liðið eins og honum tækist aldrei að hreinsa nafn sitt. Ríkissaksóknari felldi í fyrra niður kærumál á hendur Agli fyrir nauðgun. - ebg

LEIÐRÉTT

Frétt á baksíðu Fréttablaðsins í gær um að Elín Eyþórsdóttir hefði verið valin kynþokkafyllst af blaðinu So So Gay átti ekki við rök að styðjast. Um var að ræða Facebook-hrekk sem villtist á síður blaðsins. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

Nýr Álftanesvegur er ekki sagður bæta umferðaröryggi

Tæknistjóri EuroRAP á Íslandi segir að út frá umferðaröryggissjónarmiðum þurfi ekki að leggja veg um Gálgahraun. Margir aðrir vegir á landinu séu mun hættulegri. Fleiri skora á bæjarstjórn að hætta framkvæmdum.

UMHVERFISMÁL „Það er engin ástæða til að ráðast í veglagningu í gegnum Gálgahraun vegna tíðra slysa á Álftanesvegi. Það eru margir mun hættulegri vegkaflar hér á landi en hann,“ segir Ólafur Kr. Guðmundsson, varaformaður FÍB og tæknistjóri EuroRAP á Íslandi. Hann nefnir sem dæmi um hættulega vegi gamla Hafnarfjarðarveginn, Vífilsstaðaveg og Flugvallarveg og segir að þeir séu margir fleiri vegirnir og vegarspottarnir þar sem slysatíðni sé mun hærri en á þessum kafla Álftanesvegar.

Bæjaryfirvöld í Garðabæ hafa sagt að það sé nauðsynlegt að færa Álftanesveg til norðurs og leggja hann í gegnum Gálgahraun vegna þess að gamli vegurinn beri ekki mikla og hraða umferð. Á honum séu margar krappar beygjur og blindhæðir auk þess sem vegurinn sé ekki nógu breiður. Á vegkaflanum sé mikil slysahætta.

Ólafur segist hafa skoðað öll slys og umferðaróhöpp sem urðu á þeim vegkafla Álftanesvegar sem á að færa. Frá árinu 2007 til 2012 hafi ekki orðið banaslys á veginum, þar hafi orðið tvö alvarleg slys, fimmtán óhöpp hafi orðið þar sem minniháttar meiðsl urðu á fólki og 55 sinnum hafi orðið eignatjón.

„Bæði slysin sem flokkast sem alvarleg gætu allt eins gerst á veginum sem á að leggja í gegnum Gálgahraun, í öðru tilvikinu fór bíll þvert yfir veginn og hafnaði utan vegar, í hinu tilvikinu ók bíll yfir á öfugan vegarhelming og ók framan á bíl sem kom úr gagnstæðri átt.“ Á nýja veginum segir Ólafur ekki gert ráð fyrir vegriðum, mislægum gatnamótum, hringtorgum eða öðrum umferðarmannvirkjum sem gætu komið í veg fyrir slys eins og orðið hafi á veginum.

➜ Sjálfstæðir umhverfisverndarsinnar hliðhollir Sjálfstæðisflokki sendu í gær frá sér tilkynningu.

„Út frá umferðaröryggissjónarmiðum get ég ekki séð nauðsyn þess að færa Álftanesveg í gegnum Gálgahraun,“ segir hann.

Sjálfstæðir umhverfisverndarsinnar sem segjast hliðhollir Sjálfstæðisflokknum sendu í gær frá sér tilkynningu þar sem borin var fram einlæg ósk um að bæjarstjórn Garðabæjar endurskoðaði afstöðu til vegaframkvæmda í Gálgahrauni.

Gunnar Einarsson bæjarstjóri segir að málið sé í höndum Vegagerðarinnar og verktakans. Bæjarstjórn ætli hins vegar að fara eftir niðurstöðu dómstóla hver svo sem hún verði.

Skúli Bjarnason, lögmaður Hraunavina, segir að á fimmtudag fari fram málflutningur fyrir héraðsdómi um þá kröfu fjögurra umhverfisverndarsamtaka um að leitað yrði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um það hvort samtökin hefðu lögvarða hagsmuni í lögbannsmáli vegna lagningar Álftanesvegar um Gálgahraun.

johanna@frettabladid.is

STANDA VAKTINA Hraunavinir ætla að standa vaktina áfram í Gálgahrauni. Sjálfstæðir umhverfissinnar sem segjast hliðhollir Sjálfstæðisflokknum skora á bæjarstjórn að hætta framkvæmdum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hraunavinir á vakt í dag

„Við ætlum að standa vaktina áfram í hrauninu í dag,“ segir Eiður Guðnason, Hraunavinur og fyrrverandi sendiherra. Í gær tjölduðu Hraunavinir tveimur tjöldum til að hafa skjól ef hann myndi rigna og komið var með borð og stóla. Tjöldin voru tekin niður í gærkvöldi en það stendur til að reisa þau aftur í dag. Eiður segir að mótmælin hafi farið fram með friði og spekt í gær. Einn fulltrúi verktakans var á svæðinu en hann hélt sig til hlés. Á milli 15 og 25 mótmælendur voru á svæðinu í gær.

EIÐUR GUÐNASON

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



NÚ ER ÚTI VEÐUR VOTT Það verður talsverð rigning á landinu í dag og þá sérstaklega sunnan og vestan til. Á morgun og föstudag fer svo heldur kólnandi og má búast við slyddu norðvestanlands á föstudag og jafnvel víðar á norðanverðu landinu.



Á morgun
Fremur hæg norðlæg eða breytileg átt.



Föstudagur
Fremur hægur vindur víðast hvar.

Alicante	28°	Berlín	15°	Friedrichshafen	23°	Las Palmas	27°	New York	22°	París	25°
Aþena	29°	Billund	13°	Gautaborg	11°	London	22°	Orlando	29°	San Francisco	19°
Basel	24°	Frankfurt	21°	Kaupmannahöfn	11°	Mallorca	27°	Ósló	11°	Stokkhólmur	10°



Ingibjörg Karlsdóttir
veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Hámarkaðu afsláttinn



Afsláttarþrep Orkunnar
+
Þín stöð

Með **Afsláttarþrepum Orkunnar** býðst Orkulyklahöfum stighækkandi afsláttur af eldsneyti hjá Orkunni í takt við aukinn fjölda keyptra lítra í mánuðinum á undan hjá Orkunni og Shell. Þín stöð bætist við Afsláttarþrep Orkunnar og verður afslátturinn þannig að hámarki 10 kr.

ÞREP 1	**0-50L**	3 kr.	+ 2 kr. Þín stöð	= **5 kr. afsl.**
ÞREP 2	**50-150L**	5 kr.	+ 2 kr. Þín stöð	= **7 kr. afsl.**
ÞREP 3	**150L+**	8 kr.	+ 2 kr. Þín stöð	= **10 kr. afsl.**

Skráðu þig í **Afsláttarþrep Orkunnar** á orkan.is og hámarkaðu afsláttinn þinn.

Sjá nánar á www.orkan.is

www.orkan.is/afslattarthrep

Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**

ORKAN

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

ENNEMM / SÍA / NM56163

VEISTU SVARIÐ?

1. Hversu mikið var tap Hörpu í fyrra?
2. Hvað hefur Þórður Tómasson í Skógum gefið út margar bækur?
3. Hvað velja Íslendingar oftast þegar þeir kaupa sér skyndibita?

SVÖR:
1. 584 milljónum. **2.** 20. **3.** Pítsu.

Læðan Nuk strauk úr einkaþotu danskrar konu á Reykjavíkurflugvelli og eftirlitsaðilar eru uggandi:

Heitir 100.000 krónum fyrir strokuköttt

FERÐAMENN Dönsk kona, Susanne Alsing, heitir 100 þúsund krónum í fundarlaun fyrir læðuna Nuk sem slapp úr einkaþotu á Reykjavíkurflugvelli aðfaranótt þriðjudags og ekkert hafði spurst til í gærkvöldi.

SUSANNE ALSING

„Svo virðist sem Nuk hafi tekist að virkja stigann og þannig opnað hurðina og svo hlaupið í burtu," segir Susanne, sem millilenti hér á leið til Bandaríkjanna. Nuk er svört með hvítan blett á hálsinum og síðast þegar Susanne sá hana var hún með bleika ól. „Finnið Nuk, fangið hana og hringið strax í mig. Ég kem um leið, hvort sem það er um dag eða nótt," segir Susanne.

Nuk er örmerkt með númerinu 958–000–002–337–862. Hún er einnig húðflúruð í eyra með númerinu EFP055.

Héraðsdýralæknir og Matvælastofnun óttast auk þess að Nuk kunni að bera með sér smitsjúkdóma, enda hefur hún ekki farið í sóttkví eins og lög gera ráð fyrir.

Stofnanirnar leggja því mikla áherslu á að kötturinn finnist en biðja fólk jafnframt að taka hann ekki inn á heimili til sín séu þar önnur dýr, enda kunni þau þá að smitast af einhverri óværu.

Björgunarsveitarmenn leituðu kattarins í allan gærdag og fram á kvöld. Ekki var vitað hversu lengi leitin mundi standa. Það væri undir Susanne komið. - sh

MIKILL VIÐBÚNAÐUR Um tíu björgunarsveitarmenn leituðu Nuk í allan gærdag.

Skip í vörslu strandgæslu:

Saka Grænfriðunga um sjórán

RÚSSLAND, AP Rússnesk stjórnvöld hafa ákært áhöfn Greenpeace-skipsins Arctic Sunrise fyrir sjórán.

Grænfriðungar vísa þessu algerlega á bug og segja aðgerðir sínar ekkert eiga skylt við sjórán.

Rússneska strandgæslan tók skipið í sína vörslu í síðustu viku eftir að nokkrir úr áhöfninni höfðu reynt að komast upp í rússneskan olíuborpall austast í Barentshafi.

Verið er að draga skipið til hafnar en 30 manna áhöfn er enn um borð. Sergei Ivanov, formaður rússneska herráðsins, hefur sagt að aðgerðir Grænfriðunga minni á glæpi sómalískra sjóræningja. - gb

VÍK Sveitarstjórnin segir Viðlagatryggingar fara með rökleysu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gagnrýna Viðlagatryggingar:

Fengu ekki að tryggja dælu

SVEITARSTJÓRNIR Viðlagatryggingar Íslands hafa hafnað því að tryggja dælubúnað vegna borholu hitaveitunnar í Vík í Mýrdal. Sveitarstjórn Mýrdalshrepps er afar ósátt með þessa ákvörðun.

„Sveitarstjórn mótmælir harðlega þeirri rökleysu sem fram er færð fyrir því af hálfu Viðlagatrygginga Íslands að neita því að tryggja dælubúnað hitaveitunnar og felur sveitarstjóra að svara bréfinu og óska eftir því að málið verði tekið upp í stjórn Viðlagatryggingar Íslands," bókaði sveitarstjórnin. - gar

Ráðuneyti eru sögð brjóta landslög við nefndaskipan

Skipanir nefnda, ráða og stjórna á vegum ráðuneyta í fyrra voru í 68 prósentum tilvika í samræmi við kynjakvóta í lögum, að því er kemur fram í skýrslu Jafnréttisstofu. Tilnefningaraðilar þurfa að líta í kringum sig.

JAFNRÉTTI Af þeim 148 nefndum, ráðum og stjórnum sem skipað var í á vegum ráðuneyta í fyrra voru 48 sem ekki var skipað í í samræmi við kynjakvóta sem kveðið er á um í lögum frá 2008. Í þeim er gert ráð fyrir að hlutur hvors kyns um sig skuli ekki vera minni en 40 prósent nema hlutlægar ástæður heimili annað.

Jafnréttisstofa, sem haft hefur eftirlit með framkvæmd kynjakvótans, hefur verið í sambandi við öll ráðuneytin og óskað eftir því að þau skýri þær ástæður sem tilnefningaraðilar hafa gefið ef ekki voru tilnefnd bæði karl og kona.

„Við höfum fengið skýringar sem yfirleitt eru fullnægjandi en ef þær eru ekki í samræmi við undanþáguheimildina bendum við á að verið sé að brjóta lög," segir Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu.

Hún tekur það fram að staðan sé að mörgu leyti ásættanleg. „Þegar litið er til heildarfjölda nefnda er það hins vegar athyglisvert að það skuli vera hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og innanríkisráðuneyti sem hlutfall kvenna er lægst eða 39 prósent. Ýmsar nefndir hafa að vísu verið óbreyttar um árabil og það er ekki fyrr en kemur að endurnýjun sem tekst að leiðrétta kynjahallann og uppfylla lagaskyldur. Þess vegna er mikilvægt að skoða sérstaklega nýskipanir á hverju starfsári fyrir sig."

Hún segir að tilnefningaraðilar þurfi að vera með opin augu og líta í kringum sig. „Þeir þurfa jafnframt að leita ráða."

Jafnréttisstofa hefur tekið til greina þætti eins og reynslu og sérþekkingu starfsfólks auk verkaskiptingar á vinnustöðum og fleira við mat á undanþágum, að því er Kristín greinir frá. „Við teljum hins vegar ekki rétt að nýta undanþáguheimildina ef engar skýringar á nýtingu hennar koma frá viðkomandi ráðuneyti."

Velferðarráðuneytið var með jafnasta þátttöku kynjanna í nefndum á sínum vegum og einnig eina ráðuneytið með fleiri konur en karla í sínum nefndum, það er 52 prósent á móti 48 prósentum. Sex ráðuneyti af átta eru með hlutfall kynjanna innan viðmiðunarmarka.

ibs@frettabladid.is

KRISTÍN ÁSTGEIRSDÓTTIR Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu segir tilnefningaraðila þurfa að líta í kringum sig. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nefndir skipaðar árið 2012

Ráðuneyti	Í samræmi	Ekki í samræmi	Samtals	Hlutfall í samræmi
Forsætisráðuneyti	7	2	9	78%
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	18	13	31	58%
Fjármála- og efnahagsráðuneyti	7	9	16	44%
Innanríkisráðuneyti	10	3	13	77%
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	14	9	23	61%
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	18	4	22	82%
Utanríkisráðuneyti	2	0	2	100%
Velferðarráðuneyti	24	10	34	71%
Samtals	100	48	148	68%

EASY hægindastól
með skemli

TAXFREE TILBOÐSVERÐ 69.900
FULLTVERÐ KR. 89.900

Topgrain leður á slitflötum. Hægt að halla aftur og á snúningsfæti.

JAZZ hægindastól
með skemli

4 litir: Brúnn, koníaksbrúnn, ljós og svartur.

TAXFREE TILBOÐSVERÐ 95.538
FULLTVERÐ KR. 119.900

Topgrain leður á slitflötum. Hægt að halla aftur og á snúningsfæti.

FREDO hægindastól
með skemli

TAXFREE TILBOÐSVERÐ 69.900
FULLTVERÐ KR. 89.900

Holtagörðum
Pöntunarsími 512 6800

DORMA

DORMA er einnig í HÚSGAGNAHÖLLINNI
Dalsbraut 1 á Akureyri og í Reykjavík

OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 • Laugardaga frá kl. 11.00-17.00 • Sunnudaga: 13.00-16.00 (Akureyri lokað á sunnudögum)

Ertu að leita upplýsinga?
www.suzuki.is

SUZUKI

Way of Life!

ÆÐI!

EURO NCAP FOR SAFER CARS
www.euroncap.com
★★★★★

SUZUKI SWIFT GL. GLX, 4X4, DÍSIL OG SPORT
Frá 2.550 þús. Eyðsla frá 5,0L/100km (blönduðum akstri, bensín, beinskiptur) CO^2 116g/km



Grænn skref í Reykjavík
Vistvæfur bíll

FYRIR SKYNSAMT FÓLK

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Markaðsráðgjöf, sept. 2013

LOFTSLAGSMÁL

Súrnun hafsins er lúmskur óvinur

Á sama tíma og hnattræn hlýnun er á allra vitorði fer minna fyrir umfjöllun um súrnun hafsins. Einn virtasti sérfræðingur heims í haffræði segir að breytingar í hafinu muni hafa mikil áhrif á sjávarlífverur og vistkerfið allt. Súrnun hafsins er tífalt hraðari en áður er þekkt.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Höf heimsins hafa tekið til sín 30% af því koldíoxíði (koltvísýringi) sem losað hefur verið síðastliðin 250 ár, eða frá því að iðnbyltingin hófst. Loftslagsbreytingar eru þekktar af völdum bruna jarðefnaeldsneytis og eru á allra vitorði. Minna hefur hins vegar farið fyrir umræðunni um hliðarafurðina; súrnun hafsins sem ekkert síður en loftslagsbreytingar mun hafa áhrif á vistkerfið og lífsskilyrði á jörðinni allri.

Þetta var meðal þess sem kom fram í fyrirlestri dr. Richards Feely, hafefnafræðings frá Haf- og veðurfræðistofnun Bandaríkjanna, á ársfundi Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) sem haldinn er þessa dagana í Reykjavík.

Af fyrirlestri dr. Feely mátti ráða að súrnun hafsins ætti ekkert síður að vera áhyggjuefni jarðarbúa en hlýnun jarðar. Svo er hins vegar ekki, og má því segja að súrnun hafsins sé lúmskur óvinur. „Rannsóknir á súrnun hafsins hafa staðið yfir í um fimmtíu ár en það var aðeins fyrir um tíu til fimmtán árum sem vísindin voru komin það langt að menn gerðu sér grein fyrir vandanum," sagði dr. Feely og bætti við að miðað við óbreytta losun myndi ástand sjávar breytast hratt til hins verra. „Súrnun hafsins í dag er tífalt hraðari en nokkuð sem þekkt er í jarðsögunni. Af rannsóknagögnum höfum við áður séð sömu breytingar sem tóku milljónir ára. Breytingarnar sem nú eru að verða hafa tekið nokkur hundruð ár, og aðallega á síðustu áratugum."

Hvað er að gerast?

En hvað er að gerast í hafinu? Dr. Feely útskýrði að súrnun sjávar er þegar styrkur koldíoxíðs eykst og sýrustigið (pH-gildið) lækkar. Við þetta lækkar kalkmettun sjávar, sem hefur víðtæk áhrif og kvíðvænleg áhrif.

Í þessu samhengi fjallaði hann sérstaklega um áhrif súrnunar á kalkmettandi lífverur; lífverur sem mynda stoðvef úr kalki. Má þar nefna skeldýr ýmiss konar, svo ekki sé minnst á kóralrif heimsins. Þetta tvennt, þótt með ólíkum hætti sé, gegnir ómissandi hlutverki í vistkerfum sjávar og í fæðukeðjunni. Hnignun þessara lífvera mun hafa dómínóáhrif á vistkerfið í heild, sagði dr. Feely, enda eru atburðir í jarðsögunni þekktir. Vísaði hann til þess að fyrir 250 milljónum ára er talið að allt að 95% allra sjávarlífvera hafi dáið út eftir að koldíoxíð snarjókst í andrúmslofti og í hafinu.

Í stærra samhengi

Dr. Feely sagði að vísindin hefðu ekki svör við veigamiklum spurningum á þessum tímapunkti. Munu lífverur aðlagast – hafa þær getu til þess í ljósi þess hversu breytingarnar eru hraðar? Ekkert bendir til sérstakrar bjartsýni hvað þetta varðar, sagði dr. Feely. Þegar horft er til áhrifanna í stærra samhengi nefndi hann fjölmörg atriði. Hér kemur til álita almenn geta sjávardýra til að lifa af, hugsanlega hrekjast einstakar lífverur frá búsvæðum sínum og aðrar koma í þeirra stað, súrnun sjávar hefur líka áhrif á ratvísi lífvera í hafinu. Nýjustu rannsóknir sýna samband á milli sýrustigs í blóði og getu dýra til að verja sig; að forða sér frá rándýrum.

Engar fréttir?

Við Ísland eru þessar rannsóknir engin nýlunda. Jón Ólafsson, haffræðingur og prófessor við Háskóla Íslands, og hans fólk hafa viðað að sér gögnum um hafið við Ísland allt frá árinu 1984. Fram hefur komið að gögnin sýna með afgerandi hætti við hvað er að eiga og hvernig það snertir Ísland, eins háð og það er gjöfum hafsins. Súrnun hafsins norðan við landið er nefnilega hraðari en víða á suðlægari slóðum.

Þegar dr. Feely ræðir um lausn vandans má í raun gera hann upp í fáum orðum og þar eru engin ný tíðindi. Draga verður verulega úr losun koldíoxíðs út í andrúmsloftið en aðrar lausnir til mótvægis eru í raun aðeins kenningar á borðum vísindamanna.

VANDINN KRUFINN Dr. Richard Feely er einn virtasti vísindamaður á sínu sviði í heiminum. Hann dró upp ófagra mynd í fyrirlestri á ársfundi Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



HEIMILD: LOFTSLAG.IS

ENNEMM / SÍA / NM58646

BMW X5 MODERN LINE
= ALLT INNIFALIÐ

Nú bjóðum við BMW X5, í nýrri MODERN LINE útgáfu, hlaðinn aukabúnaði. Nýja útgáfan er t.a.m. með 8 gíra sjálfskiptingu, BMW Professional hljómtæki, 19" álfelgum, leðurinnréttingu með rafdrifnum, upphituðum framsætum og minnisstillingum, fjarlægðarskynjurum að framan og aftan, Bluetooth tengibúnaði fyrir síma, Cruise Control, glæsilegum viðarlistum í mælaborði, sjálfdekkjandi baksýnisspegli, toppgrindarbogum, málmlit, rafdrifnu dráttarbeisli og þægilegu Servotronic léttstýri.

BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.

BMW xDrive 30d
6,7 l / 100 km* – CO2 195 g – 7,6 sek. í hundrað

Verð: 12.690 þús.

B|L

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000

SLÁTURMARKAÐURINN

HEFST Á MORGUN!

FERSKT DAGLEGA!

SLÁTURMARKAÐUR Í HAGKAUP SMÁRALIND AFGREITT FRÁ KL. 14-18*

* ALLA DAGA NEMA MÁNUDAGA OG SUNNUDAGA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

ÓDÝR, ÞJÓÐLEGUR OG GÓÐUR MATUR

Úr einu slátri færðu u.þ.b. 25 matarskammta...

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

TRAUSTIR AÐILAR

GERÐU FRÁBÆR KAUP Á NOTUÐUM BÍL FRÁ OKKUR!
BILALAND.IS

ALLT AÐ 80% LÁNAMÖGULEIKAR

DACIA DUSTER PLUS 4x4
Nýskr. 04/13, ekinn 23 þús. km.
dísil, beinskiptur.
Rnr. 130722.
Frábært verð
3.690 þús.

CHEVROLET CAPTIVA - 7 sæta
Nýskr. 09/11, ekinn 40 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 5.780 þús.
Rnr.151751.

NISSAN NAVARA SE
Nýskr. 05/07, ekinn 145 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.490 þús.
Rnr.201049.

KIA CEED EX
Nýskr. 12/12, ekinn 3 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.270 þús.
Rnr.280524

NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 06/11, ekinn 60 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.290 þús.
Rnr.141353.

SUZUKI SWIFT 4x4
Nýskr. 05/11, ekinn 53 þús. km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.190 þús.
Rnr.130711.

HYUNDAI i10
Nýskr. 05/11, ekinn 38 þús km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.380 þús.
Rnr.120180.

bílaland
Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

Skattar á láglauna- og millitekjufólk verða ekki hækkaðir að sögn Bjarna:

Tekjuskattskerfið endurskoðað

STJÓRNMÁL Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra mun boða breytingar á skattkerfinu þegar fjárlagafrumvarpið verður lagt fram í næstu viku. Skattar á láglauna- og millitekjufólk verða ekki hækkaðir.

Útgjalda- og tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins verða í fyrsta skipti lagðar fram samtímis þegar Alþingi kemur saman í næstu viku. Ríkisstjórn Jóhönnu og Steingríms tók upp þrepaskipt skattkerfi á síðasta kjörtímabili en í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar kemur fram að tekjuskattskerfið verði tekið til endurskoðunar.

Bjarni segir að breytingarnar verði gerðar í skrefum. „Ég er bæði að horfa til fjárlagavetrarins fram undan, það er fjárlaga næsta árs, og líka til lengri tíma í þessu fjárlagafrumvarpi. Við verðum með fyrstu breytingar í ákveðnum málum og síðan ætlum við að setja af stað vinnu til að skoða skattkerfið til lengri tíma.“

- hks

BJARNI BENEDIKTSSON Fjármálaráðherra hyggst ekki hækka skatta á lág- og millitekjufólk. FRÉTTABLAÐIÐ/BALDUR

Mikið afl má virkja í minni fyrirtækjum

Félag atvinnurekenda (FA) hefur lagt fram tillögur til úrbóta á ýmsum sviðum sem leysa eiga úr læðingi vöxt í minni og meðalstórum fyrirtækjum. Formaður FA segist bjartsýnn á að hægt verði að koma málum í gang fyrir þinglok næsta vor.

ATVINNULÍF Hægt er að hleypa nýju lífi í íslenskt atvinnulíf og skapa að minnsta kosti 4.000 störf hér á landi á næstu árum með markvissum aðgerðum til að bæta umhverfi minni og meðalstórra fyrirtækja. Þetta kemur fram í tillögum sem Félag atvinnurekenda (FA) kynnir í dag, undir yfirskriftinni Falda aflið.

Tillögur FA eru í tólf liðum og lúta meðal annars að því að setja eignarhaldi fjármálafyrirtækja í óskyldum rekstri hömlur og að auka heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í óskráðum verðbréfum, meðal annars verði þeir hvattir til þess að fjárfesta í meðalstórum fyrirtækjum.

ALMAR GUÐMUNDSSON

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri FA, segir í samtali við Fréttablaðið að það séu einna helst úrbætur á sviðum sem tengjast samkeppnismálum sem myndu gagnast smáum og meðalstórum fyrirtækjum fyrst.

„Það verður meðal annars að vera hafið yfir allan vafa að samkeppni sé á jafnréttisgrundvelli og þess vegna viljum við herða að bönkunum.“

Almar undirstrikar einnig að mikilvægt sé að skýra samkeppnisúrræði.

„Þess vegna leggjum við til að Samkeppniseftirlitið birti svokölluð bindandi álit, sem tíðkast bæði í tollinum og hjá skattinum. Það þýðir að minni aðilinn í samkeppni er fljótari að fá viðbrögð frá samkeppnisyfirvöldum um hvort hlutirnir séu í lagi eða ekki og það er alltaf til bóta.“

Þá segir Almar að launakostnaður smærri fyrirtækja sé í eðli sínu hærri en stærri fyrirtækja og því geti tryggingagjaldið verið íþyngjandi.

„Alla vega gæti lækkun á tryggingagjaldi skilað sér í svigrúmi til að ráða fólk, hækka laun eða ráðast í úrbætur eða fjárfestingar. Þarna losnar úr læðingi ákveðinn kraftur. Þetta eru kannski ekki háar tölur á hvert fyrirtæki en ef þúsundir fyrirtækja eru öll að bæta stöðu sína verður til ákveðið hreyfiafl.“

Almar segir FA stefna að því að aðgerðum byggðum á tillögum þeirra verði hrint í framkvæmd fyrir þinglok næsta vor.

„Við teljum að það sé raunhæft og ef marka má nýlegar yfirlýsingar Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, meðal annars um einföldun regluverksins getum við ekki verið annað en bjartsýn á að það sé vilji hjá stjórnvöldum til að leggjast á árar með okkur. En tíminn skiptir máli og við verðum að vinna hratt.“

thorgils@frettabladid.is

FALIÐ AFL Félag atvinnurekenda segir mikið afl mega leysa úr læðingi með því að bæta umhverfi minni og meðalstórra fyrirtækja, til dæmis verslana. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Langflest í hópi minni og meðalstórra

Yfir 90 prósent allra fyrirtækja á Íslandi eru með 50 starfsmenn eða færri og teljast því til minni eða meðalstórra fyrirtækja.

Kvenfangar í Mordovia neyddir til að vinna í sautján tíma á sólarhring:

Í svelti til að mótmæla harðræði

RÚSSLAND, AP „Þú skalt vita það að við höfum brotið viljasterkara fólk en þig á bak aftur,“ segir Nadesjda Tolokonnikova að aðstoðaryfirfangavörður í fangabúðunum Mordovia hafi sagt við sig þegar hún var nýkomin til að afplána þar tveggja ára dóm.

Hún hafði sagt honum, harla borubrött, að hún ætlaði sér sko ekki að vinna meira en þá átta tíma á dag, sem skylt væri samkvæmt reglunum.

Hún hefur nú verið í þessum illræmdu fangabúðum í heilt ár en er búin að fá nóg. Á mánudag birti hún opið bréf, þar sem hún sagðist vera farin í hungurverkfall. Breska dagblaðið The Guardian hefur birt bréfið á fréttavef sínum.

Í bréfinu segir hún að vinnutíminn sé almennt 16 til 17 tímar á dag, eða frá hálfátta að morgni til hálfeitt eftir miðnætti.

„Í besta falli náum við fjögurra tíma svefni á nóttu. Við fáum einn frídag á eins og hálfs mánaðar fresti. Við vinnum nánast alla sunnudaga,“ segir í bréfinu.

Tolonnikova var handtekin snemma á síðasta ári ásamt tveimur félögum sínum úr rússnesku kvennapönksveitinni Pussy Riot. Þær höfðu efnt til uppákomu í Kristskirkjunni í Moskvu, mikilvægustu dómkirkju rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar, þar sem þær gagnrýndu Vladimír Pútín forseta harðlega.

- gb



FYRIR DÓMI Nadesjda Tolokonnikova í réttarsal í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Skilaboðaskjóðan

28. september

Tryggðu þér miða á ævintýralega skemmtun
fyrir alla fjölslylduna.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA • TEIKNING EFTIR ÞORVALD ÞORSTEINSSON

Lau. 28. sept. 2013 » 14:00 & 16:00

Jóhann G. Jóhannsson
Tónlist úr Skilaboðaskjóðunni

Bernharður Wilkinson
hljómsveitarstjóri
Eyþór Ingi Gunnlaugsson,
Jóhanna Vigdís Arnardóttir,
Sigríður Thorlacius og
Örn Árnason *söngvarar*
Gradualekórar Langholtskirkju
Jón Stefánsson *kórstjóri*

Heillandi, litrík og fjörug tónlist úr ævintýrasöngleiknum Skilaboðaskjóðunni eftir Þorvald Þorsteinsson í nýrri útsetningu tónskáldsins, Jóhanns G. Jóhannssonar, fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands.



„Veruleikinn oftast er ævintýri líkur; undarlegur, grautarlegur og bragðgóður sem slíkur.“

— Úr Skilaboðaskjóðunni

Miðasala » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Miðasala í anddyri Hörpu » Sími: 528 5050 » Opið 10–18 virka daga og 12–18 um helgar

Merkingum vara ábótavant:

Sölubann sett á ómerkt leikföng

NEYTENDUR Starfsmenn Neytendastofu fóru í sex minjagripaverslanir í miðbæ Reykjavíkur í vikunni og settu alls 11 vörur í tímabundið sölubann.

Vörurnar sem um ræðir voru ekki með CE-merki en slíkt merki gefur til kynna að vara sé öruggt leikfang fyrir börn. Búðirnar voru The Viking, Rammagerðin, Ísbjörninn og Thorvaldsensbasar. Í verslunum Islandia og Ísey voru gerðar athugasemdir en ekki farið fram á sölubann að svo stöddu. - eh

Heimafæðingum hér á landi hefur fjölgað um tæp 75 prósent á síðustu tíu árum:

Ekki er mælt með heimafæðingu fyrir alla

HEILBRIGÐISMÁL Síðustu tíu ár hefur heimafæðingum fjölgað um tæp 75 prósent hér á landi.

Samkvæmt fæðingaskrá voru heimafæðingar 25 talsins árið 2002. Í fyrra voru skráðar heimafæðingar 99 talsins.

Í nýrri bandarískri rannsókn sem gerð var af vísindamönnum við New York-Presbyterian Hospital og Weill Cornell Medical Center kemur fram að heimafæðingar auki líkur á andvana fæðingum, flogum og öðrum taugafræðilegum röskunum.

Rannsóknin er ein sú stærsta sem gerð hefur verið og tók mið af um 13 milljónum fæðinga þar í landi.

Arndís Þórarinsdóttir og Hrafnhildur Halldórsdóttir, heimafæðingaljósmæður og forsvarskonur Bjarkarinnar, sem hér sinnir heimafæðingum, segja ekki hægt að yfirfæra bandarískar rannsóknir á Ísland. Hér sé allt annað heilbrigðiskerfi, menntunarstig ljósmæðra sé hærra og samstarf við fæðingadeildir gott. Fæðing sé ekki sjúkdómsástand og að þær konur sem kjósi að fæða heima taki upplýstar ákvarðanir.

„Ef það er eitthvað sem við höfum áhyggjur af þá mælum við að sjálfsögðu með því að konan flytjist á spítala og við förum þá með henni þangað," segir Arndís.

Þá segir Hrafnhildur ekki mælt með því við allar konur að þær fæði heima. - mlþ

KORNABARN Bandarísk rannsókn segir aukna áhættu tengda heimafæðingum. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

KOM Almannatengsl/svarthvíte ehf.

Hollvinasamtök
varðskipsins Óðins

Aðalfundur Hollvinasamtaka varðskipsins Óðins verður haldinn miðvikudaginn 9. október næstkomandi.

Fundurinn verður í **Víkinni** - sjóminjasafni Reykjavíkur, Grandagarði 8 og hefst **klukkan 17.00.**

Fundarefni: Venjuleg aðalfundarstörf.

Hollvinir varðskipsins Óðins hafa með samstilltu átaki bjargað þessu merkilega skipi, gert það að lifandi safni um baráttu okkar í þorskastríðunum og helsta djásni sjóminjasafnsins.

Hollvinir, fjölmennið á fundinn. Nýir félagar velkomnir.

Stjórn Hollvinasamtaka Óðins

Óðinn reyndist sérlega vel sem björgunarskip. Hann dró alls tæplega 200 skip til lands eða í landvar vegna bilana, veiðarfæra í skrúfu eða eldsvoða um borð. Einnig dró hann flutninga- og fiskiskip 14 sinnum af strandstað.
Þá bjargaði skipið áhöfnum strandaðra skipa þrisvar sinnum og tvisvar bjargaði það áhöfnum sökkvandi skipa.

Sími 519 7550

TÖLVUNÁMSKEIÐ FYRIR ELDRI BORGARA

BYRJENDUR 60+
Námskeið sérstaklega ætlað 60 ára og eldri sem litla sem enga tölvukunnáttu hafa. Hæg yfirferð með reglulegum upprifjunum og endurtekningum í umsjá þolinmóðra og reyndra kennara. Tölvugrunnur, internetið og tölvupóstur.
Hefst: **8. okt.** • Lýkur: **29. okt.** • Kennt: **Þri. og fös.** (sjö skipti) frá **kl. 13–16**
Verð: **34.900 kr.** (Kennslubók á íslensku innifalin)

FRAMHALD 60+
Hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu. Byrjað er á upprifjun tölvugrunns áður en haldið er lengra í ritvinnslu. Frekari æfingar í notkun internets (t.d. Facebook o.fl.) og í allri meðferð tölvupósts.
Hefst: **1. nóv.** • Lýkur: **22. nóv.** • Kennt: **Þri. og fös.** (sjö skipti) frá **kl. 13–16**
Verð: **34.900 kr.** (Kennslubók á íslensku innifalin)

STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR OG TÖLVAN 60+
Vinsælt og gagnlegt námskeið þar sem tekið er fyrir það helsta sem almennir notendur þurfa að kunna um stafrænar myndavélar. Yfirfærsla mynda í heimilistölvuna, skipulag myndasafns, einfaldar lagfæringar, myndir prentaðar og sendar í tölvupósti.
Hefst: **4. nóv.** • Lýkur: **13. nóv.** • Kennt: **Mán. og mið.** (fjögur skipti) frá **kl. 13–16**
Verð: **22.900 kr.** (Kennsluhefti á íslensku innifalið)

Skeifunni 11B • Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is • promennt.is

PRÁRITBWA • SÍA • 132754

PROMENNT

Afþakkar heimboð vegna njósnamáls

Forseti Brasilíu gagnrýndi Bandaríkin harðlega úr ræðustól á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í gær. Hún sakar Bandaríkin um alvarleg mannréttindabrot og krefst afsökunarbeiðni og fullvissu þess að njósnir um samskipti séu úr sögunni.

BRASILÍA Dilma Rousseff, forseti Brasilíu, tilkynnti í ræðustól á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í gær að hún ætlaði sér ekki að mæta í matarboð hjá Barack Obama Bandaríkjaforseta sem átti að halda 23. október næstkomandi.

Þetta gerir hún til að mótmæla njósnum Bandaríkjamanna víða um heim, þar á meðal í Brasilíu, sem komst upp um eftir að Edward Snowden lak skjölum frá bandarísku leyniþjónustunni til fjölmiðla í vor.

Hún fordæmdi njósnirnar harðlega í ræðu sinni: „Við stöndum frammi fyrir alvarlegum brotum á mannréttindum og borgararéttindum," sagði hún, „og sér í lagi virðingarleysi gagnvart þjóðarfullveldi".

Hún segist hafa krafist þess að bandarísk stjórnvöld kæmu með afsökunarbeiðni og gæfu bæði skýringar og tryggingar fyrir því að slíkt yrði aldrei endurtekið.

„Ríkisstjórn mín mun gera allt sem í valdi hennar stendur til þess að vernda mannréttindi allra Brasilíumanna og verja okkur gegn ólöglegum hlerunum samskipta og gagna," sagði hún í ræðu sinni.

Málið þykir hið vandræðalegasta fyrir Obama, sem hefur ekki boðið leiðtogum margra annarra þjóða til hátíðarkvöldverðar í Hvíta húsinu. Rousseff Brasilíuforseti átti að verða eini þjóðarleiðtoginn sem fengi slíkt boð á þessu ári en nú lítur út fyrir að enginn slíkur hátíðarkvöldverður verði haldinn á árinu í Hvíta húsinu.

DILMA ROUSSEFF OG BAN KI-MOON Forseti Brasilíu kemur til fundar í gær ásamt framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Heimboðið var ákveðið í maí síðastliðnum, aðeins fáeinum vikum áður en blaðamaðurinn Glenn Greenwald birti fyrstu fréttirnar af hlerunum Bandaríkjamanna.

Rousseff tók hins vegar ákvörðun sína um að hætta við heimboðið eftir að röð fréttaskýringaþátta hafði birst í brasilísku sjónvarpi, þar sem ítarlega var fjallað um hleranir bandarísku leyniþjónustunnar í Brasilíu. Meðal þeirra sem stóðu að gerð þeirra þátta var Greenwald.

Þar kom meðal annars fram að samskipti Rousseffs við aðstoðarmenn hennar hefðu verið hleruð.

> **Ríkisstjórn mín mun gera allt sem í valdi hennar stendur til þess að vernda mannréttindi allra Brasilíumanna og verja okkur gegn ólöglegum hlerunum samskipta og gagna.**
>
> *Dilma Rousseff, forseti Brasilíu.*

Hún sagði í ræðu sinni að njósnastarfsemi af þessu tagi væri brot á þeim meginreglum sem hlytu að liggja samskiptum vinaþjóða til grundvallar.

gudsteinn@frettabladid.is

Mál konunnar sem danskur barnsfaðir kærði vegna forræðisdeilu:

Vita ekki hvar stúlkurnar eru

LÖGREGLUMÁL Innanríkisráðuneytið hefur ekkert heyrt frá yfirvöldum í Danmörku varðandi kæru dansks manns á hendur íslenskri barnsmóður sinni til lögreglunnar í Danmörku. Þetta staðfesta bæði upplýsingafulltrúi ráðuneytisins og Lára V. Júlíusdóttir hæstaréttarlögmaður, sem fer með mál föðurins.

Lára bætir því við að ekki sé vitað hvar stúlkurnar eru.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í síðustu viku hefur maðurinn grun um að konan hafi numið dætur þeirra þrjár á brott og farið með þær til Íslands í leyfisleysi.

Faðirinn hefur fullt forræði yfir börnunum en móðirin aðeins umgengnisrétt. Það fyrirkomulag er niðurstaða áralangra forræðisdeilna fyrir dómstólum sem hafa verið afar harðvítugar, ekki síst vegna ásakana konunnar um að maðurinn hafi beitt sig og börnin ofbeldi. Maðurinn neitar þeim ásökunum.

FRÁ KEFLAVÍKURFLUGVELLI Konan er talin hafa komið með dætur sínar til landsins fyrr í mánuðinum, en hún átti að skila þeim til föður þeirra 4. ágúst síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Heimildir blaðsins herma að konan hafi haft stúlkurnar hjá sér í sumar en hafi ekki skilað þeim aftur hinn fjórða ágúst eins og til stóð. Jafnframt hafi konan komið til Íslands fyrr í þessum mánuði og að dæturnar þrjár séu með henni. - þj

TILBOÐSVERÐ TIL SEPTEMBERLOKA

ELDHÚSDAGAR Í ORMSSON

Opnum nýjan og stærri sýningarsal um miðjan október

20% afsláttur *af öllum **HTH** innréttingum í september!*

ELDHÚSIÐ ER HJARTA HEIMILISINS

HTH er metnaðarfullt danskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á innréttingum í eldhús og baðherbergi – auk fataskápa.

HTH er einn stærsti framleiðandi innréttinga í Evrópu, enda er dönsk hönnun og danskt handverk eftirsótt og mikils metið um heim allan.

Komdu og upplifðu af eigin raun þá snilld, þegar saman fer listræn sýn hönnuða, nákvæmar og framúrstefnulegar lausnir, framleiðsla sem stenst fyllilega allan samanburð og uppfyllir ströngustu gæða- og umhverfisstaðla.

Velkomin í ORMSSON LÁGMÚLA 8 og kynnist því nýjasta og flottasta í eldhúsinnréttingum frá **HTH** – og því heitasta í **AEG** eldhústækjum. Við hönnum án skuldbindinga fyrir þig tillögur að nýja draumaeldhúsinu þínu og gerum þér ***frábært verðtilboð***.

20% afsláttur af hágæða AEG eldhústækjum*

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

*með kaupum á HTH eldhúsinnréttingum

ORMSSON

Opið:
Mánudaga–föstudaga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 11-15

ORMSSON **AKUREYRI** / Furuvöllum 5 · Sími 461-5000

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · 2. HÆÐ · SÍMI: 530-2819 & 530-2821

SKOÐUN

Festast breytt valdahlutföll í borgarstjórn í sessi?

Miðjan í borginni

Könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir Ríkisútvarpið á fylgi flokkanna í Reykjavíkurborg bregður athyglisverðu ljósi á stöðu borgarmálanna.

Bezti flokkurinn nýtur nú aftur mests stuðnings allra framboða í Reykjavík, hefur sama fylgi og hann fékk í kosningunum 2010 og fengi aftur sex borgarfulltrúa ef gengið kosið yrði nú. Sjálfstæðisflokkurinn hefur glatað forystunni sem hann hafði í könnunum mestan part kjörtímabilsins, fengi minna fylgi en í síðustu kosningum og jafnmarga fulltrúa, eða fimm.

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Samfylkingin tapar fylgi og fengi tvo menn í stað þriggja, en Vinstri grænn gætu unnið mann, þótt fylgið hafi minnkað. Framsóknarflokkurinn mælist með svipað fylgi og í síðustu kosningum, sem dugir ekki til að koma manni í borgarstjórn, og hefur dalað verulega síðan í könnun í apríl, þegar flokkurinn var á mikilli siglingu á landsvísu.

Merkilegustu tíðindin eru að Bezti flokkurinn er ekki sú bóla sem margir spáðu. Flokkurinn varð stærstur í borgarstjórn í krafti vantrausts kjósenda á gömlu flokkunum. Það vantraust er enn til staðar og á því græðir Bezti flokkurinn, þrátt fyrir að hafa í mörgu ekki staðið sig vel við rekstur borgarinnar.

Jón Gnarr borgarstjóri hefur komið á óvart. Hann lýsti því yfir í upphafi að hann ætlaði að láta öðrum eftir daglegan rekstur en rækta „óskilgreint tilfinningalegt hlutverk“ borgarstjórans gagnvart borgarbúum, vera í betra sambandi við þá og taka meiri þátt í daglegu lífi þeirra. Þetta fannst mörgum fráleitt, en staðreyndin er að það hefur gengið eftir og margir Reykvíkingar kunna vel að meta að einhver rækti tilfinningasambandið við þá; sérstaklega af því að það eru ekki margir aðrir stjórnmálamenn sem gera það.

Um leið og Bezti flokkurinn festist í sessi dýpkar kreppa gömlu flokkanna. Samfylkingin er óralangt frá því fylgi sem hún telur sig eiga að njóta í borginni. Þvert á það sem spáð var í upphafi, að Samfylkingin myndi stjórna borginni í raun, hefur hún staðið í skugga Bezta flokksins í meirihlutasamstarfinu.

Ríkisstjórnarflokkarnir græða augljóslega ekki á stjórnarsetunni og það mun ekki breytast fram að borgarstjórnarkosningum, á tíma þar sem ríkisstjórnin mun taka margar óvinsælar ákvarðanir. Þeir líða líka báðir fyrir forystuleysi; Framsóknarflokkurinn á engan leiðtoga í borginni og Sjálfstæðisflokkurinn í raun ekki heldur eftir að Hanna Birna Kristjánsdóttir fór í landsmálin.

Eftir að R-listinn leystist upp endurheimti Sjálfstæðisflokkurinn stöðu sína sem stærsti flokkurinn í borgarstjórn þótt sú tíð sé liðin þegar hann náði hreinum meirihluta. Í síðustu kosningum varð hann hins vegar næststærstur og gæti orðið það aftur. Átök innan flokksins um aðferðir við val á framboðslista í borginni eru til marks um ákveðna örvæntingu yfir þessari stöðu; margir í harða kjarna flokksins telja greinilega að sumir af borgarfulltrúunum hafi gert of mikið af því að vinna með meirihlutanum, ekki sízt í skipulagsmálum, og vilja breytta stefnu með harðari einkabílisma og andstöðu við að flugvöllurinn fari úr Vatnsmýrinni.

Afstaða til Reykjavíkurflugvallar virðist reyndar litlu breyta um það hvaða flokka fólk styður í borgarstjórn. Og er vit í því fyrir sjálfstæðismenn í borginni að taka hægribeygju og halla sér að stefnu íhaldssamrar ríkisstjórnar sem tapar vinsældum sínum hratt? Eða eiga þeir að sækja inn á miðjuna í borgarmálunum eins og flokkurinn gerði lengst af með góðum árangri?

FRÁ DEGI TIL DAGS

Rætni

Umfjöllun DV um fjármál knattspyrnukappans Eiðs Smára Guðjohnsen í vikunni hefur sætt gagnrýni úr ýmsum áttum. Blaðamaðurinn Ómar R. Valdimarsson sagði hana meðal annars með því rætnara sem birst hefði í íslenskum fjölmiðli og til þess var vitnað á Kaffistofu Pressunnar. Karl Th. Birgisson greip hins vegar til varna fyrir DV – sagði fréttina fullkomlega réttmæta. En við skulum ekki gleyma að það hafa fleiri réttlætt frétta-flutning af þessu tagi. Til dæmis Hæstiréttur Íslands, sem hefur þegar tekið afstöðu til þess hvort fjalla megi um fjármál Eiðs Smára.

Dæmigert ferli

Lítum á hvað Hæstiréttur sagði um málið í nóvember 2011: „Sú umfjöllun sem [Eiður] telur að gangi nær friðhelgi einkalífs síns en hann verði að þola varðar þó lántökur hans á háum fjárhæðum hjá íslensku viðskiptabönkunum eða dótturfélögum þeirra, fjárfestingu í áhættusömum verkefnum sem ekki skiluðu tilætluðum árangri og glímu hans eftir það við að endurgreiða lánin. Er þetta dæmigert ferli um afleiðingar útlánastefnu íslenskra viðskiptabanka og áhættusækni íslenskra fjárfesta, sem kann að hafa átt þátt í því hvernig fór. Við þessar aðstæður getur skerðing á frelsi fjölmiðla til að fjalla um þessi fjárhagsmálefni [Eiðs] ekki talist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi.“

Ekki brot

Og enn fremur: „Launamál þekktra atvinnuknattspyrnumanna, sem ganga kaupum og sölum milli félagsliða, eru reglulega til umfjöllunar í fjölmiðlum og tengjast með þeim hætti því starfi sem [Eiður] er þjóðþekktur fyrir, þannig að umfjöllun um þau á þann hátt sem gert var í fyrrnefndum greinum getur ekki talist brot á friðhelgi einkalífs hans.“ Sem sagt: Æðsti dómstóll landsins telur fullkomlega eðlilegt að fjallað sé um fjárhagsvandræði Eiðs Smára Guðjohnsen. Það er mikilvægt að muna það þegar gagnrýni á slíka umfjöllun er lesin.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR



Falda aflið er 90 prósent fyrirtækja landsins

ATVINNA

Birgir Bjarnason
formaður Félags atvinnurekenda

Þrátt fyrir að 90% fyrirtækja á Íslandi séu í hópi minni eða meðalstórra fyrirtækja hefur þessi hópur mætt afgangi við stefnumótun stjórnvalda síðustu ár. Hagvöxtur lætur á sér standa. Það þarf nýja stefnu. Tími er kominn til að beina kröftum að því falda afli sem býr í minni og meðalstórum fyrirtækjum.

Félag atvinnurekenda ýtir þessa daga úr vör átaki sem snýr að þessum fyrirtækjum. Átakið er ákall til stjórnvalda um að tryggja þessum fyrirtækjum góð og uppbyggjandi skilyrði þannig að þau megi dafna og þroskast á sama tíma og þau styrkja undirstöður þjóðfélagsins.

FA hefur dregið fram tólf atriði í tillögum sem eiga að móta samvinnuvettvang þar sem aðilar geta skipst á skoðunum og mótað stefnu til framtíðar í þágu minni og meðalstórra fyrirtækja.

Innan vébanda FA eru 180 fyrirtæki með um fjögur þúsund manns í vinnu. Með réttum breytingum nýtum við bjargráðin sem felast í þeim. Með því að styðja við átak FA geta enn fleiri fyrirtæki haft jákvæð áhrif á þróun samfélagsins og um leið gjörbylt starfsumhverfi sínu.

Takmörk á eignarhaldi banka á fyrirtækjum, skilvirkari fjármögnunarleiðir, aðgerðir gegn kennitöluflakki, lækkun tryggingagjalds og afnám vörugjalda eru aðeins nokkur þeirra atriða sem við munum leggja áherslu á. Nánari útlistanir má sjá á atvinnurekendur.is auk þess sem unnt verður að fylgjast með framvindu einstakra mála á hverjum tíma.

➜ Tökum höndum saman. Við erum góð í því sem þjóð. Skjótum styrkum stoðum undir samfélagið sem hægt er að byggja á til framtíðar. Þegar einu verkefni er lokið tekur annað við.

Tökum höndum saman. Við erum góð í því sem þjóð. Skjótum styrkum stoðum undir samfélagið sem hægt er að byggja á til framtíðar. Þegar einu verkefni er lokið tekur annað við. Við munum ekki sitja auðum höndum þrátt fyrir að markmiðum verði náð heldur setja okkur ný markmið. Við hjá FA vonum að sem flestir sjái hag í því að styðja við þau verkefni sem hverju sinni eru í farveginum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Mikilvægt að efla Rannsóknasjóð

VÍSINDI
Anna Ingólfsdóttir, prófessor, HR
Ástríður Pálsdóttir, sérfræðingur, Keldum
Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor, HÍ
Eiríkur Steingrímsson, prófessor, HÍ
Hafliði Pétur Gíslason, prófessor, HÍ
Höskuldur Þráinsson, prófessor, HÍ
Jórunn Eyfjörð, prófessor, HÍ
Karl Ægir Karlsson, dósent, HR
Luca Aceto, prófessor, HR
Magnús Karl Magnússon, prófessor, HÍ
Oddur Vilhelmsson, dósent, HA
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, lektor, HÍ
Unnur Valdimarsdóttir, prófessor, HÍ
Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar og prófessor, HÍ

Mikilvægasti vísindasjóður á Íslandi er Rannsóknasjóður. Hann úthlutar fjármagni til vísindarannsókna samkvæmt vönduðu alþjóðlegu mati á gæðum verkefna. Þannig er tryggt að bestu vísindaverkefnin eru fjármögnuð hverju sinni og öflugustu rannsóknarhóparnir geti sinnt verkefnum sínum.

Um mikilvægi þessa sjóðs þarf vart að fjölyrða, enda hefur ríkt mikil pólitísk sátt um starfsemi hans í fjölda ára.

Í stefnu flestra stjórnmálaflokka er talað um að auka hlutfall samkeppnissjóða við fjármögnun vísinda á Íslandi. Eftir mjög erfiða tíma í kjölfar efnahagshruns tókst loks á þessu ári að tryggja aukna fjármögnun til Rannsóknasjóðs með svokallaðri Fjárfestingaráætlun en hún bætti 550 milljónum við þær u.þ.b. 800 milljónir sem áður voru í sjóðnum. Sú ráðstöfun kom honum í sambærilega stöðu og hann var í fyrir hrun.

Hópar vísindamanna í hættu

Við núverandi fjárlagagerð er mikil hætta á að þessi mikilvægasti vísindasjóður á Íslandi verði ekki fjármagnaður eins og áætlað var þar sem tekjustofnar Fjárfestingaráætlunar eru ekki lengur fyrir hendi. Ef vexti sjóðsins verður snúið við er líklegt að engir nýir styrkir verði veittir til vísindarannsókna á Íslandi árið 2014 og jafnvel árið 2015. Þetta skýrist af því að úthlutanir ársins 2013 leiða til skuldbindinga tvö til þrjú ár fram í tímann og ljóst að fasta framlagið dugar tæplega fyrir þeim. Ef engir nýir styrkir fást til rannsókna eru rannsóknarhópar fjölda vísindamanna í hættu. Slíkt ástand mun bitna sérstaklega á ungum vísindamönnum sem eru að hasla sér völl við rannsóknir. Þessi hópur getur ekki beðið í eitt eða tvö ár eftir að sjóðurinn rétti úr kútnum. Ekki er ljóst hvað gerist ef engir nýir styrkir eru veittir á næstu árum enda hefur sú staða ekki komið upp áður.

Stórjuku framlög

Bandarísk samtök leiðtoga í viðskiptum og menntun (Committee for Economic Development) hafa komist að þeirri niðurstöðu að 50% af hagvexti Bandaríkjanna eftir seinna stríð megi rekja beint til grunnrannsókna sem að stærstum hluta eru fjármagnaðar af opinberum rannsóknasjóðum. Í efnahagsþrengingum sínum fyrir tveimur áratugum ákváðu Finnar að stórauka áherslu sína á grunnrannsóknir og völdu þá leið að nota samkeppnissjóði til að ná markmiðum sínum um aukin gæði grunnvísinda og aukna nýsköpunarstarfsemi. Þeir útbjuggu því samkeppnissjóði um alla rannsóknatengda starfsemi háskóla og stofnana og stórjuku framlög til sjóðanna. Afleiðingarnar hafa ekki látið á sér standa enda eru Finnar meðal fremstu þjóða Evrópu á þessu sviði (sjá t.d. European Innovation Scoreboard).

Eftir efnahagsþrengingar á Íslandi hefur verið rætt um mikilvægi þess að efla nýsköpunarstarf. Rannsóknatengd nýsköpun er afar mikilvæg enda getur hún leitt til mikillar verðmætasköpunar í formi verðmætra afurða, atvinnu fyrir vel menntað starfsfólk og aukinna skatttekna fyrir hið opinbera. Íslensk dæmi um slíka nýsköpun eru vel þekkt. Á Íslandi hafa samkeppnissjóðirnir alltaf verið lítið hlutfall af framlagi hins opinbera til vísindastarfsemi eða um 15%. Á Norðurlöndunum eru samkeppnissjóðirnir hins vegar 30-50% af framlagi hins opinbera til vísindastarfsemi. Stefna Vísinda- og tækniráðs hefur verið að breyta þessu. Mikilvægt er að láta ekki tímabundna efnahagsörðugleika koma í veg fyrir vöxt í framtíðinni. Við hvetjum Alþingi til að snúa ekki af þeirri braut að treysta grunnrannsóknir í samfélaginu. Efling Rannsóknasjóðs mun skila sér margfaldlega á öllum sviðum mannlífs á Íslandi.

➜ Mikilvægt er að láta ekki tímabundna efnahagsörðugleika koma í veg fyrir vöxt í framtíðinni. Við hvetjum Alþingi til að snúa ekki af þeirri braut að treysta grunnrannsóknir í samfélaginu.

Peningar eða réttindi

SAMFÉLAG

Áslaug Ýr Hjartardóttir
nemandi í MH

Margt fólk gerir sér ekki grein fyrir því hvað það er að vera með sjón- eða heyrnarskerðingu, hvað þá hvorutveggja. Það er hins vegar staðreynd að fólk með slíka fötlun er í stöðugri hættu á að einangrast. Þess vegna er mikilvægt að styðja við það og veita m.a. þá þjónustu sem þetta fólk þarf til að geta tekið þátt í samfélaginu og lifað sjálfstæðu lífi. Ein af þessum þjónustum er túlkaþjónustan sem Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra annast (SHH).

Ég, sem daufblindur einstaklingur, notast mikið við túlkaþjónustuna sem er mér mikils virði. Túlkaþjónustan hjálpar mér ekki aðeins í samskiptum við heyrandi fólk heldur líka við heyrnarlausa. Ástæðan er sú að ég er ekki bara heyrnarlaus heldur sé ég líka illa og sé ekki táknmál nema það sé armslengd frá mér. Ég get því hvorki átt í samskiptum við fólk sem notar ekki táknmál né tekið þátt í umræðum á táknmáli þar sem fleiri en tveir ræða saman. Til gamans má líka benda á að á aðalfundum Fjólu, félags fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, er ávallt að finna þó nokkra millitúlka, en félagsstarfsemi félagsins getur eiginlega ekkert gengið án túlkaþjónustunnar, nema þá ef aðrir en daufblindir sjálfir myndu annast félagið. En hver borgar fyrir táknmálstúlka?

Þjakandi óöryggi

Eins og fyrr var getið sér SHH um túlkaþjónustuna. Í 4. gr. reglugerðar SHH stendur m.a. að SHH sjái um að veita táknmálstúlkaþjónustu annaðhvort gegn gjaldi eða endurgjaldslaust. Það þýðir að við þurfum annaðhvort að borga fyrir þessa þjónustu eða ekki. Það hefur verið tryggt að heyrnarlausir fá táknmálstúlkun í námi og þegar hitta þarf lækni. En ég ætla svo sem ekki að lýsa því í smáatriðum heldur beina athyglinni að annars konar túlkun, nefnilega félagslegri táknmálstúlkun. Með því er átt við táknmálstúlkun í daglegu lífi s.s. til að hringja, fara á fundi, fara á námskeið, taka þátt í klúbbastarfi, fara til einkaþjálfara o.s.frv. Sérstakur sjóður greiðir fyrir þessa þjónustu, svokallaður Félagslegur sjóður eða Þorgerðarsjóður. Þessi sjóður hefur algjörlega bjargað lífi mínu en vegna hans get ég tekið þátt í félagslífi og lifað sjálfstæðu lífi. Ég get nefnilega ekki tekið þátt í neinu félagsstarfi án millitúlkunar og ef þessi sjóður hefði ekki verið væri ég fyrir löngu búin að einangrast, loka mig inni og sjálfsagt komin með brenglaða sjálfsmynd og þjakandi óöryggi.

Heimurinn hrundi

En svo gerðist nokkuð sem varð til þess að heimurinn hrundi. Félagslegi sjóðurinn varð tómur. SHH bað mennta- og menningamálaráðuneytið um meiri peninga, þar sem ráðuneytið sér um fjárveitingarnar, en þeirri beiðni var synjað. Þetta tók kannski bara fimm mínútur, þ.e. að synja beiðninni, en á þessum örfáu mínútum datt brúin á milli mín og umheimsins í sundur og mér var bara fleygt út í horn þar sem ég má dúsa í rúma fjóra mánuði. Ég fæ kannski túlkun í skólanum en það hljóta allir að vera sammála mér um að maður getur ekki bara lifað á skóla einum saman, fyrir utan heimilið. Ég vil geta gert hluti eins og aðrir unglingar, tekið þátt í félagsstarfi, farið í veislur, skellt mér á spennandi námskeið… Já, ég er ekki nema 17 og lífið bara rétt að byrja. Nú þyrfti ég að eyða helling af sparifénu mínu fyrir ekki nema korters afnot af þessari þjónustu en hvaða 17 ára námsmaður á nógan pening til að borga fyrir táknmálstúlkun í rúma fjóra mánuði?

Þetta kalla ég einu orði mismunun. Mér líður eins og mér hafi verið útskúfað úr samfélaginu í fjóra mánuði, bara út af því sem ég er. Í Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks stendur m.a. í 3. gr. að mismunun sé ekki liðin. Af hverju á það ekki við um mig? Ísland hefur kannski ekki enn þá undirritað þennan sáttmála en það breytir ekki þeirri staðreynd að til eru viðurkennd lög um réttindi fatlaðs fólks. Ég ætla ekki að telja upp allt sem stendur í sáttmálanum, hægt er að lesa hann á netinu, t.d. á heimasíðu Blindrafélagsins, blind.is. En af hverju bý ég við mismunun? Hvort skiptir meira máli, peningar eða réttindi okkar?

➜ Mér líður eins og mér hafi verið útskúfað úr samfélaginu í 4 mánuði, bara út af því sem ég er.

Börn svelta í stríðshrjáðu landi

HJÁLPARSTARF

Erna Reynisdóttir
framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Átökin í Sýrlandi hafa nú staðið yfir í meira en tvö og hálft ár þar sem börn hafa orðið vitni að ólýsanlegum atburðum. Þau hafa séð nána fjölskyldumeðlimi og vini líflátna og sjálf verið pyntuð og myrt. Fjölskyldur sem hafa flúið land búa við bágbornar aðstæður í flóttamannabúðum í Líbanon, Jórdaníu og Írak. Ofan á hríðversnandi stríðsástand bætist nú við hungursneyð. Sameinuðu þjóðirnar áætla að um fjórar milljónir Sýrlendinga, þar af tvær milljónir barna, búi við hungur og ljóst er að börn deyja daglega úr næringarskorti eða skorti á heilbrigðisþjónustu.

Ákall á hjálp

Í helstu borgum Sýrlands er ástandið skelfilegt. Ofbeldi á götum úti og átök á milli stríðandi fylkinga valda því að heilu fjölskyldurnar eru lokaðar inni og búa við bráðan matarskort. Matarbirgðir í landinu eru á þrotum, ræktunarsvæði eyðilögð og aðgangur að drykkjarvatni af skornum skammti.

Í nýútkominni skýrslu alþjóðasamtaka Barnaheilla – Save the Children, Hungursneyð í stríðshrjáðu landi, lýsa sýrlenskar mæður, feður, afar, ömmur og börnin sjálf því ástandi sem þau búa við. Skýrslan er ákall á hjálp. Hjálp frá alþjóðasamfélaginu, hjálp frá mér og þér. Skýrsluna er að finna í heild sinni á vef Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, barnaheill.is.

➜ Neyðin er gífurleg og fjöldi barna mun deyja á næstu vikum og mánuðum ef ekkert er að gert.

Neyðaraðstoð

Save the Children starfa bæði í flóttamannabúðum og innan landamæra Sýrlands við að veita neyðaraðstoð og hafa samtökin sent út neyðarkall til almennings um stuðning til handa sýrlenskum börnum. Stríðið í Sýrlandi er ein versta hörmung sem dynur yfir börn í heiminum í dag.

Neyðin er gífurleg og fjöldi barna mun deyja á næstu vikum og mánuðum ef ekkert er að gert. Látum okkur hag sýrlenskra barna skipta og leggjum okkar af mörkum til að bjarga börnum í neyð.

Ég vil hvetja alla þá sem eru aflögufærir að hringja í söfnunarsímana 904 1900 (kr. 1.900) eða 904 2900 (kr. 2.900) og styðja þannig við hjálparstarf í Sýrlandi. Einnig er hægt að styrkja með frjálsum framlögum á reikning samtakanna 336-26-58, kt. 521089-1059.

INNSÝN Í AÐRA MENNINGARHEIMA

ALÞJÓÐLEGUR DAGUR MENNINGARLÆSIS
VÖFFLUR OG MEÐ´Í FIMMTUDAG KL. 17-19

Dvöl á vegum AFS er spennandi og dýrmæt lífsreynsla. Skiptinemar öðlast reynslu, menntun og ómetanlega innsýn í aðra menningarheima sem nýtist þeim sem veganesti inn í framtíðina.

VILTU KYNNA ÞÉR MÁLIÐ?
Opið hús og vöfflukaffi í tilefni af **alþjóðlegum degi menningarlæsis**, fimmtudaginn 26. september klukkan 17-19 í húsnæði samtakanna Ingólfsstræti 3, 2. hæð. Allir velkomnir!

AFS á Íslandi

Ingólfsstræti 3, 2. hæð | 552 5450 info-isl@afs.org | afs.is | facebook.com/skiptinemi

Vinnustofan.is / 0913 / Baldur Kristjáns

Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,

EINAR VILHJÁLMSSON
rafeindavirki,
Marbakkabraut 18, Kópavogi,

sem lést 13. september síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 26. september kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins.

Ester Jónsdóttir
Jón Þór Einarsson
Eyjólfur Einarsson
Vilhjálmur Einarsson
Þóra Elísabet Kjeld
Jóna Einarsdóttir
Ester Sif Harðardóttir
og barnabörn.

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,

PÉTUR SIGURBJÖRNSSON
Garðaflöt 1, Garðabæ,

lést á líknardeild Landspítalans laugardaginn 14. september sl. verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju föstudaginn 27. september kl. 13.00. Innilegu þakklæti viljum við skila til Karitas heimahjúkrunar fyrir ómælda aðstoð og hlýja umönnun í gegnum árin.

Elín Halldóra Hafdal
Kristján Grétar Pétursson
Pétur Sigurbjörn Pétursson
Rakel Björk Pétursdóttir
Heimir Þór Pétursson
Brynhildur Pétursdóttir
Steinunn Erna Otterstedt
Berglind Ósk Kjartansdóttir
Marinó Jónsson
Vilborg Drífa Gísladóttir
Jóhann Pálsson
og afabörn.

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir,
sambýlismaður, afi og langafi,

ÓSKAR GUÐMUNDSSON
Einarshöfn, Eyrarbakka,

verður jarðsunginn frá Selfosskirkju föstudaginn 27. september kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Vinafélag Ljósheima og Fossheima.

Esther Óskarsdóttir
Guðmundur Kr. Óskarsson
Díana Óskarsdóttir
María Gísladóttir
Sigurður Jónsson
Inga Dóra Sverrisdóttir
Hannibal Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og stjúpmóðir,

GUÐRÚN ÞORGEIRSDÓTTIR
Asparfelli 4, Reykjavík,

sem lést á heimili sínu, þann 12. september sl. verður jarðsungin frá Langholtskirkju, fimmtudaginn 26. september kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hennar láti Ljósið á Langholtsvegi njóta þess.

Þorgeir Ingvason
Þorgeir Pétursson
Sturla Pétursson
Áki Pétursson
Sigrún Linda Þorgeirsdóttir
Þórir Viðar Þorgeirsson
Stella Skúladóttir
Anna K. Björnsdóttir
Kristín Bjarney Sigurðardóttir
og barnabörn.

Legsteinar og fylgihlutir

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu
og frí sending út á land
á öllum keyptum legsteinum

Mikið úrval - Gerið verðsamanburð

Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is

ÁSTRÁÐUR EYSTEINSSON Forseti Hugvísindasviðs Háskóla Íslands kynnti leitina á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Leitað að fegurstu orðum íslenskunnar

Hugvísindasvið Háskóla Íslands leitar að fegurstu orðum íslenskrar tungu.

Leit Hugvísindasviðs Háskóla Íslands eftir hugmyndum um fegurstu orð íslenskrar tungu er hafin. Ástráður Eysteinsson, forseti Hugvísindasviðs, kynnti leitina á blaðamannafundi í gær.

Allir geta sent inn tillögu um fegursta orð tungumálsins á vefsíðunni fegurstaordid.hi.is. Lokadagur til að skila tillögum er 22. október næstkomandi. Orðanefnd velur nokkur orð og ástæður úr innsendum tillögum í öllum aldursflokkum og gefst almenningi síðan kostur á að greiða atkvæði um þær tillögur. Stefnt er að því að gefa úrval orðanna út á bók, ásamt umsögnunum sem fylgja þeim.

Veittar verða viðurkenningar fyrir þær tillögur sem dómnefnd þykir skara fram úr. Þá er horft í senn til orðanna sjálfra og þeirra ástæðna sem gefnar eru fyrir vali þeirra. Öll orð koma til greina: nafnorð, sagnorð, lýsingarorð, smáorð, upphrópanir, nýyrði, slangurorð, tökuorð, töluorð, töfraorð o.s.frv.

Tilgangur leitarinnar er í fyrsta lagi að safna tillögum almennings um fegurstu orð tungumálsins, ásamt ástæðum fyrir vali hvers og eins. Í öðru lagi að skapa víðtæka umhugsun og umræðu, í gamni og alvöru, um íslenska tungu og eiginleika hennar. Í þriðja lagi að efla vitund um eðli, notkun, virkni og veruleika tungumálsins sem við hrærumst í og um fegurð þess og mikilvægi í ýmsum skilningi og ýmsu samhengi.

Í fjórða lagi er tilgangurinn sá að minna á stöðu íslenskunnar sem er mál meðal annarra mála, bæði í alþjóðasamhengi en einnig á Íslandi, þar sem fjöldi fólks á sér annað móðurmál, m.a. íslenskt táknmál.

freyr@frettabladid.is

Ferð innanlands og vegleg bókaverðlaun

Þátttakendum í keppninni verður skipt í þrjá aldurshópa: Þá sem eru fæddir eftir ársbyrjun 1998, þá sem eru fæddir á árabilinu 1988 til 1997 og þá sem verða 26 ára eða eldri á árinu 2013. Hver þátttakandi getur einungis lagt fram eina tillögu. Einn þátttakandi í hverjum flokki hlýtur ferð fyrir tvo innanlands í verðlaun en einnig verða veitt þrenn vegleg bókaverðlaun.

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns,

ÓSKARS VIGFÚSSONAR
Hrafnistu í Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á vistinni og hjúkrunardeild 2B Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir alúð og umhyggju.

Elín Kristjánsdóttir

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

SIGURLAUG GÍSLADÓTTIR
(LULLA)
frá Hellissandi, Ársölum 1, Kópavogi,

lést miðvikudaginn 18. september. Hún verður jarðsungin frá Digraneskirkju í dag, miðvikudaginn 25. september, kl. 13.00.

Sigrún Ingadóttir
Gísli Ingason
Einar Ingason
Guðbjörn Sölvi Ingason
Ragnar Kristinn Ingason
Jón A. K. Lyngmo
Hrafnhildur Hauksdóttir
Agnes Lilý Guðbergsdóttir
Unnur Baldursdóttir
Gróa Hlín Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts eiginmanns, föður, tengdaföður og afa okkar,

KRISTINS ERLENDSSONAR
Úlfsey, Austur-Landeyjum.

Sérstakar þakkir handa starfsfólki HSU Selfossi.

Ásta Guðmundsdóttir
Haraldur Kristinsson
Brynja Kristinsdóttir
Garðar Kristinsson
tengdabörn og barnabörn.

Elskulegur eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

PÉTUR ÞORBJÖRN KRISTJÁNSSON
Borgarholtsbraut 66, Kópavogi,

lést á Landspítalanum 17. september sl. Jarðarför fer fram frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 1. október kl. 13.00.

Laila Helga Schjetne
Guðrún Pétursdóttir
Þorbjörn Pétursson
Harpa Pétursdóttir
Lárus Hjörtur Helgason
Kristín Helgadóttir
Þórarinn Helgi Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Okkar ástkæri

JÓHANN BENEDIKT PÉTURSSON
klæðskeri og fv. póstmeistari,
Nesvöllum, Keflavík,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fimmtudaginn 19. september sl. Útför hans fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 3. október kl. 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja heiðra minningu hans er bent á Velferðarsjóð Suðurnesja í umsjá Keflavíkurkirkju.

Pétur Jóhannsson
Guðrún Rósalind Jóhannsdóttir
Helgi Jóhannsson
Sóley Jóhannsdóttir
Jóhann Jóhannsson
Sigrún Jónatansdóttir
Hjördís M. Bjarnason
Ólafur J. Briem
Hildigunnur Árnadóttir
og barnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

ROLEX

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 25. september 2013 | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | visir www.visir.is

VIÐ KOMUM VÍÐA VIÐ!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

ÓVISSA UM UPPSKERU Á RÁÐSTEFNU

- Ísland var kynnt sem fjárfestingarkostur á ráðstefnu í Lundúnum.
- Fjárfestar eiga að reikna með krónunni áfram segir forsætisráðherra.
- Næstu fjárlög ráða miklu um möguleikana á afnámi gjaldeyrishafta.

SÍÐA 4

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

Spáir óbreyttum stýrivöxtum

Hagfræðideild Landsbankans spáir að peningastefnunefnd Seðlabankans muni á næsta vaxtaákvörðunarfundi sínum ákveða að halda stýrivöxtum óbreyttum. Nefndin fundar 2. október næstkomandi.

Í Hagsjá Landsbankans, sem birt var í gær, segir að helstu óvissuþættirnir séu fólgnir í þróun verðbólgu, niðurstöðum komandi kjarasamninga og áformum ríkisstjórnarinnar í fjármálum ríkisins.

Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar verður lagt fram í byrjun október og telur hagfræðideildin að Seðlabankinn verði ekki búinn að mynda sér skoðun á áhrifum frumvarpsins á verðbólguþróun fyrir ákvörðunarfundinn.

Nýr framkvæmdastjóri hjá SAF

HELGA ÁRNADÓTTIR

Helga Árnadóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF). Hún tekur við starfinu af Ernu Hauksdóttur 1. desember næstkomandi. Erna hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra frá stofnun samtakanna árið 1998.

Í fréttatilkynningu sem samtökin sendu frá sér vegna ráðningarinnar segir að Helga sé viðskiptafræðingur með MS-próf í fjármálum. Hún starfaði áður sem framkvæmdastjóri VR og í ýmsum stjórnunarstöðum hjá Icelandair.

Nýir iPhone-símar rjúka út

Apple hefur upplýst að á fyrstu þremur söludögum hafi selst níu milljónir eintaka af nýjustu útgáfu iPhone 5 snjallsímans (5s og 5c). Salan er meiri en þegar iPhone 5 kom út á síðasta ári, en um „opnunarhelgi“ þess síma seldust fimm milljónir eintaka. Viðtökurnar eru sagðar endurspegla viðvarandi aðdráttarafl iPhone-símanna, en frumgerð hans leit dagsins ljós fyrir sex árum. Spár höfðu gert ráð fyrir sölu sex til átta milljóna eintaka fyrstu söluhelgi nýju símanna. Þrátt fyrir viðtökurnar hefur gengi hlutabréfa Apple ekki tekið við sér á ný, en það er heldur undir sölugenginu 10. þessa mánaðar, áður en nýju símarnir voru kynntir.

Getum við bætt reksturinn?

Advania hefur þróað fjölda snjalllausna fyrir atvinnulífið sem styðjast við Android, Apple iOS og Windows stýrikerfin. Við færum fyrirtækjum ávinning af hagnýtingu snjalltækja.

Starfsmenn snjalllausna Advania eru til þjónustu reiðubúnir í síma 440 9000.
Nánari upplýsingar má finna á www.advania.is/app

advania
Welcome to IT

Fróðleiksmolinn

DataMarket

Þróun eiginfjárstöðu einstaklinga fyrir og eftir hrun

Hagstofa Íslands tekur saman gögn um eiginfjárstöðu einstaklinga eftir aldri, fjölskyldugerð og búsetu. Myndin hér að neðan sýnir þróun eiginfjárstöðu í milljörðum króna eftir tilteknum aldurshópum frá 25 ára og upp í 49 ára á tímabilinu 2005-2012. Eigið fé alls er skilgreint sem heildareignir að frádregnum heildarskuldum einstaklinga í þessum aldurshópum. Tölur eru á verðlagi hvers árs. Eiginfjárstaða allra aldurshópa hefur lækkað frá 2005 á breytilegu verðlagi. Frá 2010 hefur eiginfjárstaðan almennt batnað en tveir aldurshópar, 25-29 ára og 30-34, eru með neikvæða eiginfjárstöðu í lok árs 2012.



Heimild: Hagstofa Íslands http://data.is/1bD6IDG

Myndin hér að neðan sýnir þróun eiginfjárstöðu í milljörðum króna hjá eldri hópum eða 50 ára og eldri. Eðli máls samkvæmt er eiginfjárstaða eldri kynslóða meiri en yngri kynslóða. Eins og sést á þessari mynd er eiginfjárstaðan best hjá 67 ára eldri en sá hópur er hvað stærstur skv. aldurshópaskiptingu hjá Hagstofunni. Eiginfjárstaða eldri aldurshópa breyttist hlutfallslega minna í kjölfar hrunsins. Líkleg skýring á því er að skuldir skuldsettari yngri kynslóða hækkuðu (t.d. verðtryggð íbúðalán) í verðbólguskotinu eftir hrun á sama tíma átti eignalækkun sér stað hjá öllum aldurshópum.



Heimild: Hagstofa Íslands http://data.is/1bD6Enm

Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

Miðvikudagur 25. september
- Vinnumarkaðsrannsókn í ágúst

Fimmtudagur 26. september
- Vísitala neysluverðs í september

Föstudagur 27. september
- Nýskráningar og gjaldþrot hlutafélaga og einkahlutafélaga í ágúst 2013
- Vísitala framleiðsluverðs í ágúst

Mánudagur 30. september
- Vöruskipti við útlönd janúar-ágúst 2013

Miðvikudagur 2. október
- Fasteignamarkaðurinn í mánuðum eftir landshlutum
- Vaxtaákvörðunardagur Seðlabanka Íslands

Föstudagur 4.október
- Vöruskipti við útlönd í september 2013
- Gistinætur og gestakomur á hótelum í ágúst 2013
- Útboð ríkisbréfa

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á visir

Landsbankinn segist ætla að auka sjálfvirkni með breytingum á útibúi:

Peningalaust útibú í Vesturbæ

Landsbankinn ætlar í nóvember að breyta útibúi bankans í Vesturbæ Reykjavíkur þannig að það mun ekki sýsla með reiðufé og þar verða engar gjaldkerastúkur.

„Í útibúinu verður einnig ný gerð hraðbanka sem taka við reiðufé. Með þeim verður meðal annars hægt að greiða reikninga," segir Kristján Kristjánsson, upplýsingafulltrúi Landsbankans.

Starfsfólk útibúsins mun að sögn Kristjáns ekki sitja við eitt tiltekið borð heldur þar sem hentar hverju sinni og eyða meiri tíma úti á gólfi bankans. „Vegna þess tíma- og vinnusparnaðar sem felst í því að sjálfvirknivæða ýmsa einfaldari þjónustu á starfsfólk bankans að geta sinnt betur þeim viðskiptavinum sem þurfa ítarlegri fjármálaráðgjöf."

Að sögn Kristjáns hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvort farið verði í svipaðar breytingar í öðrum útibúum Landsbankans. - hg

BREYTA ÚTIBÚINU Sérfræðingar frá Nordea hafa gefið starfsmönnum Landsbankans ráðleggingar varðandi breytingarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Hafa áhyggjur af fyrirtækjaflótta

Sex tækni- og hugverkafyrirtæki hafa síðustu ár flutt úr landi eða hætt starfsemi. Samtök iðnaðarins hafa áhyggjur af stöðunni.

IÐNAÐUR
Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

Sex innlend tækni- og hugverkafyrirtæki hafa flutt úr landi eða hætt starfsemi á þeim fimm árum sem liðin eru frá íslenska efnahagshruninu. Að auki hafa sjö fyrirtæki úr greininni verið seld eða flutt höfuðstöðvar sínar til útlanda, þótt þau í flestum tilvikum reki áfram starfsemi hér á landi. Hluti stjórnenda fimm fyrirtækja til viðbótar býr erlendis þar sem starfsemi þeirra fer að einhverju leyti fram.

„Við höfum miklar áhyggjur af stöðunni," segir Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður stefnumótunar og nýsköpunar hjá Samtökum iðnaðarins.

DAVÍÐ LÚÐVÍKSSON

Davíð segir gjaldeyrishöftin og fjárfestingarleið Seðlabankans, sem virkar þannig að einstaklingar og fyrirtæki geta komið með erlendan gjaldeyri til landsins og fengið afslátt af íslenskum krónum, vera áhrifavalda í þróun síðustu ára. „Fyrirtæki sem eru að auka starfsemi sína á alþjóðlegum vettvangi þurfa til þess aukið fjármagn og hlutafé. Í rauninni má segja að hlutabréf þessara fyrirtækja séu á útsölu því krónan er svo lágt skrifuð og þar að auki fá menn krónurnar á enn lægra verði í gegnum fjárfestingarleiðina. Því er oft forsenda fyrir því að nýir aðilar komi að fyrirtækjunum, að höfuðstöðvar þeirra séu færðar út úr íslenskri lögsögu, vegna viðskiptaumhverfisins hér á landi. Mönnum er því stillt upp við vegg," segir Davíð.

FRUMKVÖÐLAR Fulltrúar fjölmargra tækni- og hugverkafyrirtækja voru samankomnir á Startup Reykjavík 2013.

Hann segir þó að flest þeirra fyrirtækja sem flutt hafa höfuðstöðvar sínar til útlanda kjósi að halda þróunarstarfi áfram hér á landi. Ástæðan sé sú að þróunarumhverfið hér sé að mörgu leyti gott. „Það helgast af því að það er ákveðinn grunnur í starfsfólkinu og okkur hefur tekist að lagfæra ýmislegt í starfsskilyrðum fyrirtækjanna. Tækniþróunarsjóðurinn var efldur eftir hrun, þótt nú séu blikur á lofti með hann í ljósi niðurskurðar í fjárlögum, og það tókst að koma á endurgreiðslum rannsókna- og þróunarkostnaðar í tengslum við skattkerfið, sem hefur skipt sköpum."

Davíð undirstrikar einnig að greinin hafi misst lykilfólk úr samtökum og stjórnum tækni- og hugverkafyrirtækja. Til marks um það segist hann auðveldlega geta nefnt tíu einstaklinga sem séu nú farnir af landi brott en hafi áður lagt verulegan skerf til þróunar greinarinnar hér á landi. „Í mörgum tilfellum hefur þetta fólk starfað hjá þessum fyrirtækjum sem um ræðir og aðstæður þeirra því breyst. Einnig er spurning hvort hér ríki ákveðið þreytuástand þar sem fólk er búið að berjast í bökkum frá hruni. Fáar greinar hafa komið betur út úr hruninu en það hefur farið mikil vinna og orka í að ná þeim árangri."

ÍSLENSKA SÍA.IS ICE 62385 08/2013

ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?

Fyrirtæki sem eru með samning við Icelandair njóta þess í hagkvæmari rekstri, betri tímanýtingu og ánægðara starfsfólki.

Hlunnindi sem fyrirtækjasamningur veitir:
- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem Icelandair býður er veittur af fargjöldum á því farrými sem fyrirtæki óska hverju sinni.
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is/fyrirtaeki eða sendið fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR

VÖNDUÐ EIGNASTÝRING
STJÓRNAST AF MARKMIÐUM
VIÐSKIPTAVINARINS

Einkabankaþjónusta Arion banka veitir einstaklingum, fyrirtækjum, sjóðum og stofnunum víðtæka fjármálaþjónustu sem sniðin er að þörfum hvers og eins.

- Þinn eigin viðskiptastjóri sem mótar með þér fjárfestingarstefnu og sér um þitt eignasafn.
- Sterk tengsl við viðskiptastjóra með símtölum, tölvupósti og reglulegum fundum.
- Ítarlegt yfirlit um stöðu og ávöxtun á þriggja mánaða fresti.
- Öll almenn bankaþjónusta á hagstæðum kjörum.

Pantaðu viðtal við viðskiptastjóra í 444 7410 eða sendu póst á einkabankathjonusta@arionbanki.is og komdu þínum fjármálum í hagstæðari farveg.

ARION EINKABANKAÞJÓNUSTA

Arion banki

Óvíst um uppskeru í óvissuástandi

Ísland var kynnt sem fjárfestingarkostur á ráðstefnunni Iceland Investment 2013 sem haldin var í Lundúnum fyrir helgi. Nokkurrar spennu gætti um hvernig til tækist. Ný ríkisstjórn segist bera hag fjárfesta fyrir brjósti.

EFNAHAGSMÁL
Óli Kristján Ármannsson | olikr@frettabladid.is

„Ráðstefna eins og þessi er tímabær. Tími er kominn til þess að tala um framtíðina líka, ekki bara hvað við getum lært af hruninu," sagði Höskuldur Ólafsson, forstjóri Arion banka, í spjalli við blaðamann við upphaf ráðstefnunnar Iceland Investment Forum 2013, sem fram fór á Waldorf Hilton hótelinu í miðborg Lundúna síðastliðinn fimmtudag.

Ráðstefnan var í umsjá Mergermarket Group með þátttöku Arion banka, Íslandsstofu, Carbon Recycling og lögfræðistofunnar Logos. Umfjöllunarefnið var fjárfestingar- og efnahagsumhverfið á Íslandi í dag og tilgangurinn að kynna erlendum fjárfestum landið sem fjárfestingarkost. Hér hefur erlend fjárfesting verið í sögulegu lágmarki frá hruni, enda landið í viðjum gjaldeyrishafta og sér ekki enn fyrir endann á óvissuþáttum í efnahagslífinu.

ÁNÆGJA MEÐ MÆTINGUNA

Skipuleggjendur ráðstefnunnar virtust ánægðir með þátttökuna, en á staðinn komu um 150 af þeim ríflega 170 sem skráðir voru til leiks. Þar af var reyndar um helmingurinn Íslendingar.

Erlendu gestirnir skiptust svo í nokkra hópa. Þar mátti sjá fulltrúa erlendra fjölmiðla, fulltrúa fjármálastofnana og fyrirtækja sem þegar eiga fjármuni fasta í landinu og hafa af þeim sökum áhuga á framvindu mála á Íslandi og svo einhverja fjárfesta.

Mögulega hafa gestirnir sem raunverulegan áhuga höfðu á íslensku fjárfestingarumhverfi náð eitthvað á annan tuginn. Af spjalli við fulltrúa íslensks viðskiptalífs á staðnum mátti ráða að það þætti bara nokkuð gott. Dæmi væru um að blásið hefði verið til viðlíka kynninga áður án þess að nokkur sýndi því raunverulegan áhuga. Í ljósi þessa er skiljanlegur spenningur sem greina mátti meðal íslenskra gesta um hvernig til tækist. Í ráðstefnulok virtust menn anda léttar.

Þá var talinn hliðarávinningur í kynningunni og umræðunni sem viðburðurinn gat af sér. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra var gestur á ráðstefnunni og frummælandi. Gestir fylgdust náttúrulega grannt með ræðu hans en til viðbótar var hann svo bókaður í um 20 viðtöl í erlendum miðlum í tengslum við viðburðinn. Skilaboð stjórnvalda náðu því vel út fyrir veggi ráðstefnunnar.

BJARTUR TÓNN Í FRAMSÖGUM

Þórður Hilmarsson, forstöðumaður fjárfestingasviðs Íslandsstofu, var líka vongóður um góðan árangur í upphafi ráðstefnunnar. „Núna er einmitt rétti tíminn til að keyra þetta í gang," sagði hann og bætti við að opna þyrfti augu fjárfesta fyrir því að efnahagslífið væri að taka við sér og möguleikar að opnast á Íslandi. „Og frábært að fá forsætisráðherrann til að koma og færa fjárfestum þessi skilaboð – vonandi," sagði Þórður glettinn skömmu áður en Sigmundur Davíð átti að stíga í pontu og gestir voru enn að tínast í hús.

Þótt tónninn væri bjartur í framsögum margra frummælenda á Iceland Investment Forum, svo sem hjá forsætisráðherra, er ljóst að óvissuþættir sem fæla frá erlenda fjárfesta eru enn til staðar. Þá hefur blaðið heimildir fyrir því að þótt gjaldeyrishöft eigi ekki að ná til nýfjárfestinga á Íslandi virðist þau skilaboð ekki ná alla leið.

Þannig ráðleggi lögfræðideild stórs norræns banka fjárfestum alfarið frá fjárfestingu á Íslandi á meðan höft séu við lýði.

KÁLIÐ ER EKKI SOPIÐ

Afnám gjaldeyrishafta sagði Ásdís Kristjánsdóttir, yfirmaður greiningardeildar Arion banka, í erindi sínu „Timburmenn fjármálakreppunnar", að væri stærsta verkefnið sem fram undan væri í íslensku efnahagslífi. „Efnahagslífið er á hægum, en um leið brothættum, batavegi," sagði hún. Eftir því sem lengra liði yrði æ flóknara að losa landið úr viðjum haftanna.

Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta og fjárstýringar Seðlabanka Íslands, sagði líka að þar á bæ hlökkuðu menn til þess að sjá fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar um næstu mánaðamót. Frumvarpið væri eitt af þeim mikilvægustu sem lögð yrðu fram. „Eigi markmið að nást um að aflétta gjaldeyrishöftum er agi í ríkisfjármálum lykilatriði," sagði Sturla.

Líklegt má því teljast að útlendingar sem hug hafa á að láta reyna á tækifæri tengd fjárfestingum á Íslandi hinkri eftir næstu fréttum af framgöngu efnahagslífsins áður en tekið er stökkið inn fyrir múra gjaldeyrishaftanna.

RÆTT VIÐ RÁÐSTEFNUGESTI Áður er ráðstefnan hófst í Lundúnum síðastliðinn fimmtudag gaf Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sér tíma til að spjalla við gesti ráðstefnunnar. Dagskrá hans fram eftir degi var svo þétt skipuð viðtölum við erlenda fréttamiðla. MYND/MERGERMARKET

PALLBORÐSUMRÆÐUR Guðmundur J. Oddsson frá Logos, Orri Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, Höskuldur H. Ólafsson, forstjóri Arion banka, og Catherine Ford, ráðstefnustjóri Mergermarket, velta fyrir sér fjárfestingarumhverfi á Íslandi. MYND/MERGERMARKET

STAÐAN RÆDD Höskuldur H. Ólafsson, forstjóri Arion banka, og Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri fjárstýringar Seðlabankans, fóru yfir stöðuna við upphaf ráðstefnunnar á Waldorf Hilton hótelinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

Í HÁDEGISHLÉI Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, var með erindi á ráðstefnu Mergermarket. Hann ræðir hér við Þorstein Pálsson, stjórnarformann MP banka. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

SEGIR LANDIÐ KOMIÐ Á BEINU BRAUTINA

Skilaboðin frá Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra í framsögu hans voru á þá leið að Ísland væri að komast á beinu brautina með auknum stöðugleika eftir umrótaskeið. Komin væri til valda ríkisstjórn sem legði áherslu á að ýta undir fjárfestingu og vöxt.

„Ég tel landið á ákveðnum tímamótum. Í síðustu kosningum fengu þeir tveir flokkar ríflegan meirihluta sem deila sýn á það hvernig ýta eigi undir fjárfestingu á Íslandi og laða að fjárfestingu. Samstarf þessara mið- og hægri flokka hefur langa sögu í íslenskum stjórnmálum og hefur gott orðspor við að auka hagvöxt, draga úr opinberri skuldsetningu og halda í reiðu fjármálum ríkisins."

Um leið var Sigmundur með mjög ákveðin skilaboð til fjárfesta um að íslenska krónan væri sá gjaldmiðill sem ráðandi yrði í viðskiptum á Íslandi um fyrirsjáanlega framtíð. „Ríkisstjórnin hefur trú á íslensku krónunni og er staðföst í að viðhafa heilbrigða stjórn efnahagsmála sem styður við grundvöll hennar," sagði Sigmundur Davíð. „Ég er líka viss um að íslenska krónan á eftir að endurheimta fyrri styrk," bætti hann við.

Um leið áréttaði Sigmundur Davíð að ríkisstjórnin héldi áfram vinnu við afnám gjaldeyrishaftanna sem komið hafi verið á með neyðarlögunum 2008. „Þótt höft hafi verið nauðsynleg á sínum tíma eru áhrifin til lengri tíma skaðleg. Þau brengla eignaverð, koma óorði á gjaldmiðilinn, torvelda fjárfestingu og draga úr samkeppnishæfni okkar." Um leið sagði forsætisráðherra þó mikilvægt að hafa í huga að gjaldeyrishöftin næðu ekki til nýfjárfestinga á Íslandi.

Forsætisráðherra sagði stjórnina líka leggja ríka áherslu á gott samstarf við Evrópu þótt hlé hefði verið gert á aðildarviðræðum við ESB. „Ríkisstjórnin leggur líka áherslu á bætt samskipti við Bandaríkin," sagði hann, auk þess sem áhersla væri lögð á tvíhliða fríverslunarsamninga við önnur ríki, svo sem samninginn við Kína sem lagður verður fyrir Alþingi í næsta mánuði.

Sigmundur Davíð byrjaði ræðu sína á dálítið þungum nótum með því að fara yfir þau verkefni sem fram undan væru. Skuldaleiðrétting á næsta leiti væri hluti af heildrænni nálgun ríkisstjórnarinnar á að rétta við efnahagslífið. Fjárhagur fjölskyldnanna væri undirstaða heilbrigðs efnahagslífs og skuldavandavinnan væri vel á veg komin.

Hann endaði hins vegar ræðu sína á léttu nótunum og sagði ljóst að framtíðin væri björt á Íslandi. Hér væru undirstöður góðar, vinnumarkaður sveigjanlegur, náttúruauðlindir ríkulegar og landgæði slík að sífellt löðuðu fleiri ferðamenn til landsins. „Helstu skilaboð mín til ykkar í dag eru eftirfarandi: Ríkisstjórn mín áttar sig á því að öflugt viðskiptalíf og iðnaður eru undirstaða vaxtar og velferðar," sagði Sigmundur Davíð og kvað stjórnvöld vilja vinna að viðskiptaumhverfi sem væri hagfellt þörfum fjárfesta. „Takk aftur fyrir að bjóða mér á Iceland Investment Forum. Vonandi sé ég ykkur og peningana ykkar á Íslandi," gantaðist forsætisráðherra að lokum og fékk ágætar viðtökur við brandaranum, hlátur og lófaklapp.

Í PONTU Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði í ræðu sinni á Iceland Investment Forum 2013 í Lundúnum fyrir helgi að nú sæi fyrir endann á pólitísku umróti sem varð á Íslandi í kjölfar hrunsins. MYND/MERGERMARKET

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

RANNSÓKNIR Í FERÐAÞJÓNUSTU

Ferðamálastofa boðar til morgunverðarfundar á Grand Hóteli Reykjavík 1. október kl. 8.30. Þar verða kynntar niðurstöður greiningar á þörfinni fyrir rannsóknir í íslenskri ferðaþjónustu.

Lionssalurinn Lundur

- Jólahlaðborð
- Árshátíðir
- Þorrablót

Brúðkaupsveislur.is
Fermingarveislur.is
Cocktail.is
Veisluþjónusta

Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • s. 899-8994

Höfum opnað aðra verslun í húsi Máls og menningar, Laugavegi 18

Amma mús – handavinnuhús
Laugavegur 18, 101 Reykjavik
Opið mán – fös 11-20 lau 11-17 -sun 12-17
sími 511 3399

Ármúla 18, 108 Reykjavik
Opið mán – fös 9-18 og lau 11-15
sími 511 3388

Amma mús -handavinnuhús

FERÐAST UM SVEITINA Á RAFBÍL

RAFMAGNSBÓNDINN *Ábúandinn á Engi í Bárðardal byggði sér rafstöð fyrir tuttugu árum. Nú er hún meðal annars nýtt til að knýja rafbíl heimilisins.*

Það eru vafalaust ekki margir í heiminum sem smíða eigin rafstöð og nýta meðal annars til að knýja heimilisbílinn. Einn þeirra er bóndinn og bifvélavirkinn Tryggvi Valdemarsson sem býr á Engi í Bárðardal. Hann virkjaði litla á við bæinn fyrir tuttugu árum og byggði rafstöð sem sér þremur bæjum í sveitinni fyrir rafmagni. Nýlega lét hann gamlan draum rætast og fjárfesti í rafbíl af gerðinni Nissan LEAF sem hann er hæstánægður með.

„Þetta var nú bara smá ævintýraþrá í mér, svona bílar eru kannski ekki mjög heppilegir langt úti á landi. Ég kemst þó 150 kílómetra á honum og get þannig keyrt til Akureyrar og Húsavíkur svo dæmi séu tekin. En ég þarf að hlaða hann þar til að komast heim aftur. Það eru reyndar ekki margar hleðslustöðvar á þessum slóðum en eftir því sem fleiri kaupa rafbíla bætast þær vonandi við.“

Rafbílinn hefur reynst Tryggva mjög vel að eigin sögn. „Hann er lipur og kraftmikill og hentar vel hér á landi. Næsta skref ætti að vera að komast yfir bíl sem kemst lengra á hleðslunni en slíkir bílar eru hins vegar mjög dýrir í innkaupum. Slíkir bílar komast um 400 kílómetra á einni hleðslu sem er auðvitað mikið framfaraskref.“ Ein hleðsla á bílinn hans Tryggva kostar um 300 krónur sem gera um þrjár krónur á kílómetrann. „Svo framleiði ég auðvitað rafmagnið sjálfur og fæ það þannig séð ókeypis.“

Aðspurður hversu lengi hann ætli að keyra á rafbíl segir hann rafhlöðurnar vera með fimm ára ábyrgð þannig að hann muni að minnsta kosti keyra hann næstu árin. „Ég er hins vegar kominn á áttræðisaldurinn og keyri ekki endalaust bíla. Ætli ég reyni ekki að minnsta kosti að klára þetta fimm ára tímabil rafhlöðunnar.“

starri@365.is

SÁTTUR BÍLEIGANDI
„Svo framleiði ég auðvitað rafmagnið sjálfur og fæ það þannig séð ókeypis,“ segir rafbíleigandinn og bóndinn Tryggvi Valdemarsson.
MYND/RAT

Lagerhillur
í öllum stærðum
á hagstæðu verði.



Afar auðvelt í uppsetningu
Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS
OPIÐ 08:00 - 17:00

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal |** Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447

ÓKEYPIS NET FREKAR EN MORGUNMAT

NÚTÍMINN *Í nýlegri könnun sem hotel.com lét gera kemur fram að ferðamenn vilja fremur frítt internet en morgunmat. Mörgum finnst undarlegt að hótel rukki enn sérstaklega fyrir þessa þjónustu.*

Flestallir ferðamenn eru með snjallsíma, spjaldtölvu eða fartölvu með sér í útlöndum. Þess vegna finnst fólki ósanngjarnt að þurfa að greiða sérstaklega fyrir netnotkun. Í grein sem birtist í fríblaðinu Business life sem dreift er í flugvélum British Airways rifjar blaðamaður upp breytingar á þjónustu hótela. „Hver man ekki eftir því að hafa þurft að greiða offjár fyrir að nota síma á hótelherbergjum? Sum hótel rukkuðu meira að segja fyrir afnot af sjónvarpi. Í dag er sjónvarp jafn sjálfsagt og koddinn í rúminu og eftir að farsímanotkun hóf innreið sína snertir enginn lengur hótelsíma. Hversu langt er þá í það að hótelin veiti fólki þá sjálfsögðu þjónustu að bjóða ókeypis aðgang að netinu,“ spyr Amanda Morrison en hún hefur skrifað ferðagreinar um hundruð hótela í fimmtán ár.

Fólk vill frekar frítt net en morgunmat. Í nýlegri könnun segjast 38% svarenda vilja frítt internet en 25% vilja morgunmat. „Flestir vilja því frekar vera nettengdir en fá sér kaffi og croissant þegar þeir eru á hótelum. Af hverju þykir hóteleigendum þá að instant-kaffi eigi fremur að vera á hótelherbergjum en þráðlaust net?“

Ætlunin er líklega að græða á hótelgestum. Breskt símafyrirtæki gefur upp að það kosti um það bil 483 krónur að hafa þráðlaust net á hverju hótelherbergi í eina viku. Hótelið InterContinental Park Lane í London rukkar 2.900 krónur fyrir sólarhringinn. Premier Inn býður gestum hálftíma frían en rukkar 580 krónur á dag.

Mörg hótel bjóða ókeypis aðgang að interneti í anddyri hótelsins en það finnst gestum ekki nægilegt. Fjölmargir skoða eingöngu hótel með fríu neti þegar þeir leita á bókunarvefjum.

elin@365.is



TENGDUR
Gestir á hótelum vilja hafa frítt net hvar sem þeir eru í heiminum.

NETIÐ HÉR

Á Íslandi er frítt net í anddyri stærstu hótela en greiða þarf fyrir það á herbergjum.

Losaðu þið undan fíkninni
Dennicketorp - Meðferðarúrræði í Svíþjóð
Alhliða áfengis- og fíkniefnameðferð sem stendur yfir í allt að sex mánuði og er rekin samkvæmt íslensku módeli.
Heimasíðan er dennicketorp.se
og allar fyrirspurnir má senda á
runni@dennicketorp.se
Runólfur Jónsson hefur rekið meðferðarheimili í Svíþjóð í átján ár með góðum árangri. Hann býður Íslendinga velkomna til Dennicketorp til lengri eða skemmri dvalar.

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

TILBOÐ
kitchn
HREINT OG KLÁRT
Baðherbergi
Skóhillur
Vandaðar hillur
Búrskúffur
Innbyggðar hillur
Skúffuinnvols
ER SUMRI HALLAR OG HAUSTA FER
TILBOÐ VIÐ HÖFUM Í SEPTEMBER
25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM INNRÉTTINGUM Í SEPTEMBER
KOMDU MEÐ MÁLIN og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð.
VIÐ KOMUM HEIM TIL ÞÍN, tökum mál og ráðleggjum um val innréttingar.
ÞÚ VELUR að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, samsetta eða uppsetta.
FAGMENNSKA í FYRIRFÚMI Þú nýtur þekkingar og reynslu og fyrsta flokks þjónustu.
friform.is
Mán. - föst. kl. 9 -18
Laugardaga kl. 11-15
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ
Nýtt námskeið hefst 27. september
Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving
UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414

Alþjóðleg ferðaráðgjöf
IATA UFTAA Authorised Training Centre
Ferðamálaskóli Íslands er eini skólinn hér á landi sem býður upp á alþjóðlegt nám frá IATA/UFTAA, sem eru alþjóðleg samtök flugfélaga og ferðaskrifstofa, og útskrifar skólinn á hverju ári „ferðaráðgjafa“ til starfa á ferðaskrifstofum, flugfélögum og við aðra ferðaþjónustu. www.menntun.is
Ferðamálaskóli Íslands
Bildshöfða 18 | Sími 567 1466 | Opið frá kl. 8–22

Vilko

-einfaldara getur
það ekki verið!

Vilko Orlydeig
Vilko Ostur
Vilko Rækjur
Vilko Blómkálssúpa
Vilko Vöfflur
Vilko Pönnukökur
Vilko Kakósúpa
Vilko Hvítur Marengs

Hvað á nú til bragðs að taka?

Bragðmiklar kryddtegundir blandaðar og pakkaðar á Íslandi

Þú færð yfir 70 kryddtegundir
frá Prima í næstu matvöruverslun

Þú bara snýrð!

KRYDD KVÖRN

prima Sinnepsfræ
prima Dill
prima Cayennepipar
prima Rósapipar

–nýjar tegundir með kvörn í lokinu

prima

SÉRSTAKUR STIGI Endless Stair kallast þessi innsetning á hönnunarhátíðinni London Design Festival. NORDICPHOTOS/GETTY

HIMNASTIGI Í LONDON

London Design Festival stendur yfir. Þar má ganga endalausan stiga við Tate Modern-safnið.

Við Tate Modern-safnið í Southwark í Lundúnum stendur afar sérkennilegur stigi. Hann er samansettur úr 15 viðarstigum sem mynda svimandi völundarhús. Innsetningin ber heitið Endless Stair, eða stiginn endalausi, og er hluti af hönnunarhátíðinni London Design Festival 2013. Innblásturinn að verkinu fékk arkitektinn Alex De Rijke frá teikningu hollenska grafíklistamannsins M.C. Escher sem margir kannast við.

Heildarlengd stigans er 436 metrar, sem er 4,5 sinnum lengri en hæð Big Ben-turnsins. Hann er búinn til úr sérstökum viði sem kallast túlípanviður. Viðurinn er sérlega sterkur, sem gerir það að verkum að stiginn, sem virðist nánast hanga í lausu lofti, getur með góðu borið allt að 93 manns í einu.

Þeir sem eiga leið um London á næstunni geta klifið hin 187 þrep stigans en innsetningin er opin frá morgni til kvölds alla daga fram til 10. október.

GLÆSILEIKI Fólk sem gistir á dýrum hótelum víða um heim fær ýmis fríðindi í staðinn.

LÚXUS AÐ LÁNI

Á FERÐALAGI *Sum hótel bjóða gestum sínum að fá hluti að láni meðan á dvöl þeirra stendur, til dæmis Burberry-kápur, glæsibifreiðar og fylgihluti.*

London er rigningasöm borg og því hafa fjölmörg hótel lánað gestum sínum regnhlífar þegar gerir dembu. Maybourne-hótelkeðjan, sem rekur nokkur hótel í dýrari kantinum í borginni, ákvað að gera enn betur. Nú geta gestir hótelanna fengið lánaða Burberry-rykfrakka sem að mörgu leyti þykja einkennismerki þess sem breskt er. Lánið er endurgjaldslaust en þeir gestir sem vilja festa kaup á frakkanum að notkun lokinni þurfa að hrista fram úr frakkaerminni um 180 þúsund krónur.

Slíkir hönnunarfrakkar eru ekki það eina sem má fá lánað í lúxushótelum eins og greint er frá á ferðavefnum Gadling. Þeir sem dvelja á Four Seasons-hótelinu í Beverly Hills þurfa ekki að hafa áhyggjur af því að leigja frumpulegan bílaleigubíl. Hótelið býður gestum sínum að fá lánaða bíla. Það eina sem þeir þurfa að gera er að ákveða hvort þeir vilji leggja í hann á Porsche, Lamborghini, Rolls Royce, Ferrari, Cadillac, Mercedes Benz eða Bentley.

Fyrr á þessu ári kynnti hótelið Burj Al Arab í Dúbaí að gestir þess fengju að leika sér með iPad á meðan þeir dveldu á hótelinu. Þeir sem þekkja til hótelsins verða ekki hissa á því að spjaldtölvurnar eru ekki þær sömu og fást út úr búð. Spjöldin sem standa gestum hótelsins til boða eru slegin 24 karata gulli.

Á Loews Santa Monica-hótelinu í Bandaríkjunum þurfa gestir ekki að bera með sér fylgihluti í farangrinum. Ástæðan er sú að verslunin Fred Segal er með lítið útibú í hótelinu þar sem gestir mega fá lánaða fokdýra fylgihluti á borð við veski, hálsmen og sólgleraugu.



BIKARSLAGUR Í KVÖLD KL. 18:35

Erkifjendur sjá rautt á Old Trafford

Þá er komið að risaleik í enska deildabikarnum þegar Manchester United fá Liverpool í heimsókn. Spennan er í hámarki, sjálfur Suárez er mættur eftir 10 leikja bann og er hungraðri en nokkru sinni fyrr.

Gummi Ben er lentur í Manchester og lýsir leiknum beint frá Old Trafford í kvöld. Ekki missa af þessum toppleik!

Í BEINNI
Á STÖÐ 2 SPORT OG STÖÐ 2 SPORT 2

ENSKI BOLTINN, NET OG HEIMASÍMI Á 8.990 KR.
Gegn 3 mánaða samningi

Fáðu þér áskrift
512 5100
stod2.is

SPORT
besta sætið

LADDI MÆTIR TIL LEIKS MEÐ SPAUGSTOFUNNI Á LAUGARDAG

MIÐVIKUDAGUR 25. SEPT. 2013
17. TÖLUBLAÐ 1. ÁRGANGUR
DAGSKRÁRBLAÐ STÖÐVAR 2

ÁSTRÍÐUR
BJÖRN HLYNUR LEIKUR YFIRVEGAÐ KVENNAGULL

MISS WORLD 2013
Í BEINNI Á STÖÐ 3 Á LAUGARDAG

MAN. UTD - LIVERPOOL
STÓRVELDIN MÆTAST Á OLD TRAFFORD Í KVÖLD

RAFMÖGNUÐ SPENNA

JAMES SPADER ER FRÁBÆR Í ÞÁTTARÖÐINNI THE BLACKLIST SEM HEFST Á STÖÐ 2 Á FIMMTUDAG

FRÁBÆR TILBOÐ Í STÖÐ 2 VILD

krakkar | GULL | BÍÓ | 3 | SPORT | SPORT 2

ÓMISSANDI Í VIKUNNI

HEIMSÓKN
Miðvikudagur
Kl. 20.05

SÆLKERAFERÐIN
Fimmtudagur
Kl. 20.05

LOGI Í BEINNI
Föstudagur
Kl. 19.55

SPAUGSTOFAN
Laugardagur
Kl. 19.35

BROADCHURCH
Sunnudagur
Kl. 20.45

UM LAND ALLT
Mánudagur
Kl. 20.05

HOW I MET YOUR MOTHER
Þriðjudagur
20.50

ÁSTRÍÐUR
Kl. 20.15 sunnudaga

SILKIMJÚKUR OG EINLÆGUR

Leikarinn Björn Hlynur Haraldsson stelur senunni í nýrri þáttaröð Ástríðar. Þar leikur hann yfirvegað og ákveðið kvennagull sem fangar hjörtu kvenna á og við skjáinn.

„Boðorð Leibba er: Allt sem þér viljið að aðrir gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra. Leifur er „no bullshit"-gæi og stundum kannski aðeins of mikið, eins og fram mun koma í þáttunum," segir Björn Hlynur Haraldsson um persónu Leifs lögfræðings sem hann ljáir líf og limi í nýrri þáttaröð Ástríðar.

Björn Hlynur segir þá Leif eiga fátt sameiginlegt. „Við erum svipaðir í útliti þótt ég sé ekki jafn síðhærður og Leifur. Hann er sérstök blanda af gallhörðum lögfræðingi og silkimjúkum, einlægum pilti úr Smáíbúðahverfinu."

Er Leifur þá öfundsverður?

„Nei, ég get ekki sagt það. Ég öfunda engan mann. Öfund er af hinu illa. Ég bið alla sem þjást af því að vinsamlegast hætta því."

Björn Hlynur hafði ekki séð alla fyrri þætti Ástríðar þegar hann ákvað að vera með.

„En ég vissi út á hvað þættirnir gengu og vildi fá að vera með. Mig langaði að taka þátt í verkefni með Silju Hauksdóttur sem er sniðug stelpa og góður leikstjóri. Svo hafði ég lúmskan grun um að þetta gæti orðið gaman því skemmtilegt fólk tengdist fyrri þáttaröðinni, eins og lærimeistari minn Kjartan Guðjónsson."

Að sögn Björns Hlyns kemur Leifur inn í þættina sem mótherji Ástríðar í máli sem þau hafa karpað um í fjölmiðlum. Síðan tengist þau böndum sem best sé að halda sér saman um nú.

„Mér fannst á allan hátt skemmtilegt að taka þátt í Ástríði. Ég lagði sjálfan mig til í hlutverk Leifs; það er það eina sem ég get gefið. Svo bæti ég við ímynduðum hugmyndum mínum, leikstjórans og höfunda um einstaklinginn. Mér finnst mikilvægt að uppskáldaðar persónur séu tvíhliða og að eitthvað komi á óvart í fari þeirra. Þannig eru allar manneskjur. Við sýnum eina hlið en felum aðra og það er hliðin sem áhorfendur verða að fá að sjá. Mitt starf er því að sjá til þess að persónan sé ekki einhliða," útskýrir Björn Hlynur.

Hann segir Ástríði mikilvægan minnisvarða um samtímann.

„Þættirnir fjalla um íslenskan hvunndagsveruleika sem fyrir minn smekk mætti gera hærra undir höfði í leiknu efni. Það vilja áhorfendur sjá og því eigum við að sinna. Flestir höfundar sem skipt hafa máli í gegnum aldirnar hafa skrifað um sitt nánasta umhverfi, samfélag sem þeir bjuggu í og þekktu. Því mættu höfundar í ríkari mæli draga upp spegilmynd af samfélaginu."

Björn Hlynur vinnur nú að sjónvarpsþáttunum Hrauninu sem eru framhald af Hamrinum. Hann leikur líka í þáttunum The Borgias, sem teknir voru í Búdapest, kvikmynd eftir mexíkóska leikstjórann Roberto Schneider, þar sem hann leikur á móti vini sínum Gael Garcia Bernal, og spennutryllinum Grafir og bein.

„Aðalverkefnið er þó fjármögnun á minni fyrstu mynd sem leikstjóri og handritshöfundur, og er byggð á leikriti mínu Dubbeldusch. Við eiginkonan vinnum nú að heimildarþáttaröðinni Reimleikar í Reykjavík og ég er með tvö leikrit í smíðum. Þá er ég orðaður við erlent hlutverk sem ég get ekki upplýst um að sinni."

ERTU BÚINN AÐ SKRÁ ÞIG?

Hátt í þúsund hæfileikaríkir Íslendingar hafa þegar skráð sig í Ísland Got Talent en fyrstu prufurnar hefjast þann 30. september. Spennan magnast en til mikils er að vinna. Verðlaunin fyrir siguratriðið eru tíu milljónir króna.

Bubbi Morthens, Þórunn Antonía Magnúsdóttir og Jón Jónsson eru að leggja af stað í hringferð um landið til að velja þátttakendur. Skráning fer fram á stod2.is/talent.

Selfoss 30. september
Borgarnes 1. október
Höfn í Hornafirði 1. október
Stykkishólmur 2. október
Neskaupstaður 2. október
Patreksfjörður 3. október
Egilsstaðir 3. október
Ísafjörður 4. október
Húsavík 4. október
Sauðárkrókur 5. október
Akureyri 6. október
Vestmannaeyjar 8. október
Reykjavík 12. og 13. október

VALA HEIMSÆKIR ÆVINTÝRAFÓLK Á SEYÐISFIRÐI

SÆLKERAFERÐIN
Kl. 20.05 fimmtudag

Sælkeraferðin með Völu Matt heldur áfram göngu sinni á Stöð 2 á morgun. Í þættinum heimsækir Vala Seyðisfjörð og tekur hús á mæðginunum Þóru Guðmundsdóttur arkitekt og Dýra Jónssyni, framkvæmdastjóra Vesturports.

Þóra rekur farfuglaheimilið Hafölduna en Dýri Hótel Öldu. Þau segja frá ýmsum sælkeraleyndarmálum Seyðisfjarðar en umhverfið er óviðjafnanlegt og dýrindis hráefni allt í kring.

Vala segir um mikið ævintýrafólk að ræða en Þóra hverfur til Indlands á veturna þar sem hún rekur hótel- og veitingastað. Í þættinum er einnig rætt við matreiðslumanninn Ósk Ómarsdóttur, sem starfar á Seyðisfirði á sumrin en á Indlandi á veturna.

RAUNIR KARLHÓRU

HUNG
Kl. 22.20 miðvikudaga

Fyrsti þáttur í þriðju seríu Hung verður sýndur í kvöld á Stöð 2. Hung er gamansamur þáttur með dramatísku ívafi frá HBO og fjallar um Ray Drecker sem er óhamingjusamur körfubolta- og hafnaboltaþjálfari í menntaskóla. Hann er fráskilinn faðir unglingstvíbura og í bullandi fjárhagsvandræðum. Þegar heimili hans verður eldi að bráð tekur hann til sinna ráða. Með aðstoð vinkonu sinnar Tanyu ákveður hann að gerast karlhóra en Ray er sérlega vel vaxinn niður. Þátturinn fjallar um hvernig Ray reynir með misjöfnum árangri að samtvinna nýjan starfsvettvang og sitt gamla líf án þess að upp um hann komist.

Stöð 2 sýnir nú þriðju og síðustu þáttaröðina af Hung. Þar er lögð áhersla á baráttu Ray og Tanyu við Lenore, sem um tíma var einnig hórmangari Rays. Sú er nú komin með nýjan skjólstæðing inn í fagið.

Thomas Jane er þekktastur fyrir hlutverk sín í kvikmyndunum Boogie Nights (1997), 61* (2001), The Punisher (2004) og The Mist (2007).

HVER ER MORÐINGINN?

BROADCHURCH
Kl. 20.45 sunnudag

Lokaþáttur breska sjónvarpsþáttarins Broadchurch verður á sunnudaginn á Stöð 2. Þættirnir voru frumsýndir á bresku sjónvarpsstöðinni ITV í vor og hafa svo sannarlega slegið í gegn um allan heim. Undanfarnar vikur hafa margir íbúa bæjarins legið undir grun og fyrir lokaþáttinn á sunnudaginn er ómögulegt að segja til um hver málalok verða. Rannsókn málsins er í höndum aðkomumannsins Alec Hardy en honum til aðstoðar er lögreglukonan Ellie Miller sem býr í bænum. Óhætt er að segja að samvinna þeirra sé ansi brösótt enda er Hardy langt frá því að vera auðveldur í samskiptum. Mikil leynd hvíldi á tökustað yfir því hver sá seki var og vissu leikararnir sjálfir ekki einu sinni hver morðinginn var fyrr en lokaþátturinn var tekinn upp. Á sunnudaginn mun hins vegar sannleikurinn koma í ljós og morðinginn verður opinberaður.

Lokaþáttur Broadchurch er sýndur á Stöð 2, sunnudaginn 29. september og hefst kl. 20.45.

SIGNÝ/BONNIER

GLÆSILEIKI OG FEGURÐ FRÁ BALÍ

Miss World 2013 fer fram á Balí í Indónesíu á laugardag. Stöð 3 mun sýna beint frá keppninni kl. 11.30. **Sigríður Dagbjört Ásgeirsdóttir** er fulltrúi Íslands.

MISS WORLD 2013
Kl. 11.30 laugardag

Upphaflega átti keppnin að fara fram í Djakarta, höfuðborg landsins, en ákveðið var að færa hana eftir öflug mótmæli múslíma í landinu. Sigríður Dagbjört Ásgeirsdóttir, 22 ára laganemi, er fulltrúi Íslands í keppninni en hún var kosin Ungfrú Reykjavík 2011.

Sigríður ertu spennt fyrir úrslitakvöldinu?

„Já, ég er virkilega spennt, þetta hefur verið mikil vinna síðastliðinn mánuð. Ég hlakka mikið til að njóta dagsins með stelpunum," svarar hún og bætir við að það hafi komið sér á óvart hversu mikil dagskrá hafi verið alla daga. „Við vöknum snemma á morgnana og erum með dagskrá fram á kvöld. Ég mun líklegast sofa í viku þegar ég kem heim."

Frábærar stelpur

Megum við búast við að sjá þig í sigursæti?

„Ég get ekkert sagt til um það, það eru svo margar frábærar stelpur hérna sem geta vel sinnt því starfi sem Miss World tekur sér fyrir hendur. Í raun er ekkert hægt að spá fyrir um úrslit og oft hefur það gerst að aðili sem ekki hefur verið talinn sigurstranglegur ber sigur úr býtum," segir Sigríður og viðurkennir að hún hafi verið mjög stressuð áður en hún hélt af stað í þetta langa ferðalag yfir að vera þetta lengi í burtu frá fjölskyldu og vinum.

Mikil lífsreynsla

„Annars var ég mjög spennt fyrir þessu öllu saman og get sagt í dag að þetta er þvílík lífsreynsla sem ég er að öðlast hér. Það var margt sem ég þurfti að gera áður en haldið var af stað. Farangurinn þurfti til dæmis að endast mér í mánuð. Ég náði þó að koma öllu fyrir í tveimur ferðatöskum sem er heldur lítið miðað við að margar stelpur hérna eru með 7-8 töskur. Ég þurfti meðal annars að hafa með mér íslenska þjóðbúninginn, bók um Ísland, gjöf fyrir góðgerðaruppboð og margt annað."

Sigríður segist hafa fengið ítarlegar leiðbeiningar frá Miss World Organisation en einnig fékk hún upplýsingar frá Sigrúnu Evu Ármannsdóttur sem fór í Miss World árið 2011. „Ég á frábæra fjölskyldu sem er búin að aðstoða mig og styðja í þessu öllu saman og fyrir það er ég henni ævinlega þakklát."

Heljarinnar veisla

Mega áhorfendur Stöðvar 3 búast við glæsilegri útsendingu?

„Já, ég get sko lofað heljarinnar „show-i". Má nefna rosalega flott dansatriði þar sem við dönsum þjóðdansa frá tíu löndum í okkar eigin þjóðbúningum. Við munum einnig koma fram í indónesískum þjóðbúningum og síðkjólum og sýnt verður myndefni sem búið er að taka upp síðastliðinn mánuð af því sem við höfum verið að aðhafast hér á Balí."

15 mínútna frægð

Sigríður segir öryggisgæslu mikla. „Við þekkjum orðið hótelið okkar hér á Balí jafnvel og heimili okkar. Alltaf er þó eitthvað skemmtilegt að gera, nú síðast var mini-hæfileikakeppni þar sem hver stúlkan á fætur annarri stóð á fætur og sýndi listir, dans, söng og þess háttar fyrir hópinn. Við látum okkur sjaldan leiðast, enda höfum við um margt að tala, komum frá ólíkum menningarheimum og getum endalaust talað um löndin okkar. Keppnin hefur vakið mikla athygli og okkur hefur verið tekið opnum örmum. Hvert sem við förum mætir fólk okkur með brosi á vör, komið er fram við okkur eins og Hollywoodstjörnur svo þetta eru nokkurn veginn mínar fimmtán mínútur af frægð."

Með UPPLEVA línunni og BESTÅ hirslum sameinar þú sjónvarp, hljóðkerfi og húsgagn. Útkoman er heildarlausn sem gerir stofuna stílhreinni með földum snúrum, þráðlausu bassaboxi og öllu er stjórnað með einni fjarstýringu. Upplifðu UPPLEVA í versluninni og kynntu þér tæknina á www.IKEA.is

109.900,-
UPPLEVA 40” snjallsjónvarp

337.550,-
BESTÅ samsetning m/40” UPPLEVA snjallsjónvarpi og 2.1 hljóðkerfi

© Inter IKEA Systems B.V. 2013

5
ára
ÁBYRGÐ

UPPLEVA snjallsjónvörp
og hljóðkerfum fylgir
5 ára ábyrgð
án aukakostnaðar.

Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

Einfaldlega snjallt!

IKEA®

LADDI GENGUR TIL LIÐS VIÐ SPAUGSTOFUNA

SPAUGSTOFAN
Kl. 19.35 laugardag

Spéfuglarnir í Spaugstofunni birtast á skjánum á ný á laugardagskvöldið með fullt af nýju og skemmtilegu efni í farteskinu, enda af nógu að taka. „Við reynum alltaf að breyta eitthvað til á hverju hausti og finna nýja fleti til að gera grín að samfélaginu. Sumarið sem aldrei kom verður í hávegum haft í fyrsta þættinum og skyggnst inn í sumarþingið en ég segi ekki meira," sagði Örn Árnason þegar við slógum á þráðinn til hans.

Spaugstofumenn hafa fengið nýjan meðlim í hópinn. „Við höfum fengið Ladda til að vera með okkur í fyrstu fimm þáttunum en hann er náttúrulega alveg frábær hæfileikamaður. Með nýrri ríkisstjórn eru mörg ný andlit og þess vegna ágætt fyrir okkur gömlu hundana að fá einn hund í viðbót í liðið," segir Örn og segir að áhorfendur verði ekki sviknir því undirbúningur hafi verið á fullu og mikið um að vera. „Við verðum beittir og stingum á skemmtilegum kýlum. Fólk fær að sjá hina hlið samfélagsspegilsins," segir Örn enn fremur en þess má geta að þetta er 29. árið sem

Laddi á eftir að spauga eins og honum einum er lagið.

Spaugstofan grínar. „Á næsta ári verður þrítugasta árið og ætli við segjum þetta ekki gott þá. Þrjátíu er falleg tala og við getum farið að horfa í aðrar áttir án þess að ég vilji hljóma eins og Besti flokkurinn sem svíkur öll loforð."

STÓRKARLINN NUCKY

BOARDWALK EMPIRE
Kl. 22.10 sunnudag

Stöð 2 hefur hafið sýningar á fjórðu þáttaröð Boardwalk Empire. Þættirnir margverðlaunuðu fjalla um stórlaxinn Nucky Thompson sem réð lögum og lofum í Atlantic City í New Jersey á bannárunum snemma á síðustu öld. Þættirnir eru byggðir á bókinni Boardwalk Empire: The Birth, High Times, and Corruption of Atlantic City þar sem greint er frá sögu glæpamannsins Enoch L. Johnson. Þættirnir hafa hlotið mikið lof og hafa til að mynda hlotið tólf Emmy-verðlaun og Golden Globe-verðlaunin sem besti dramaþátturinn.

Steve Buscemi fer með titilhlutverkið í þáttunum en hann þykir með betri karakterleikurum. Helst er hann þekktur fyrir hlutverk sín í myndum Cohen bræðra, til dæmis Miller's Crossing, Barton Fink, The Hudsucker Proxy, Fargo og The Big Lebowski.

ÓMIS

SPENNUÞÆT

James Spader er mættur til leiks í spennuþættinum The Blacklist sem hefur göngu sína á Stöð 2 á fimmtudagskvöld. Þættirnir hófu göngu sína í bandarísku sjónvarpi á mánudag og hafa hlotið einróma lof gagnrýnenda.

THE BLACKLIST
Kl. 21.10 fimmtudag

Spader leikur Raymond „Red" Reddington, fyrrverandi leyniþjónustumann sem hvarf sporlaust fyrir mörgum árum og er nú eftirlýstur af bandarískum yfirvöldum fyrir að selja hryðjuverkamönnum leynileg gögn. Hann gefur sig fram í höfuðstöðvum FBI og býðst til þess að aðstoða alríkislögregluna við að handsama aðra eftirlýsta hryðjuverkamenn. Einu skilyrðin sem hann setur er að hann fái lífvörð, herbergi á fínu hóteli og að vinna með ungum nýliða innan FBI, Elizabeth Keen. Tengsl hans við Keen eru öllum ókunn, jafnvel henni sjálfri, en þau munu skýrast þegar líður á þáttaröðina. Þáttunum hefur gjarnan verið líkt við stórmyndina Silence of the Lambs.

Þættirnir hófu göngu sína á NBC-sjónvarpsstöðinni á mánudagskvöld og fengu mjög góðar viðtökur. The Hollywood Reporter fer lofsamlegum orðum um fyrsta þáttinn og segir m.a. að Spader sé óviðjafnanlegur í aðalhlutverkinu og að handritshöfundunum takist að gera þáttinn einstaklega spennandi. Variety segir að The Blacklist sé einn af bestu nýju þáttunum í vetur og TV Guide segir að þátturinn sé fullkomin blanda af hasar og vel skrifaðri ráðgátu.

SSANDI

TTIR

UNNUSTAN ER ÆTTUÐ FRÁ ÍSLANDI

James Spader er trúlofaður hinni íslensk-ættuðu Leslie Stefanson. Hún er fyrrverandi fyrirsæta og leikkona sem vakti fyrst athygli þegar hún lék stórt hlutverk í spennumyndinni The General's Daughter árið 1999, en þar lék hún á móti John Travolta. Hún lék einnig í stórmyndinni Unbreakable með Bruce Willis árið 2000 og The Hunted með Tommy Lee Jones og Benicio Del Toro árið 2003.

Leslie kynntist Spader þegar þau léku saman í myndinni The Stickup árið 2002 og ástin blómstraði. Þau eignuðust sitt fyrsta barn fyrir fimm árum og Leslie er núna hætt í leiklistinni. Hún hefur þó ekki alveg sagt skilið við listalífið því núna hannar hún erótískar bronsstyttur sem vakið hafa talsverða athygli. Hægt er að skoða verk hennar á vefsíðunni www.lesliestefanson.com.

Spader þarf ekki að leita langt eftir ráðleggingum um bandarísku alríkislögregluna, FBI. Tengdafaðir hans, Randolph Stefanson, starfaði fyrir FBI á árunum 1963 til 1967 bæði í Phoenix og Los Angeles. Hann hefur síðan starfrækt lögfræðistofu í heimabæ sínum, Moorhead í Minnesota. Foreldrar hans, Skúli Stefanson og Effie Einarsson, voru Vestur-Íslendingar en sjálfur hefur hann aldrei komið til Íslands.

ENGUM ER TREYSTANDI

Toni Collette leikur aðalhlutverkið í spennuþáttaröðinni Hostages sem hefur göngu sína á Stöð 2 á mánudagskvöld.

HOSTAGES
Kl. 21.20 mánudag

Collette leikur dr. Ellen Sanders, virtan skurðlækni sem er að undirbúa aðgerð á forseta Bandaríkjanna þegar grímuklæddir menn ráðast til atlögu á heimili hennar og taka fjölskylduna í gíslingu. Þeir vilja að hún drepi forsetann í aðgerðinni og hóta að myrða alla fjölskylduna ef hún verður ekki að kröfu þeirra. Spennan magnast með hverjum þætti og engum er treystandi.

Það er Dylan McDermott sem leikur alríkislögreglumanninn Duncan Carlisle sem fer fyrir hópnum sem vill forsetan feigan.

Hostages eru 15 þættir og hver þáttur gerist á einum degi. Dr. Ellen Sanders hefur því 15 daga til að bjarga fjölskyldu sinni. „Þetta er allt öðruvísi en öll önnur hlutverk sem ég hef fengist við," segir Collette, sem var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í myndinni The Sixth Sense.

„Ellen er mjög heiðarleg kona og góð móðir, auk þess að vera snjall skurðlæknir. Síðan lendir hún í þessum ótrúlegu aðstæðum og það ýtir henni fram á brúnina. Hún kemst að því hver hún er í raun og veru og hvað hún er fær um að gera."

Collette segir að þetta sé fullkomið hlutverk fyrir sig og þátturinn bjóði upp á marga möguleika. „Enginn er eins og hann sýnist vera og það var eitt af því sem heillaði mig mest. Allar persónurnar eru bæði eðlilegar og margslungnar," segir Collette.

MYND HELGARINNAR

SNOW WHITE AND THE HUNTSMAN
Laugardag kl. 21.25

Stórbrotin ævintýramynd frá 2012 með Charlize Theron, Kristen Stewart og Chris Hemsworth í aðalhlutverkum. Hér er á ferðinni skemmtileg útfærsla á klassískri sögu Grimm-bræðra um illkvittna drottningu sem hatar fagra stjúpdóttur sína. Hún sendir veiðimann með Mjallhvíti út í skóg til að drepa hana en í þessari útgáfu verður veiðimaðurinn bjargvættur hennar og hjálpar henni í baráttunni við hina illu drottningu.

10 BÍÓ Á STÖÐ 2 BÍÓ

BÍÓ **TOPPMYNDIR**
Kl. 22.00 alla daga

Miðvikudagur
Sherlock Holmes: A Game of Shadows

Laugardagur
After.life

Fimmtudagur
Rock of Ages

Sunnudagur
Contraband

Föstudagur
Blitz

Mánudagur
Water for Elephants





Þriðjudagur
Red

Guðmundur Finnbogason, einn eigenda Vegamóta, býður áskrifendum Stöðvar 2 í Stöð 2 Vild góðan afslátt af mat og drykk. MYND/VILHELM

VEGAMÓT Í STÖÐ 2 VILD

Nú býðst áskrifendum Stöðvar 2 sem skráðir eru í Stöð 2 Vild 35 prósenta afsláttur af öllum mat og drykk á Vegamótum.

„Við bjóðum 35 prósent afslátt af öllum mat og drykk á matseðlinum okkar milli klukkan 11 og 16 mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga. Það er því hægt að gera mjög vel við sig. Matseðillinn er veglegur svo allir ættu að finna eitthvað sem þeim líkar. Ef fleiri en sex ætla að borða er gott að hringja á undan og þá tökum við frá borð," segir Guðmundur Finnbogason, einn fjögurra eigenda Vegamóta. Staðurinn hefur löngu fest sig í sessi í veitingastaðaflóru borgarinnar en er nú með breyttu sniði.

„Nú erum við eingöngu veitingastaður en við lokuðum nýlega skemmtistaðnum Vegamót," segir Guðmundur. „Þetta gengur frábærlega vel og hér er fullt í mat fram að miðnætti. Við erum líka búin að lengja opnunartímann í eldhúsinu hjá okkur. Nú er eldhúsið opið frá sunnudegi til miðvikudags fram til klukkan 23, á fimmtudögum til klukkan 23.30 og á föstudögum og laugardögum til klukkan 24. Fólk getur svo setið í rólegheitum og klárað matinn, fengið sér desert og kokteil en við erum einnig nýbúin að stækka kokteilaseðilinn okkar."

DRAUMALEIKUR UMFERÐARINNAR

Sannkallaður stórleikur fer fram í enska deildarbikarnum í dag. Þá mætast erkifjendurnir og stórveldin tvö, Liverpool og Manchester United, á heimavelli þeirra síðarnefndu á Old Trafford. Leikurinn verður í beinni útsendingu á bæði Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2 í leiftrandi háskerpu.

Útsending hefst kl. 18.35 en leikurinn kl. 18.45. Guðmundur Benediktsson, íþróttafréttamaður á Stöð 2 Sport, verður í Manchester og lýsir leiknum. „Það er svolítið síðan fyrstu leikirnir fóru fram í keppninni en í þessari umferð mæta liðin sem urðu í sex efstu sætum úrvalsdeildarinnar í fyrra og þá fengum við þennan draumaleik. Það skiptir ekki máli hvenær þessi lið mætast, áhorfendur geta alltaf búist við hörkuleik enda svakalegur rígur á milli þessara stórliða."

Misjafnt er hversu mikla áherslu stórliðin leggja á enska deildarbikarinn en Guðmundur hefur litlar áhyggjur af því. „Það kæmi mér ekki á óvart að sjá bæði liðin stilla upp sínu sterkasta liði. David Moyes, hinn nýi knattspyrnustjóri United, er undir mikilli pressu eftir slaka byrjun liðsins í vetur og Liverpool hefur unnið fáa titla undanfarin ár."

Leikurinn gæti auk þess verið sá fyrsti sem Úrúgvæinn litríki Suárez spilar á leiktíðinni fyrir Liverpool en hann lauk nýlega tíu leikja banni. Auk þess að lýsa leiknum í beinni útsendingu mun Guðmundur hitta leikmenn og jafnvel þjálfara eftir leikinn. „Við vitum aldrei fyrir fram hverja við fáum að hitta enda skiptir það ekki öllu máli, þetta eru tvö stjörnum prýdd lið þannig að ég get lofað góðum viðtölum."

BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949

Toyota Land Cruiser 150 GX 10/2011 ek.48þús. Sjálfskiptur. Dráttarbeisli. Búinn í 45þús km skoðun. 7 manna. Fallegur bíll. Ásett verð 9.490.000.- Rnr.285822

M.Benz GLK CDI 4Matic 10/2012 ek.12þús. Sjálfskiptur. Dráttarbeisli. Dísel. Mjög fallegur bíll. Aukahlutir fyrir ca.1.300.000.- Ökutæki er í sal. Ásett verð 8.150.000.- Rnr.104147

Kia Sorento III EX Classic Diesel 10/2010 ek.59þús. Sjálfskiptur. 1 eigandi. Filmur. Ásett verð 5.290.000.- Rnr.286048

Volvo XC90 V8 9/2005 ek.104þús. Sjálfskiptur. Hlaðinn aukabúnaði. TILBOÐSVERÐ 2.090.000.- Rnr.310556.

Vegna mikillar sölu þá vantar okkur bíla á söluskrá og í salinn.

www.bilarydvorn.is
S. 587 1390

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is

VANTAR ALLAR GERÐIR BÍLA Á SKRÁ OG Á STAÐINN!!, Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bilar.is

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.
www.100bilar.is

Stofnað 1974
Bílamarkaðurinn

CADILLAC Deville. Árgerð 1996, ekinn 232 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.490.000. Rnr.230080.

HONDA Civic 5dr. Árgerð 2013, ekinn 23 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur bakkmyndavél ofl. Verð 3.390.000. Rnr.105353.

NISSAN Qashqai se. Árgerð 2012, ekinn 57 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.490.000. Rnr.104801.

HONDA Cr-v elegance. Árgerð 2012, ekinn 29 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.750.000. Rnr.105366.

Bílamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800

Bílalíf

RENAULT KANGOO EXPRESS. Árgerð 2008,ekinn aðeins 63.þ km,5 gírar.Verð 1.390.000.- verð með VSK,er á staðnum,lítur sérlega vel út.Rnr.321000.S:562-1717.

Bílalíf
Kletthás 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið virka daga 10-18
www.bilalif.is

bíll.is
bestir í bílum...

SÁ FLOTTASTI
LAND ROVER Range rover sport HSE. Árgerð 2006, ekinn 88 Þ.Km Ljóst leður bíll í 100% standi Verð 4.980.000. Rnr.136440.

EINSTAK EINTAK
PORSCHE 911 turbo s. Árgerð 2004, ekinn 56 Þ.KM umboðsbíll Algjört dekur eintak Verð 9.900.000. Rnr.136449.

Bíll.is
Sími: 577 3777
www.bill.is

bilfang.is
S. 567 2000

FORD TRANSIT 350 TOURNEO Árgerð 2011. Ekinn 70 Þ.KM verð 3.400.000 auk virðisauaskattur.

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

Bíla & FerðavagnaMarkaður

Til sölu Volvo XC90 AWD ek., 63 þús. km mjög góður bíll. Möguleg skipti á ódýrari fjórhjóladrifsbíl. Verð 4690 þús. raðn. 121842.

Ferðavagnamarkaður
Höfðabakka 9, 110 Reykjavík
Sími: 445 3367
Sérhæfum okkur í ferðavögnum.
www.ferdavagnamarkadur.is

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR

SUBARU Forester. Árgerð 2010, ekinn 97 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.180027.

MERCEDES BENZ B 180 cdi. Árgerð 2012, ekinn 19 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.950.000. Rnr.111185.

KIA Rio. Árgerð 2012, ekinn 40 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.390.000. Rnr.990556. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is



MAZDA CX-5 VISION 05/2013, ekinn 5 Þ.km, bensín, sjálfskiptur, ekki bílaleigubíll! Verð 5.350.000. Raðnr.251453 á www.BILO.is

Höfðahöllin
Funahöfða 1, 110 Rvk.
Sími: 567 4840
www.bilo.is

KRÓKUR

KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

HEKLA
REYKJANESBÆ

M.BENZ A 180. Árgerð 2005, ekinn 136 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 1.790.000. Rnr.110806.

MAZDA 6. Árgerð 2003, ekinn 122 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.090.000. Rnr.110765.

MAZDA 3. Árgerð 2004, ekinn 192 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 950.000. Rnr.110763.

Hekla Söluumboð
Njarðarbraut 13, 260
Reykjanesbæ
Sími: 420 3040
www.heklarnb.is

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN www.nyja.is

SSANGYONG Rexton ii rx disel . Árgerð 2007, ekinn 125 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.890. Rnr.113588.

LEXUS Is250. Árgerð 2008, ekinn aðeins 54 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. umboðsbíll og mjög vel útbúinn Verð 3.990. Rnr.219277.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

Bílar til sölu

LÍTIÐ EKINN LAND CRUIS
Til sölu Land Cruiser 120 GX árg. 2008. Ekinn aðeins 44 þúsund km. Ásett verð 6.250.000. Skipti koma ekki til greina. Upplýsingar í síma 8654253.



Rafmagn og Bensín. Nissan Leaf Rafbíll frá 2.995þ, Ford Focus Rafbíll frá 3.995þ, Chevrolet Volt Raf+Bensín frá 3.995þ Toyota Prius Plug-in Raf+Bensín frá 3.995þ, Toyota RAV4 Tesla rafbíll frá 4.995þ. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus.is - S.5522000

HJÓLASTILLINGAR FYRIR FÓLKSBÍLA, JEPPA OG JEPPLINGA
VELDU ÖRYGGI
www.solning.is
SÓLNING
Smiðjuvegi 44 Kópavogi ☎ 544 5000
Hjallahrauni 6 Hafnarfirði ☎ 565 2121
Renault

0-250 þús.



ÚTSALA 60 PÚS!
Dawoo Lanos árg ,99, bs, ek. 140 þús. Skoðaður út árið. Fæst á aðeins 60 þús. S. 891 9847

250-499 þús.

SJÁLFSKIPTUR LEGACY 4X4
Subaru Legacy station 4x4. árg ,99, ek. 211þús km, Ssk, heilsársdekk, ný Tímareim, mjög heill og góður bíll. ásett verð 650þús. Tilboðsverð 480þús. uppl í s:659-9696

500-999 þús.

HYUNDAI GETZ SPORT
Hyundai Getz 1,6. árg ,03. ek.142 þús, bs, 5 d, með spoilerkiti og topplúgu, cd, rafm. í rúðum, leðrað stýri dráttarkrókur ofl. eyðir litlu og er sprækur ásett verð 720 þús TILBOÐ 550 ÞÚS stgr s.659-9696

Bílar óskast

STAÐGREIÐI BÍLA 0-300 ÞÚS!
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með þening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

!!! 0-300ÞÚS STAÐGREITT !!!
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 300þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815
eða sendu sms.

Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Bílaþjónusta

Landferðir hópferðabílar. Keyrum hópinn þinn. Leigjum einnig út rútur Bjóðum gott verð og góða þjónustu Sími 6474755 landferdir.is landferdir@landferdir.is

Hjólbarðar

VAKA

FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Jeppadekk

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3 - 112 Reykjavík
Sími 567 4468
GENERAL TIRE

Varahlutir

VW - SKODA - VARAHLUTIR
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852

SMÁPARTAR.IS
Eigum orðið mikið úrval notaðra varahluta í Subaru, Skoda, Suzuki, Nissan, Opel, Wolkswagen, Kyron, Mitsubishi, Honda, Peugeot, Renault, Ford Escepe. Uppl. á Smápartar.is eða í s. 567 5040/ 7785040

Viðgerðir

BÍLFIX
Allar almennar bílaviðgerðir
Á BETRA VERÐI!
778-3911
Smiðjuvegur 26 Rauð gata Kópavogi

Barnaheill
Save the Children á Íslandi



ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

FAGLÆRÐIR PÍPARAR
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

VANTAR ÞIG PÍPARA ?
Getum bætt við okkur verkefnum, viðgerðir, viðhald og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. Tilboð/tímavinna. Uppl. í s. 869 4808 Heimslagnir ehf.

Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

A-Ö ÞRIF&HREINLÆTI S. 662 0662
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Garðyrkja

Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

ÓÝRAR GARÐKLIPPINGAR
Nú er rétti tíminn fyrir garðklippingar. Fáðu verðtilboð. Engi ehf Sími: 615-1605.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

REGNBOGALITIR MÁLNINGARÞJÓNUSTA
Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

HIMNAMÁLUN
Geri tilboð í allt sem tengist málningarvinnu og sandsparsli. Heiðarleiki, fagmennska og sanngjarnt verð. Himnamálun Hilmar Sigurðsson málarameistari S: 851-1960. himnamalun@gmail.com

MÁLARAMEISTARI
Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

PARKETSLÍPUN REYKJAVÍKUR
Parketslípun um allt land. 20 ára reynsla. Aðeins hágæða efni. kr. 2500.- fm. www.parketslipunrvk.is S. 7728100. Geymið auglýsinguna. Alltaf besta verðið.

NÝBYGGINGAR
Byggingastjóri/Húsasmíðameistari Mótauppsláttur og nýbyggingar. Erum með steypumót og það sem til þarf. Föst verð. Uppl. Páll s. 840-6100.

Nudd

nudd nudd nudd, slökunar nudd, opið 9-24 Nuddstofa 101 Rvk Zlata . S: 897 7427

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. Rafneisti@gmail.com

Önnur þjónusta

BEAUTY IN BLACK HOLTSBÚÐ 61 GARÐABÆ
Nú er það svart. Sími 695-6679 Facebook: Beauty in Black.

KEYPT & SELT

Til sölu

MILD MORGUN- OG KVÖLDBIRTA
Fallegir saltkristalslampar í miklu úrvali. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös: kl 14-18. Sími 517-8060. www.ditto.is

HITAVEITUSKELJAR OG LOK
Eigum til Hitaveituskeljar til afgreiðslu strax.Stærð 210x210cm. 1650 lítrar. Byggaðar úr trefjagleri. Sterkustu og vönduðustu hitaveituskeljar á markaðnum í dag. Litir: Svört og Moonscape. 100% sjálfberandi skeljar. Eigum lok á lager fyrir rafmagnspotta og hitaveituskeljar. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000, (Sogavegi 3, í verslun Fiskikóngsins)

Óskast keypt

KAUPI GULL !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL
og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA
SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

3JA HERB. ÍBÚÐ Í 105
Góð 70fm íbúð til leigu. Langtímaleiga. Leiguverð 180þús. Uppl. í s. 781 7175.

Góð 80fm, 3ja herb., íbúð á Laugarvegi. Laus strax. Verð 190 þús. S. 824 6692.

LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Húsnæði óskast

Kona óskar eftir stúdíó eða innréttuðum bílskúr til leigu. Uppl. í s. 551 4421

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUSVÆÐIÐ EIRHÖFÐA 2-4 REYKJAVÍK
Vantar þig að geyma bíla, báta, tæki og tól. Vaktað og afgirt geymslusvæði á besta stað í bænum.
Upplýsingar í síma 577-1555 eða geymslusvæði@kemis.is

GEYMSLUR.COM
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

GEYMSLUHÚSNÆÐIÐ AUÐNUM II, 190 VOGAR.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

ATVINNA

Atvinna í boði

TOKYO SUSHI
er vinsæll veitingastaður í Glæsibæ sem býður ferska og fljótlega hollustu. Við leitum að jákvæðum og kraftmiklum starfsmönnum

1. Aðstoðarfólk til að vinna í eldhúsinu okkar í hluta starfi og fullu starfi.

2. Afgreiðslufólk í sal.

Sendu okkur umsókn á tokyo@tokyo.is með ferilskrá og mynd. Upplýsingar um staðinn er á www.tokyo.is.

Gluggagerðin óskar eftir vönum smið í úti og innivinnu. Aðeins íslenskumælandi réttindamaður kemur til greina. Uppl. í s. 566 6630 og gluggagerdin@gluggagerdin.is

Óskum eftir samviskusömum og duglegum einstaklingi á hljólbarða og smurþjónustu Bílkó. Nánari uppl. gefur Guðni í s. 618 0560.

Leita að fagmann til að gera við þak á húsi uppl. s:8482759 og kelmendi@gmail.com

Hressingarskálinn óskar eftir kokki eða vönum manni í eldhúsið, okkur vantar skemmtilegt fólk sem er vant eldhústörfum sem fyrst.Vinsamlega sendið póst á johanna@hresso.is

TILKYNNINGAR

Einkamál

Tilbreyting? Nú eru margar nýjar auglýsingar kvenna sem leita ævintýra með körlum á Rauða Torginu Stefnumót. Símar 905-2000 og 535-9920.

fasteignir

LANDMARK
FASTEIGNASALA

AUSTURBRÚN 30 - 104 RVK
OPIÐ HÚS Í DAG KL.17:30-18:00

Sýnum í dag parhús á tveimur hæðum á þessum gróna og vinsæla stað, húseign stendur innarlega í götu. Rúmgóð suð-austur ca. 90 fm verönd er bakatil við hús og mjög skjólgott port sem snýr til vesturs er framan við hús.
EIGNIN GETUR VERIÐ LAUS FLJÓTLEGA.
Sveinn fasteignasali á staðnum s: 6900.820

Sveinn Eyland, löggiltur fasteignasali - gsm: 6900-820
LANDMARK fasteignasala – Bolholti 4 s: 512-4900

tilkynningar

Kjarnaskógur og Hamrar – Tillaga að deiliskipulagi

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi fyrir Kjarnaskóg og Hamra skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagssvæðið afmarkast af mörkum sveitarfélagsins að sunnan, hamrabelti ofan Kjarnaskógar og Hamra að vestan, óbyggðu svæði að norðan og Eyjafjarðarbraut að austan.

Tillöguuppdráttur ásamt greinargerð mun liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 1. hæð frá 25. september til 6. nóvember 2013, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Akureyrarkaupstaðar: www.akureyri.is/skipulagsdeild undir: Auglýstar tillögur.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16:00 miðvikudaginn 6. nóvember 2013 og skal athugasemdum skilað skriflega til skipulagsdeildar Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 3. hæð eða með tölvupósti (skipulagsdeild@akureyri.is) þar sem nafn, kennitala og heimilisfang sendanda kemur fram.

Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

25. september 2013

Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar

Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI
Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

Miklaborg hefur til sölu

Huldubraut

Sérlega vel viðhaldið 330 fm einbýli á sjávarlóð í vesturbæ Kópavogs með fallegu útsýni til norðurs og möguleika á tveimur aukaíbúðum.

Stórbrotið útsýni úr bjartri stofu, 4 svefnherbergi og vandaðar innréttingar.

Í kjallara og á jarðhæð væri möguleiki að gera tvær aukaíbúðir með sér inngangi.

Verð **95,0 millj.**

200 Kópavogur







Nýlendugata

177,6 fm einbýlishús á þremur hæðum á þessum eftirsótta stað í miðborginni.

Húsið er nánast allt endurnýjað að innan sem utan.

Eignin skiptist m.a. í 3 svefnherbergi, stórt fjölskyldurými á jarðhæð, stofu og borðstofu.

Verð **59,5 millj.**

101 Reykjavík

Gerðhamrar

Glæsilegt og mikið endurnýjað 350 fm einbýli á sjávarlóð í Grafarvogi.

Möguleika á aukaíbúð á jarðhæð með sér inngangi.

Eignin er endurnýjuð á vandaðan hátt.

Sérsmíðaðar innréttingar og vönduð tæki.

Lóðin er falleg og snýr í suður og þaðan gengið niður í fjöruna.

Verð **120 millj.**

112 Reykjavík

Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

F A S T E I G N A S A L A N

MIKLABORG

- með þér alla leið -

Við erum við símann
569 7000
Síðumúla 13 108 Reykjavík
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
www.miklaborg.is

Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

EIGNAMIÐLUN

Frá 1957

Sala fasteigna í 55 ár

Elsta starfandi fasteignasala landsins

Tröllateigur 30 - raðhús

Vandað 212 fm endaraðhús á tveimur hæðum á góðum stað. Stór og falleg timburverönd er við húsið. Húsið er með vönduðum innréttingum og tækjum. Á gólfum er ýmist parket eða mustangflísar. Hellulögð innkeyrsla. **Eignin verður sýnd miðvikudaginn 25.september milli kl. 17:30 og kl. 18:00.**
V. 28,9 m.3094

Laufrimi 3 - íbúð 0201

Falleg vel skipulögð 3ja herbergja 80,3 fm íbúð á efri hæð í litlu fjölbýli. Parket. Tvö góð herb. Svalir. góð sameign. Íbúðin er laus strax. **Eignin verður sýnd miðvikudaginn 25.september milli kl. 17:30 og kl. 18:00.**
V. 20,9 m. 3172

Vallarás 1 - Fjórða hæð í lyftuhúsi

Vel skipulögð 87 fm íbúð á 4.hæð í lyftuhúsi. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, tvö svefnherbergi, baðherbergi, eldhús og stofu. Á jarðhæð er sér geymsla og sameiginlegt þvottahús með vélum. Laus strax. **Eignin verður sýnd miðvikudaginn 25.september milli kl. 17:30 og kl. 18:00**
21,9 m. 3169

Flétturimi 30 - 0302

4ra herbergja 86,1 fm íbúð á 3.hæð í enda í fallegu vel staðsettu fjölbýlishúsi. 3. svefnherb. Suðvestursvalir með fínu útsýni. Mjög góður staður. Laus strax. **Eignin verður sýnd miðvikudaginn 25.september milli kl. 17:30 og kl. 18:00.**
V. 21,9 m. 3166

Eiðismýri - Eldri borgarar

Mjög glæsileg, björt og frábærlega vel staðsett ca 103 fm íbúð á 3. hæð í góðu lyftuhúsi á Seltjarnarnesi. Tvö svefnh., rúmgóð stofa, baðh. m. tengi fyrir þvottavél og yfirbyggðar svalir að hluta. Heitur matur í hádeginu, húsvörður og sam. tómstundasalur með billjard borði og fleiru.
Íbúðin er laus fljótlega.
3187

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

SMIÐIR VERKAMENN MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN OG MÚRARA SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.

HANDAFL EHF

s. 777 2 333

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Aðstoðarleikskólastjóri

Staða aðstoðarleikskólastjóra við leikskólann Hörðuvelli er laus til umsóknar.
Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að leiða áfram og taka þátt í góðu faglegu samstarfi í skólanum og hafa að leiðarljósi að gott leikskólastarf má ávallt bæta.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Leikskólakennarapróf
- Framhaldsmenntun og/eða reynsla á sviði stjórnunar æskileg
- Frumkvæði og samstarfsvilji.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sé reiðubúinn til að leita nýrra leiða í leikskólastarfi.
- Hafi áhuga og/eða reynslu til að leiða þróunarstarf

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið við og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna stjórnunarstarfi.

Allar upplýsingar um stöðuna veitir Sigþrúður Sigurþórsdóttir, leikskólastjóri
í síma 555 0721/ 664 5846 horduvellir@hafnarfjordur.is
Umsóknarfrestur til og með 30. september 2013

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

Opin hús í hádeginu í dag! kl. 12 – 12.30

Flétturimi 30 – 3ja - 4ra herbergja

Góð 3ja- 4ra herbergja 86,1 fm. endaíbúð á 3ju hæð.Íbúðin er samkvæmt teikningu 3ja herbergja en hefur verið breytt í 4ra herbergja íbúð.
Verð: 21,9 milljónir
Laus strax
Davíð sýnir eignina frá kl. 12:00 – 12:30

Laufrimi 3 – 3ja herbergja

Góð 3ja herbergja 80,3 fm. íbúð á 2 hæð með sérinngangi af svölum.
Verð: 20,9 milljónir
Laus strax
Ólafía sýnir eignina frá kl. 12:00 – 12:30

Tröllateigur 30, Mosfellsbæ

Glæsilegt 211,9 fm. endaraðhús á tveimur hæðum við Tröllateig 30 í Mosfellsbæ.Húsið er fullbúið á vandaðan máta, marmarasallað að utan, frágengin lóð og hellulögð bílastæði ásamt stórri timburverönd. Gólfefni eru Mustang náttúrusteinn og olíubæsað hnotuparket.
Innbyggð haleogen lýsing - Vandaðar innréttingar
Verð: 48,9 milljónir
Laus strax
Gísli Rafn sýnir eignina frá kl. 12:00 – 12:30

FASTEIGNASALAN fasteign.is
Suðurlandsbraut 18 • Reykjavík • Sími 5 900 800
Ólafur B. Blöndal Lögg. fasteigna- fyrirtækja og skipasali.

Vissir þú að...

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

börn eiga rétt á að leita sér

TILLAGA AÐ BREYTINGU DEILISKIPULAGS ÁSA OG GRUNDA, ARNARNESVOGUR

FORKYNNING

Í samræmi við 4. mgr. 40. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir Garðabær hér með forkynningu á tillögu að breytingu deiliskipulags Ása og Grunda sem nær til opna svæðisins við Arnarnesvog, norðan og austan við fjölbýlishúsið Alviðru við Sjávargrund.
Tillagan gerir ráð fyrir því að heimilt verði að reisa 30 raðhús á einni hæð með bílageymslu. Stærð húsa yrði á bilinu 130-150 fermetrar.
Leikskólalóð norðan Alviðru verður felld út úr deiliskipulagi samkvæmt tillögunni. Gert er ráð fyrir hljóðmönum meðfram Hafnarfjarðarvegi.
Markmið deiliskipulagsbreytingarinnar er að mynda heildstæða, þétta húsaþyrpingu og skjólgóð garðrými í nánum tengslum við útivistarsvæði við Arnarnesvog.
Deiliskipulagstillagan er unnin í samvinnu við Byggingarsamvinnufélag eldri borgara í Garðabæ sem hefur gert samkomulag við Garðabæ um uppbyggingu 25 íbúða á umræddu svæði sem ætlaðar eru félagsmönnum. Áformað er að í 5 húsum sem standa næst Vífilsstaðavegi verði sérhannaðar íbúðir fyrir fatlað fólk.

Almennur kynningarfundur verður haldinn í Flataskóla miðvikudaginn 2. október 2012 og hefst hann klukkan 17:30.

Á fundinum verður tillagan kynnt, opnað fyrir umræður og spurningum svarað.

Forkynning stendur yfir til 18. október nk.
Á meðan á forkynningu stendur er hægt að koma ábendingum til skipulagsstjóra sem einnig mun svara fyrirspurnum um útfærslu tillögunnar.
Öllum ábendingum verður komið á framfæri við skipulagsnefnd og bæjarstjórn en vakin er athygli á því að þær teljast ekki formlegar athugasemdir. Að lokinni forkynningu verður tillagan lögð fram í skipulagsnefnd og vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar.
Þegar bæjarstjórn hefur samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi skal það gert með áberandi hætti og gefst þá tækifæri til að gera formlegar athugasemdir við tillöguna.
Tillagan er aðgengileg á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is og í þjónustuveri Garðabæjar frá 25. september til 18. október 2013.

Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri Garðabæjar

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Egill Árnason™

Wenge Elegance
ásamt 160 öðrum tegundir í boði

Baltic Wood

EITT MEST SELDA VIÐARPARKETIÐ Á ÍSLANDI Í DAG

NÝJUNG



35% Sterkara lakk

Nú er lakkið frá Baltic Wood 35% sterkara en áður og jafnframt með sterkasta lakki sem þekkist fyrir viðargólf í dag.

Sterkt lakk tryggir betri endingu og minna viðhald.

30 ára ábyrgð

Öllu Baltic Wood parketi fylgir 30 ára verksmiðjuábyrgð.

Viðarlæsing

Einstök viðarlæsing með stórri smellu er eitt af einkennum hágæða gólfefna.

Baltic Wood™

Egill Árnason Suðurlandsbraut 20 108 Reykjavík Sími: 595 0500 www.egillarnason.is
Opnunartímar: Mánudaga - föstudaga kl. 9 - 18 og laugardaga kl. 11 - 15

Vinnan á að vera skemmtileg

Rakel Sveinsdóttir hefur undanfarið ár rekið nýsköpunarfyrirtækið Spyr. Hún segir starfið eiga vel við sig þar sem hún sé frétta- og þjóðfélagsumræðufíkill. Rakel segist vera mikill bókaormur sem að komi sér vel á ferðalögum þegar aðrir úr fjölskyldunni vilji stunda útivist.

SVIPMYND
Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri nýsköpunarfyrirtækisins Spyr, er þessa dagana að flytja fyrirtæki sitt í frumkvöðlasetrið á Eiðistorgi. Fyrirtækið, sem er að hennar sögn mitt á milli þess að vera fjölmiðill og samfélagsmiðill, hefur í um ár boðið notendum spyr.is upp á að senda inn spurningar sem starfsfólk vefsins leitar svara við og deilir með lesendum síðunnar.

„Ég var áður framkvæmdastjóri hjá Creditinfo og þegar ég kvaddi fyrirtækið vorið 2011 vissi ég að það væru spennandi og skemmtilegir tímar fram undan og sú varð raunin," segir Rakel og bætir því við að hún hafi alla tíð unnið við skemmtileg störf. „Vinnan á að vera skemmtileg og ég hef verið einstaklega lánsöm í þeim efnum."

Rakel lærði framleiðslu- og rekstrarstjórnun fyrir sjónvarp í Los Angeles á árunum 1991-1992. Hennar fyrsta alvöru starf var sem sölustjóri á Morgunblaðinu. „Þar var ég til þrítugs þegar ég réð mig sem auglýsingastjóra Norðurljósa og þar á eftir rak ég talsetningarfyrirtækið Hljóðsetningu," segir Rakel.

Sumarið 2005 tók hún við starfi framkvæmdastjóra Fjölmiðlavaktarinnar, sem síðar var sameinuð Lánstrausti, undir nafni Creditinfo.

RAKEL SVEINSDÓTTIR Framkvæmdastjóri Spyr leggur mikla áherslu á skemmtilegt starfsumhverfi.

„Þá tók við mjög spennandi tími og það var mikil áskorun að leiða sameininguna því þessi vanskila- og fjárhagshluti sem fylgdi Lánstrausti var algjörlega nýr fyrir mér."

Rakel er fædd í Stykkishólmi en eiginmaður hennar, Gylfi Freyr Konráðsson, girðingaverktaki og starfsmaður Stólpagáma, er frá Hellissandi. Þau eiga tvö börn, Jóhönnu sem er tíu ára og Má sem er sex ára. Að auki eru hundur og köttur á heimilinu.

„Við hjónin vinnum mikið en leggjum áherslu á að helgarnar séu tileinkaðar fjölskyldunni. Annars erum við dugleg að ferðast, fara í útilegur, berjaferðir og ferðalög til útlanda. Ég er þó ekki jafn mikið fyrir hestamennsku og útivist og hinir þrír meðlimir fjölskyldunnar. En ég er mikill bókaormur og get á meðan lesið þeim mun fleiri bækur," segir Rakel.

Spurð hvort hún eigi fleiri áhugamál en bóklestur segir Rakel að hún sé einnig frétta- og þjóðfélagsumræðufíkill. „Þess vegna á núverandi starf þeim mun betur við mig," segir Rakel.

KRAFTMIKIL OG ÓSÉRHLÍFIN

EGILL ÖRN JÓHANNSSON, framkvæmdastjóri Forlagsins.

Ég kynntist Rakel fyrst þegar hún starfaði fyrir Morgunblaðið. Það er óhætt að segja að hún sé ótrúlega kraftmikil, útsjónarsöm og lifandi manneskja. Hvar sem ég hef séð til hennar í starfi, hvort sem er hjá Morgunblaðinu, Creditinfo eða í sprotafyrirtækinu Spyr, er hún sérlega drífandi og sér tækifæri sem jafnvel blasa ekki við hverjum sem er.

HELGA MARGRÉT REYKDAL, framkvæmdastjóri True North.

Rakel er frábær samstarfsmaður í hverju sem hún tekur sér fyrir hendur, því hún gengur af röggsemi í öll verk með jákvæðni og húmorinn að leiðarljósi. Ég kynntist Rakel í gegnum starf FKA þegar við tókum saman sæti í fræðslunefnd félagsins fyrir nokkrum árum. Þrátt fyrir að hún vilji helst einblína á það sem er skemmtilegt hikar Rakel ekki við að tækla það sem er erfitt og fylgir því vel eftir.

JENSÍNA K. BÖÐVARSDÓTTIR, framkvæmdastjóri hjá Landsbankanum.

Við Rakel kynntumst hjá Norðurljósum og höfum verið vinkonur síðan. Hún sýnir öllum í kringum sig áhuga, kann að samgleðjast og er vinur vina sinna. Rakel hefur mikið keppnisskap, er ósérhlífin til vinnu, mjög einbeitt og tekst það sem hún ætlar sér. Hún er bóngóð og hikar ekki við að taka að sér krefjandi verkefni. Rakel hefur mikinn sannfæringarkraft og tókst meðal annars að fá mig með sér til Marbella á Spáni með þriggja tíma fyrirvara. Sú ferð gleymist seint enda er gaman að vera prakkari með Rakel.

Framtíð gagnanna er falin í skýinu

Margar lausnir standa þeim til boða sem vilja afrita og geyma ljósmyndir eða önnur gögn á netinu. Í skýinu má nú nálgast mikið geymslurými án endurgjalds. Sérfræðingur segir skýið mun öruggara en hefðbundnari aðferðir og að það muni brátt skáka hörðu diskunum.

TÆKNI
Þorgils Jónsson | thorgils@frettabladid.is

Síðustu misseri hefur tölvuheimurinn að miklu leyti snúist um „skýið", það er að í stað þess að geyma gögn og vinna með þau á netþjónum eða hörðum diskum innan veggja fyrirtækja og heimila eru þau staðsett á miðlægum netþjónum.

Best þekkta þjónustan í þessum geira er sennilega Dropbox en risarnir Microsoft, Google og Apple eru einnig meðal þeirra sem bjóða upp á slíkar lausnir.

Ísland á sinn fulltrúa í skýjaheimum, sem er sprotafyrirtækið Greenqloud. Tryggvi Lárusson, þróunarstjóri fyrirtækisins, segir að það hafi hingað til einbeitt sér að lausnum fyrir fyrirtæki en nú sé unnið að lausn í líkingu við þær sem um er getið hér að ofan.

Tryggvi að áherslan í þessum efnum sé að gera þessar lausnir auðveldari og öruggari fyrir notendur.

Hann segir aðspurður að óhætt sé að treysta því að geyma gögn á vefnum.

„Yfirleitt eru mjög sterkar öryggisvarnir byggðar í þessar lausnir og flestar verja þær sig gagnvart gagnatapi með því að geyma gögnin á fleiri stöðum en einum samtímis. Það er margfalt öruggara en að vera með allt á einum hörðum diski sem tengdur er við tölvuna. Svo er hraðinn að aukast og verðið á þjónustunni lækkar á hverju ári, þannig að í dag eru þær jafnvel orðnar ódýrari en að kaupa sér harðan disk."

Varðandi framhaldið segist Tryggvi viss um að í fyllingu tímans muni skýið taka við af hörðum diskum. „Það er bara spurning um tíma."

GEYMSLURÝMI Á NETINU

FRÍTT GEYMSLURÝMI ■ 100 GB Í ÁSKRIFT ■
(*) HÆGT AÐ AUKA VIÐ RÝMI MEÐ ÝMSUM LEIÐUM
(+) ÓKEYPIS Í EITT ÁR EFTIR SKRÁNINGU

SugarSync
www.sugarsync.com
→ 5 GB
→ 99$ á ári

www.dropbox.com
→ 2 GB*
→ 99€ á ári

www.icloud.com
→ 5 GB
→ 200$ á ári

box
www.box.com
→ 10 GB
→ 48€ á ári

SkyDrive
skydrive.live.com
→ 7 GB
→ 50$ á ári

SurDoc
www.surdoc.com
→ 100 GB*+
→ 30$ á ári

www.copy.com
→ 15 GB*
→ 99$ á ári
(250 GB)

drive.google.com
→ 15 GB*
→ 60$ á ári

www.bitcasa.com
→ 10 GB
→ 99$ á ári
(ótakmarkað pláss)

ÞÚ VELUR LENGRI LEIÐINA HEIM

NÝR VOLVO XC60

Njóttu ferðarinnar til botns í einstakri hönnun og skandinavískum lúxus. Margverðlaunaða öryggiskerfið Borgaröryggi er staðalbúnaður í Volvo XC60. DSTC stöðugleikastýrikerfið leiðréttir mistök í akstri og CTC beygjuspólvörnin gerir þér kleyft að taka beygjur á meiri hraða, með aukinni mýkt og öruggar en áður. Veghæðin er heilir 23 cm undir lægsta punkt.

HEIMILIÐ ER EKKI LENGUR ÞINN EINI GRIÐARSTAÐUR. NÚ ER BÍLLINN ÞAÐ LÍKA.
LIFÐU Í LÚXUS - VELDU VOLVO.

VOLVO XC60 AWD
VERÐ FRÁ 8.990.000 KR.
VOLVO.IS

KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJU VOLVO 60 LÍNUNA Í BRIMBORG Í DAG.
UPPLIFÐU NÝJAN VOLVO XC60, VOLVO S60 OG VOLVO V60.
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 I volvo.is

Volvo XC60 AWD, D4 dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 163 hö, tog 420 Nm, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,8 l/100 km. CO_2 179 g/km.
Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Netfang
ritstjorn@markadurinn.is
Sími **512 5000** Fax 512 5301

Netfang auglýsingadeildar
auglysingar@markadurinn.is
Veffang **visir.is**

Hin hliðin

GUÐRÚN HÖGNADÓTTIR

Er ekki kominn tími til að tengjast?

Spriklandi fersk eftir líkamlega, andlega og félagslega endurhæfingu í faðmi 95 vinkvenna í Barcelona um síðustu helgi varð mér hugsað til þess hversu vanmetinn máttur nærvera er. Hvernig sköpum við tóm til að leysa úr læðingi þá samlegð sem verður til þegar fólk kemur saman – til að hlusta, læra, skapa og styðja hvert annað? Hvernig hlöðum við batteríin þegar meðalvinnuvika íslenskra stjórnenda er 55 klukkustundir samkvæmt stjórnendakönnun VR? Næring, hreyfing og hvíld eru álitnir klassískir orkugjafar, en samkvæmt nýlegum rannsóknum taugasálfræðinga er tenging (e. connection) ein áhrifamesta leiðin til að endurnýja orkubirgðir okkar og auka lífsgæði og er heilanum okkar lífsnauðsynleg.

Orka hugans kjarni lífsins

Aristóteles sagði að orka hugans væri kjarni lífsins – í lífsspeki Hávamála kemur fram að í félagsskap annarra liggi hamingjan og tilgangurinn. Samkvæmt rannsóknum FranklinCovey er tenging ein af fimm mikilvægustu leiðunum til að brenna ekki út og eykur til muna framleiðni vinnustaða. Einn áhrifamesti starfsánægjuþátturinn skv. Gallup er hvort við eigum „góðan vin í vinnunni“.

Leiðir til að auka ánægju

Tækifæri til umbóta liggja fyrst og fremst í að breyta viðhorfum okkar og skipulagi og uppskera sem aldrei fyrr með aga, forgangsröðun og gleði. Hér koma nokkrar einfaldar leiðir til að auka framleiðni og ánægju sem munu ekki beygla budduna.

- Taktu frá a.m.k. tvær klukkustundir vikulega til að tengjast öðrum án allra hagsmuna. Exedra, Leiðtoga-Auður, Rótarý, Ljósið, Stjórnvísi, foreldrahópar og badmintonkvöld eru allt dæmi um vettvang sem hafa þjónað mér vel í gegnum árin.
- Breyttu viðhorfi þínu. Samvera er ekki lúxus sem maður afneitar. Samvera er lífsnauðsynlegur orkugjafi sem mun endurspeglast í þjóðarframleiðslu og lífsgæðum. Settu samverustundir í forgang – t.d. geta sunnudagskvöldverðir í faðmi stórfjölskyldunnar verið uppspretta framúrskarandi næringar inn í vinnuvikuna.
- LinkedIn og Facebook eru mikilvæg samskiptatorg. En ekkert kemur í stað alvöru samveru – þar sem við finnum að einhver er virkilega til staðar, veitir okkur óskipta athygli, skorar á okkur og skilur. Kipptu vini með þér í hundalabbitúrinn eftir vinnu eða taktu vinnufundinn gangandi úti – það jafnast ekkert á við að labba og rabba.
- Búðu til sjóð opinna spurninga til að koma samtalinu af stað. „Hvað færir þér mesta gleði?“ „Af hverju í síðustu viku ert þú stoltust(astur)?“ „Hvar sérðu sjálfa(n) þig eftir fimm ár?“ „Hvernig samfélag er Ísland í fullkomnum heimi?“ Geðorðin tíu minna okkur á að „reyna að skilja og hvetja aðra í kringum þig“.
- Lærðu aftur að hlusta. Notaðu þögnina, ekki þykjast hlusta á meðan þú ert að búa til þitt eigið svar í huganum. Vertu bara til staðar. Samkvæmt kínverskri speki er æðsta gjöfin sem þú gefur nokkrum manni skilningsrík hlustun.

Bítlarnir skoruðu á okkur að koma saman. „Come together right now“ – og höldum áfram að hlúa að velferð þjóðar.



WHIRLPOOL TILBOÐ

TVÖ FRÁBÆR ÞVOTTAVÉLATILBOÐ

TAKMARKAÐ MAGN

Whirlpool

Whirlpool AWOD7116
- 1600 snúninga þvottavél
- Tekur 7kg í þvott
- 6th Sense Infinite Care
  - Skynjar óhreinindi í vatni sem flýtir þvottatíma
- 52 lítra tromla
- Rafeindastýrður kerfisveljari og hitastillir
- LCD Skjár
- Clean+ blettakerfi
- 15 þvottakerfi ásamt 30 mín hraðkerfi
- Stafræn niðurtalning á þvottatíma
- Þvotthæfni A
- Vinduhæfni A
- Orkunýting A++
- Orkunotkun: 198 kWh/ári
- Íslenskt stjórnborð og íslenskur leiðarvísir

TILBOÐ
89.995
FULLT VERÐ 114.995

Whirlpool

Whirlpool AWOD8244
- 1400 snúninga þvottavél
- Tekur 8kg í þvott
- 6th Sense Infinite Care
  - Skynjar óhreinindi í vatni sem flýtir þvottatíma
- 56 lítra tromla
- Rafeindastýrður kerfisveljari og hitastillir
- LCD Skjár
- Clean+ blettakerfi
- 15 þvottakerfi ásamt 15 mín hraðkerfi
- Stafræn niðurtalning á þvottatíma
- Hljóðlátur kolalaus mótor
- Þvotthæfni A
- Vinduhæfni B
- Orkunýting A+++
- Orkunotkun: 156 kWh/ári
- Íslenskt stjórnborð og íslenskur leiðarvísir væntanlegt

TILBOÐ
99.995
FULLT VERÐ 119.995

ÞVOTTAVÉLAR MEÐ ÍSLENSKU STJÓRNBORÐI OG LEIÐARVÍSI

Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • **KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

SUDOKU

LÉTT

2		9		8		4		
		4		2				7
5	8		1	3		9		
6	4				8	5		9
		1			9		7	6
9		3				8	2	
					7		3	
	2	8	4					1
1		6						

MIÐLUNGS

2				3		7		
	5			6	7			
			9		2	8		5
3	9	5		8		2		
			5		4	9		
						5		6
	4		3	2			5	
		6	7	4	8		2	
7	1							

PUNG

4					3	6		
5			4	9		7	8	
		1	2		7			4
				1	5			7
	3				4		6	
			7				1	3
					6	5		9
	5	7	9			4		

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

5	2	6	7	3	9	8	4	1
7	8	1	2	4	6	5	9	3
9	3	4	5	8	1	2	6	7
1	9	3	8	5	7	6	2	4
8	4	5	1	6	2	7	3	9
6	7	2	3	9	4	1	5	8
2	5	8	4	7	3	9	1	6
3	6	7	9	1	5	4	8	2
4	1	9	6	2	8	3	7	5

5	7	9	2	4	1	6	8	3
4	2	6	8	3	9	7	5	1
1	8	3	5	7	6	4	9	2
6	3	8	9	5	7	1	2	4
2	5	1	6	8	4	3	7	9
7	9	4	1	2	3	5	6	8
3	1	2	7	6	8	9	4	5
8	4	7	3	9	5	2	1	6
9	6	5	4	1	2	8	3	7

6	3	5	2	9	7	4	1	8
1	8	9	3	4	6	5	7	2
7	2	4	8	5	1	9	3	6
8	4	3	9	1	5	6	2	7
2	9	6	7	3	4	8	5	1
5	1	7	6	8	2	3	4	9
3	5	8	1	2	9	7	6	4
4	6	2	5	7	8	1	9	3
9	7	1	4	6	3	2	8	5

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS Eftir Frode Øverli

HANDAN VIÐ HORNIÐ Eftir Tony Lopes

BARNALÁN Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SPAKMÆLI DAGSINS

Illir hrafnar eiga unga sér jafna.

Höfundur ókunnur

KROSSGÁTA



LÁRÉTT

2. útdeildu, **6.** org, **8.** nafar, **9.** kvk. nafn, **11.** tveir eins, **12.** flatfótur, **14.** kvk nafn, **16.** skóli, **17.** netja, **18.** andi, **20.** tveir eins, **21.** staðarnafn.

LÓÐRÉTT

1. skóbotn, **3.** í röð, **4.** forskot, **5.** dýrahljóð, **7.** land í Evrópu, **10.** írafár, **13.** angan, **15.** illgresi, **16.** skammst., **19.** tveir eins.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. gáfu, **6.** óp, **8.** bor, **9.** lóa, **11.** rr, **12.** ísilg, **14.** lilja, **16.** ma, **17.** mór, **18.** önd, **20.** ff, **21.** oddi.

LÓÐRÉTT: 1. sóli, **3.** áb, **4.** forgjöf, **5.** urr, **7.** pólland, **10.** asi, **13.** ilm, **15.** arfi, **16.** móo, **19.** dd.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Jón Trausti Harðarson (1930) lagði landsliðskonuna Jóhönnu Björgu Jóhannsdóttur (1911) í 2. umferð b-flokks Gagnaveitumótsins–Haustmóts TR.

Hvítur á leik

18. Rc4! dxc4? (18...Bd4+ hefði verið betra) 19. Bxd6 Dh4 20. Bxb8 Rxb8 21. g3. Tveimur skiptamunum yfir vann Jón Trausti örugglega. Jón er efstur í b-flokki ásamt Inga Tandra Traustasyni, Þóri Benediktssyni og Hallgerði Helgu Þorsteinsdóttur. **www.skak.is** Tölvutekshraðskákmótið (undanrásir) á morgun.

Mjólk er góð!

Holl mjólk
hraustir krakkar

Í dag er alþjóðlegi skólamjólkurdagurinn og af því tilefni bjóða íslenskir kúabændur og MS öllum 70.000 grunn- og leikskólabörnum landsins upp á mjólk í skólanum.

Mjólk er öflugur kalkgjafi og því mikilvæg fyrir byggingu sterkra beina. Hún er full af próteini og uppspretta hvorki meira né minna en ellefu lífsnauðsynlegra vítamína og steinefna. **Mjólk er góð.**

ENNEMM / SÍA / NM54439

14. alþjóðlegi
SkólaMjólkurdagurinn
25. september 2013

Gaddakylfan afhent í dag

Gaddakylfan 2013 verður afhent við skuggalega athöfn á Skuggabarnum á Hótel Borg í dag klukkan 17.

Gaddakylfan er smásagnasamkeppni á vegum Hins íslenska glæpafélags, Vikunnar og Koggu.

Á Skuggabarnum mun Margrét Frímannsdóttir, fangelsisstjóri á Litla-Hrauni og formaður dómnefndar, afhenda sigurvegaranum verðlaunagrip, sjálfa Gaddakylfuna.

Þá verða einnig veittar viðurkenningar fyrir sögurnar sem lentu í 2. og 3. sæti, en allar verðlaunasögurnar þrjár munu birtast á síðum Vikunnar.

Alls bárust 44 sögur í keppnina að þessu sinni. Þriggja manna dómnefnd sem valdi þær bestu var auk Margrétar skipuð Helgu Dís Björgúlfsdóttur blaðamanni og rithöfundinum **Stefáni Mána.**

Súrsæt skrímsli í lestinni

Agnes Wild er leikstjóri verksins Play for September sem hlaut verðlaun sem besta nemendaleiksýningin á Edinborgarhátíðinni í sumar. Hún er útskrifuð leikkona en lætur sér ekki leiklistina nægja og sendir frá sér sína fyrstu bók á næstu vikum. Bókin heitir Súrsæt skrímsli og er barnabók fyrir krakka á öllum aldri.

Við byrjum að sýna í Pleasance Islington í kvöld og sýnum fimm sinnum, sem er mjög spennandi," segir Agnes Wild, sem leikstýrir sýningunni Play for September sem hlaut NSDF-verðlaunin sem besta nemendaleiksýningin á Edinborgarhátíðinni í sumar, en hluti verðlaunanna fólst einmitt í því að fá aðstöðu til sýninga í leikhúsinu í London.

Agnes útskrifaðist úr leikaranámi frá East 15 Acting School í London í júní. Hvernig kom það til að hún gerðist leikstjóri sýningarinnar? „Ég var búin að vera að leikstýra dálítið á Íslandi, mestmegnis börnum og unglingum, en þegar ég flutti út fór ég í kúrs sem heitir Acting and Contemporary Theatre og lokaverkefnið okkar á þeirri braut var að skrifa leikrit og setja það upp sem leikhópur. Vinkona mín skrifaði þetta leikrit og ég sá strax að ég gæti ekki leikið í því þar sem persónurnar eiga að vera 14 ára og ég lít ekki alveg svo unglega út. En mig langaði óskaplega að taka þátt í sýningunni, bað um að fá að leikstýra henni og það var samþykkt."

Agnes er 24 ára gömul og lætur sér ekki nægja að leika og leikstýra því á næstu vikum kemur fyrsta bók hennar, Súrsæt skrímsli, út hjá bókaútgáfunni Draumsýn. Þetta er barnabók með teikningum eftir skólasystur Agnesar, Lucy Townsend. Hvernig stóð á því að hún fór að skrifa bók í miðju leiklistarnáminu? „Þetta eru vísur um alls kyns skrímsli sem verða á vegi okkar, eins og táfýluskrímsli, tölvuskrímsli og svo framvegis. Ég byrjaði að fikta við að setja þetta saman í lestinni á leiðinni í skólann bara af einmanaleika. Þetta er hress og skemmtileg bók sem á að kenna krökkunum eitthvað um það hvernig best er að haga sér en þó fyrst og fremst að njóta íslenskunnar. Skemmta sér við að ríma og njóta þess sem ljóðformið býður upp á."

Þig langar ekki að skrifa leikrit upp úr bókinni? „Jú, kannski, en draumurinn er að úr þessu verði teiknimyndir fyrir sjónvarp. Vonandi rætist sá draumur einhvern tíma."

fridrikab@frettabladid.is

SÚRSÆT SKRÍMSLI „Þetta eru vísur um alls kyns skrímsli sem verða á vegi okkar, eins og táfýluskrímsli, tölvuskrímsli og svo framvegis," segir Agnes um efni bókarinnar.

Elsku mamma mín…

BÆKUR ★★★

Ballið
IRÈNE NÉMIROVSKY
ÞÝÐING: FRIÐRIK RAFNSSON
JPV-ÚTGÁFA

Snobb, sókn eftir félagslegri viðurkenningu þeirra sem „fínni" eru, erfiðleikar móður við að sætta sig við að eiga unglingsdóttur sem gæti stolið athyglinni, yfirborðsmennska, tengslaleysi kynslóðanna og eftirsókn eftir vindi eru meginstefin í nóvellu Irène Némirovsky, Ballinu, sem komin er út í íslenskri þýðingu Friðriks Rafnssonar. Sagan kom fyrst út 1930 og er að ýmsu leyti barn síns tíma – auðvitað – en stendur þó enn vel fyrir sínu og gæti auðveldlega átt við okkar daga.

Némirovsky var nánast óþekkt hérlendis áður en saga hennar Frönsk svíta kom út hér fyrir tveimur árum, en sú bók og ekki síður ævi höfundarins vöktu mikla athygli og komu henni rækilega á kort íslenskra lesenda. Ballið er eldri saga en Frönsk svíta, knappari og hæðnari en skrifuð af sama listfengi og persónurnar jafn sterkar.

Í stuttu máli greinir sagan frá hinum nýríku Kampfhjónum sem endilega vilja halda ball fyrir fína fólkið til að sýna ríkidæmi sitt. Tæplega fimmtán ára dóttur þeirra, Antoinette, langar á ballið en móðir hennar harðbannar það með þeim afleiðingum að stúlkan hefnir sín grimmilega. Afleiðingarnar eru fyrirsjáanlegar en Némirovsky er svo flinkur stílisti með svo næma tilfinningu fyrir núönsunum í mannlegum samskiptum að lesandanum er slétt sama þótt augljóst sé hvert stefnir. Samúð höfundarins er öll með ungu stúlkunni, foreldrarnir eru hálfgerðir karikatúrar af nýríku snobbuðu fólki og aðrar persónur eru í algjöru aukahlutverki. Átökin milli mæðgnanna fara að mestu leyti fram í huga stúlkunnar, móðirin er of sjálfsupptekin og grunn til að gera sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna fyrr en það er um seinan. Stúlkan stendur uppi sem sigurvegari, unga kynslóðin á enn þá séns á því að taka aðra og betri stefnu en foreldrarnir.

Þetta efni hefur auðvitað verið ansi oft notað síðan Ballið kom út og allar aðstæður og framvindu þekkir lesandi, sem lesið hefur slíkar sögur og séð slíkar bíómyndir mörgum sinnum, út og inn. Samt sem áður leiðist honum ekki augnablik við lesturinn. Það er alltaf unun að lesa vel skrifaðan texta og þýðing Friðriks Rafnssonar kemur honum til skila með glæsibrag.

Friðrika Benónýsdóttir

NIÐURSTAÐA: Vel skrifuð og skemmtileg ádeila sem staðist hefur tímans tönn.

STOMP

HARPA

Sunday Telegraph:

„Sannir sviðstöfrar“

Eldborg
18., 19. & 20.
desember

Harpa kynnir STOMP í samstarfi við Stomp Productions og Glynis Henderson Productions

Sýningin sameinar leikhús, dans og hryntónlist og hefur farið sigurför um heiminn. Býðst Íslendingum nú tækifæri til að sjá þetta magnaða sjónarspil hér á landi — ferskara og hraðara en nokkru sinni!

Miðasala hefst á morgun kl. 12:00 á harpa.is og í síma 528 5050.

Farðu fram fyrir röðina. Tryggðu þér miða í forsölu með 10% afslætti strax í dag með því að skrá þig í Hörpusveitina á **harpa.is/horpusveitin**.

Brandenburg

ICELANDAIR er aðalstyrktaraðili Hörpu

Arion banki

Leita að trúðum og sterku fólki í sirkus

Sirkus Íslands heldur áheyrnarprufu. Trúðar, búktalarar og sverðgleypar eru hvattir til að taka þátt.

Sirkus Íslands hefur hafið leit að trúðum, hljóðfæraleikurum, liðugu fólki, sterku fólki, söngvurum og alls konar hæfileikafólki fyrir fullorðinssýningar sínar.

Áheyrnarprufa fer fram í bakherbergi Harlem 10. október og eru áhugasamir hvattir til að sækja um fyrir miðnætti 30. september. „Þarna verða áhorfendur líka og ég vil hvetja fólk til að mæta, klappa, hlæja og missa andlitið," segir Margrét Erla Maack, fullorðins sirkusstjóri.

Hún hvetur fólk með sérstæða hæfileika til að mæta í prufuna. „Okkur vantar búktalara, sverðgleypi, skeggjaðar konur og fólk sem getur spilað á hljóðfæri og gert annað á meðan. Þeir sem heilla okkur fá að vera með okkur."

Fullorðinssirkusinn kallast Skinnsemi þar sem gjarnan er sýnt smá skinn en alltaf innan skynsemismarka. Aldurstakmark áhorfenda og skemmtikrafta er tuttugu ár því hópurinn kemur oftast koma fram á vínveitingastöðum. -fb

SIRKUS ÍSLANDS Sirkus Íslands heldur áheyrnarprufu fyrir fullorðinssýningar sínar.

JEFF DANIELS Jeff Daniels lofar því að Dumb and Dumber 2 verði skemmtileg.

Framhaldið hressilegt

Leikarinn Jeff Daniels hefur lofað aðdáendum gamanmyndarinnar Dumb and Dumber að framhaldið, Dumb and Dumber 2, verði ansi hressilegt.

Í viðtali við E! Online, eftir að hann tók á móti Emmy-verðlaunum fyrir hlutverk sitt í The Newsroom, sagði Daniels að hann væri á leið í tökur á framhaldinu í borginni Atlanta. „Þetta verður eiginlega frjálst fall á gáfnafari, frá Will McAvoy (í The Newsroom) yfir í Harry Dunn. Þarna verða atriði sem láta klósettsenuna í fyrstu myndinni líta út fyrir að vera glötuð. Hún fölnar í samanburðinum," sagði hann.

TJÁIR SIG Söngkonan Miley Cyrus situr fyrir nakin á forsíðu tímaritsins Rolling Stone. NORDICPHOTOS/GETTY

Nakin framan á Rolling Stone

Miley Cyrus segist vera hálfgerður strípalingur. Hún prýðir forsíðu tímaritsins Rolling Stone, þar sem hún rekur út úr sér tunguna og virðist vera nakin. Í blaðinu ræðir Cyrus um atburðinn umdeilda sem átti sér stað á MTV-tónlistarhátíðinni, þar sem hún viðurkennir að hafa gengið örlítið lengra en hún ætlaði sér í atriðinu með Robin Thicke.

Hún segir jafnframt að henni finnist skrítið að lítil sem engin umræða hafi átt sér stað varðandi hegðun Thicke. „Það talar enginn um manninn sem stendur þarna við rassinn á mér. Það er bara rætt um þann sem beygir sig niður," segir Cyrus í viðtalinu.

SPENNT FYRIR MÓÐURHLUTVERKINU Jennifer Love Hewitt segir að hún hafi alla tíð þráð að verða móðir. Hún á von á sínu fyrsta barni í desember.

Hlakkar til að verða móðir

Leikkonan Jennifer Love Hewitt viðurkennir að hana hafa lengi langað til þess að verða móður. Hewitt á von á sínu fyrsta barni sem er væntanlegt í heiminn í desember.

Í viðtalið við tímaritið People, segir hún að hún sé yfir sig spennt að hitta frumburðinn. Hún bætti því að samband hennar við móður sína hefði alla tíð verið gott og það hafi átt mikinn þátt í því hversu heitt hún þráði að verða móðir. „Ég er tilbúin að gefa barninu mínu alla þá ást sem móðir mín gaf mér," segir hún.

Bosch-dagar

Þýsk gæða-heimilistæki frá Bosch nú á frábæru tilboðsverði.

Made by Germans

Þú sparar 10.000 kr.

Ryksuga
BSGL 32238
2200 W. Hepa-sía. Parkethaus fylgir með. Vinnuradíus: 10 metrar.
Tilboð: 24.900 kr.
Fullt verð: 34.900 kr.

Þú sparar 50.000 kr.

Kæliskápur, úr stáli (kámfrír)
KGN 36NL20
Orkuflokkur A+. NoFrost: Affrysting óþörf. Tvö kælikerfi. Kælir: 221 lítra. Frystir: 86 lítra. H x b x d: 186 x 60 x 60 sm.
Tilboð: 149.900 kr.
Fullt verð: 199.900 kr.

Þú sparar 40.000 kr.

Þurrkari
WTW 84100SN
Barkalaus. Tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A+. Sérkerfi: Íþróttafatnaður og 40 mín. hraðkerfi. **Nýjung: Sjálfhreinsandi rakaþéttir.**
Tilboð: 149.900 kr.
Fullt verð: 189.900 kr.

Uppþvottavélar
Mjög hljóðlátar, 44 dB. Orkuflokkur A++. 14 manna. Fimm kerfi. Séraðgerðir: Tímastytting kerfa, kraftþvottur og kraftþurrkun.

Þú sparar 50.000 kr.

Þú sparar 50.000 kr.

Tilboð (hvít):
SMU 58M22SK
139.900 kr.
Fullt verð: 189.900 kr.

Tilboð (stál):
SMU 58M25SK
149.900 kr.
Fullt verð: 199.900 kr.

Bakstursofn
HBA 23B151
XXL ofnrými: 67 lítra. Orkuflokkur A. Fimm hitunaraðgerðir.
Tilboð: 99.900 kr.
Fullt verð: 144.900 kr.

Þú sparar 45.000 kr.

Þvottavél
WAE 28271SN
Tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A+++. Hámarksvinduhraði: 1400 sn./mín.
Tilboð: 119.900 kr.
Fullt verð: 149.900 kr.

Þú sparar 30.000 kr.

Opið virka daga frá kl. 11 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 16.

BOSCH
BÚÐIN
Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

Ný dönsk á flugi

TÓNLIST ★★★

Ný dönsk
Eldborg
HARPA

Eldborgarsalurinn í Hörpu var þétt setinn á tónleikum Ný danskra og Johns Grant á laugardaginn var. Um seinni tónleika kvöldsins var að ræða og því heldur glatt á hjalla eins og gengur og gerist. Fremsta röðin lét fara vel um sig, hallaði sér aftur í sætunum og hvíldi lúin bein á sviðsbrúninni á milli þess sem hún hellti ótæpilega í sig bjór.

Ný danskir létu einnig fara vel um sig til að byrja með – sátu í leðursófum vopnaðir kassagíturum og sungu marga af helstu smellum sveitarinnar órafmagnaðir. Lög á borð við Fram á nótt fengu að hljóma við góðar undirtektir úr sal. Fremsta röðin var sérstaklega vel með á nótunum. Þegar líða fór á stóðu hljómsveitarmeðlimir upp, plögguðu sig við rafmagn og keyrðu upp hraðann. Þá færðist sko fjör í leikinn.

Fremsta röðin réð heldur ekki við sig, trylltist eiginlega af gleði, þegar Iður – Þjóðhátíðarlagið 2013 – fékk að hljóma, stóð upp og söng hástöfum með. Gat verið – Eyjamenn!

Eftir stutt hlé tók enn annar kafli við. Íslandsvinurinn John Grant var kynntur til leiks eftir að Ný danskir höfðu sungið eitt af lögum hans. John tók sjálfur nokkur af sínum eigin lögum áður en hann skellti sér í ensku útgáfuna af Flugvélum, einum helsta smelli Ný danskra. Frábærlega vel gert. Enn og aftur keyrðu Ný danskir upp hraðann og salurinn tók vel á móti. Tveir miðaldra karlmenn buðu upp á einhvers konar vangadans á næstefstu svölunum í rólegustu lögunum. Undir það síðasta, í Nostradamus, voru Eyjamennirnir löngu staðnir upp og allur salurinn fylgdi á eftir; dansaði og söng hástöfum með.

Kristján Hjálmarsson

NIÐURSTAÐA Frábærlega afslappaðir og vel heppnaðir tónleikar Ný danskra og Johns Grant í Eldborgarsalnum. Prógrammið úthugsað svo áhorfendur hrifust með. Vel gert.

NÝ DÖNSK Tónleikar Ný danskra í Eldborgarsalnum voru hrífandi og vel úthugsaðir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

VERÐUR LANGAFI Elsta barnabarn Micks Jagger á von á sínu fyrsta barni. NORDICPHOTOS/GETTY

Mick Jagger langafi

Assisi, elsta barnabarn söngvarans Micks Jagger, á von á barni með kærasta sínum. Þetta þýðir að Jagger er að verða langafi ef marka má bresku slúðurblöðin.

Samkvæmt frétt The Daily Mirror sögðu Assisi og kærasti hennar nánustu fjölskyldumeðlimum fréttirnar í síðustu viku. Samkvæmt blaðinu er Jagger hæstánægður með fréttirnar og sáttur við að verða langafi. Jagger á sjö börn á aldrinum 14 til 43 ára og fjögur barnabörn.

HÆFILEIKARÍK Það gæti farið svo að Naomi Campbell fái sinn eigin spjallþátt ef marka má slúðurblöðin vestanhafs. NORDICPHOTOS/GETTY

Campbell með eigin spjallþátt

Orðrómur er á kreiki þess efnis að ofurfyrirsætan Naomi Campbell komi til með að stýra eigin sjónvarpsþætti í Bandaríkjunum á næstu misserum. Umboðsmaður fyrirsætunnar kom með yfirlýsingu þess efnis að Campbell sæti við samningaborð með stjórnendum á ónefndri sjónvarpstöð en ekki væri hægt að staðfesta neitt að svo stöddu. Þátturinn yrði líklega spjallþáttur í anda The Tyra Banks Show, sem fyrirsætan Tyra Banks stjórnaði.

Campbell er einn stjórnenda raunveruleikaþáttarins The Face, sem sýndur eru á sjónvarpstöðinni Oxygen í Bandaríkjunum.

Íbúðalánasjóður auglýsir fasteignir til sölu á Akranesi

Bæjaryfirvöld á Akranesi vinna nú að átaki til að styrkja eldri hluta bæjarins og auglýsir Íbúðalánasjóður því sérstaklega til sölu eftirtaldar fasteignir í eldri hluta Akraneskaupstaðar. Óskað er eftir tilboðum í eignirnar.

Fasteign	m²	Herb.
Akursbraut 22	111,2	4
Háteigur 4	77,5	2
Kirkjubraut 6A	111,5	4
Kirkjubraut 12	70,8	2
Kirkjubraut 32	97,1	6
Krókatún 11	84,7	4
Krókatún 14	155,0	3
Melteigur 10	140,8	6
Skólabraut 33	116,5	5
Sóleyjargata 8	101,1	4
Suðurgata 85	61,6	2
Vesturgata 19	162,2	3
Vesturgata 67	97,9	2
Vesturgata 94	150,4	3

Auk þess eru þessar eignir Íbúðalánasjóðs til sölu í eldri hluta bæjarins:
Akurgerði 11, Akurgerði 17, Akursbraut 9, Garðabraut 2A, Garðabraut 24, Heiðarbraut 47, Höfðabraut 7 og Skólabraut 28.

Allar þessar eignir eru skráðar á fasteignir.is og mbl.is.

Eignirnar eru í sölumeðferð hjá fasteignasölum og kemur fram í vefauglýsingum hverjar þær eru. Þar er að finna nánari upplýsingar um þessar eignir.

Tilboðum skal skila til fasteignasala sem hefur eignirnar til sölu fyrir 10. október næstkomandi. Íbúðalánasjóður áskilur sér rétt til að selja þær hverja fyrir sig, nokkrar saman eða allar saman í einu lagi, taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

www.ils.is
Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is

★★★½ "EIN SÚ SVALASTA Í ÁR." T.K. - BÍÓVEFUR.COM
★★★½ JOBLO.COM
RIDDICK 16

Á TOPPNUM Í USA 3 VIKUR Í RÖÐ
★★★★★ A.O.S NEW YORK TIMES
★★★★½ BOSTON GLOBE
FORREST WHITTAKER OG OPRAH WINFREY FARA ALGJÖRLEGA Á KOSTUM!
THE BUTLER 14

"HRESSASTA, LÍFLEGASTA OG LITRÍKASTA FJÖLSKYLDUMYNDIN SEM ÞÚ FINNUR Á ÞESSU ÁRI. BETRI EN FYRRI."
AULINN ÉG 2 ★★★½ T.V. - BÍÓVEFURINN/S&H L

PARANOIA 12
MORTAL INSTRUMENTS CITY OF BONES 12
WE'RE THE MILLERS 12
THE CONJURING ★★★★ SAN FRANCISCO CHRONICLE 16
Disney FLUGVÉLAR SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI Í 2D OG 3D L

KVIKMYNDADAGAR Í KRINGLUNNI 11. - 26. SEPT.

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

RIDDICK	KL. 8 - 10:30	16
RIDDICK VIP	KL. 5:30 - 8 - 10:30	
THE BUTLER	KL. 6 - 9	14
PARANOIA	KL. 8 - 10:30	12
AULINN ÉG ÍSLTAL 3D	KL. 5:50	L
AULINN ÉG ÍSLTAL 2D	KL. 5:50	L
AULINN ÉG ENSTAL 2D	KL. 5:50	L
THE CONJURING	KL. 8 - 10:30	16
FLUGVÉLAR ÍSLTAL 2D	KL. 5:50	L
WE'RE THE MILLERS	KL. 8 - 10:30	12

SAMBÍÓIN AKUREYRI

RIDDICK	KL. 8 - 10:30	16
THE BUTLER	KL. 8	14
PARANOIA	KL. 10:40	12
CITY OF BONES	KL. 5:30	12
FLUGVÉLAR ÍSLTAL 3D	KL. 5:50	L

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

RIDDICK	KL. 5:30 - 8 - 10:30	16
THE BUTLER	KL. 5:20 - 8 - 10:40	14
AULINN ÉG ÍSLTAL 2D	KL. 5:50	L
PARANOIA	KL. 8 - 10:20	12
CITY OF BONES	KL. 5:20	12
THE CONJURING	KL. 8 - 10:30	16

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

THE BUTLER	KL. 5 - 8 - 10:30	14
RIDDICK	KL. 10:45	16
CITY OF BONES	KL. 8	12
FLUGVÉLAR ÍSLTAL 3D	KL. 5:50	L

KVIKMYNDADAGAR 11. - 26. SEPTEMBER

MUD ÓTEXTUÐ	KL. 10:20	12
MIDNIGHT'S CHILDREN ÓTEXTUÐ	KL. 5	12
TO THE WONDER ÓTEXTUÐ	KL. 8	L

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

RIDDICK	KL. 8 - 10:30	16
THE BUTLER	KL. 8	14
PARANOIA	KL. 10:40	12

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

Fjórfætti heimsborgarinn

BAKPANKAR
Söru McMahon

Hin danskættaða Nuki, sem Matvælastofnun lýsir á vef sínum sem svartri, stutthærðri og með hvítan blett á bringunni, slapp úr einkaflugvél á Reykjavíkurflugvelli í gær. Nuki kom starfsmönnum flugvallarins í mikið uppnám því hún átti ekkert með það að stinga svona af, enda hafði hún ekki farið í gegnum einangrunarstöð áður og því gæti mikil smithætta stafað af Dananum. Meðal þeirra er tóku þátt í leitinni að Nuki í gær voru lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, starfsfólk flugvallarins og björgunarsveitarfólk.

NUKI, sem millilenti á Reykjavíkurflugvelli á leið sinni til Bandaríkjanna, er húðflúruð og stygg við ókunnuga og Matvælastofnun brýnir fyrir fólki að taka hana ekki inn á heimili sín þar sem dýr eru fyrir – íslenskum húsdýrum stendur nefnilega ógn af dönsku læðunni.

REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR stendur aðeins steinsnar frá Þingholtunum og Skerjafirði þar sem allt iðar af kattalífi og því ljóst að faraldur gæti verið í uppsigi, það er að segja ef Nuki finnst ekki áður en hún kemst í kynni við lattelepjandi kött úr 101.

MÖRGUM spurningum er enn ósvarað um strok Nuki – var þetta úthugsað eða algjörlega spontant? Hvað hefur drifið á daga hennar frá því hún yfirgaf lúxusinn um borð í einkaflugvélinni? Hvaða erindi átti hún til Bandaríkjanna? Vissi hún hvílíkt uppþot strok hennar myndi valda íbúum þessa afskekkta skers í Norður-Atlantshafi? Þetta og fleira vil ég vita og því vona ég að Nuki, eða danskur eigandi hennar, veiti íslenskum fjölmiðlum viðtal þegar hún loks finnst. Ég myndi glöð munda míkrafóninn í þeim tilgangi.

EN þar til hin ævintýragjarna danska læða kemst til síns heima mun Sigga, kötturinn minn, þurfa að halda sig innandyra. Ég vil ómögulega að hún rekist á fjórfætta heimsborgarann á förnum vegi og fái þá flugu í hausinn að strjúka til útlanda. Þá væri mér allri lokið.

Á FREMSTA BEKK Þekkt andlit á sýningu tískuhússins Burberry Prorsum sem fram fór í Kensington-görðunum. NORDICPHOTOS/GETTY

LEÐURPILS Alexa Chung og Georgia May Jagger klæddust flottum leðurpilsum.

Stjörnum prýdd tískuvika

Tískuvikan í London var vel sótt af fræga fólkinu.

Tískuvikunni í London lauk á miðvikudag en þar höfðu hönnuðir sýnt sumar- og vorlínur sínar fyrir næsta ár. Fjöldi þekktra einstaklinga sótti tískuviðburðina og má þar nefna söngvarann Harry Styles úr hljómsveitinni One Direction og Alison Mosshart úr hljómsveitinni The Kills. Ef marka má myndir frá viðburðum tískuvikunnar eru leðurflíkur, hvíti liturinn og hlébarðamunstur í miklu uppáhaldi hjá stjörnunum um þessar mundir.

HLÉBARÐABUXUR Fyrirsætan Kate Moss klæddist hlébarðamunstruðum buxum.

BLÚNDUR Leikkonan og fyrirsætan Daisy Lowe á sýningu tískuhússins Erdem.

FALLEG KÁPA Leikkonan Sienna Miller sótti kvöldverð í boði breska Vogue.

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ
LÚXUS 16 RIDDICK
12 DIANA
KVIKMYNDA-VERÐLAUN NORÐUR-LANDARÁÐS 2013
L LÚXUS ★★★½ T.V. - BÍÓVEF. AULINN ÉG 2
LÚXUS 16 MALAVITA
10 Blue Jasmine Woody Allen ★★★★½ „STERK MYND SEM SPYR ÁLEITINNA SPURNINGA" -S.B.H., MBL "EIN BESTA MYND ÁRSINS!" - T.V., BÍÓVEFURINN/S&H

SMÁRABÍÓ 5%

RIDDICK	KL. 5.25 - 8 - 10.35	16
RIDDICK LÚXUS	KL. 8 - 10.35	16
AULINN ÉG 2 2D	KL. 3.30 - 5.45	L
AULINN ÉG 2 3D	KL. 3.30	L
MALAVITA	KL. 8 - 10.30	16
BLUE JASMIN	KL 5.45	10
THIS IS US 3D	KL 5.45	L
ELYSIUM	KL. 8 - 10.25	16
2 GUNS	KL. 8 - 10.30	14
STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL	KL. 3.30	L

HÁSKÓLABÍÓ 5%

DIANA	KL. 5.30 - 8 - 10.30	12
DJUPIÐ	KL. 10.10	10
EAT SLEEP DIE	KL. 8	12
SOM DU SER MEG	KL. 5.40	12
BLUE JASMIN	KL. 8 - 10.15	10
AULINN ÉG 2 2D	KL. 5.45	L
HROSS Í OSS	KL. 6 - 8	10
2 GUNS	KL. 10	14

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

DIANA	KL. 8 - 10.10	12		
BLUE JASMIN	KL. 6	10	/ MALAVITA	KL. 8
AULINN ÉG 2 3D	KL. 6	L	/ JOBS	KL. 10

Miðasala á: midi.is og eMiði

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%
NAOMI WATTS DIANA 12
L ÍSL OG ENS TAL AULINN ÉG 2 ★★★½ T.V. - Bíóvefurinn
16 MALAVITA
ASHTON KUTCHER JOBS 12

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar	
DIANA	5.30, 8, 10.30	12
AULINN ÉG 2 - ÍSL	5.30 2D	L
DESPICABLE ME 2 - ENS	5.30, 8 2D	L
MALAVITA	8, 10.20	16
JOBS	10.20	12

BÍÓ★PARADÍS EUROPA CINEMAS
Evrópustofa
EVRÓPSK KVIK MYNDA HÁTIÐ
SJÁ SÝNINGARTÍMA Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

BÓKA LAGERSALA

Næg bílastæði og kaffi á könnunni

RISAlagersala á Fiskislóð 39

Yfir 3500 titlar frá öllum helstu útgefendum landsins!

Allt að 90% afsláttur

OPIÐ ALLA DAGA kl. 10–19

Bækur frá 99 kr.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

DANS VIL ÉG HEYRA + CD

Verð: 990 kr.

HVAR ER VALLI NÚNA?

Verð: 990 kr.



VITNIÐ – KILJA

Verð: 990 kr.

SUMAR ÁN KARLMANNA – KILJA

Verð: 990 kr.

GEIM – KILJA

Verð: 990 kr.

HVAR ER VALLI?

Verð: 990 kr.

STÓRHÆTTULEGA STRÁKABÓKIN OG STÓRSKEMMTILEGA STELPUBÓKIN

Verð: 990 kr. stk.



BOÐSKAPUR LÚSÍFERS – KILJA

Verð: 990 kr.

LIFANDI DAUÐ Í DALLAS – KILJA

Verð: 99 kr.

DÁVALDURINN OG PAGANINI-SAMNINGURINN – INNBUNDNAR

Verð: 990 kr.

Gildir til 6. október 2013

Gildir aðeins á Risalagersölu Forlagsins, FISKISLÓÐ 39, 101 Reykjavík

1.000 kr.

Ávísunin gildir sem 1.000 kr. afsláttur ef keyptar eru bækur fyrir 5.000 kr. eða meira. Ekki er heimilt að nota fleiri en eina ávísun í hverri sölufærslu.

RISALAGERSALA FORLAGSINS STENDUR TIL OG MEÐ 6. OKTÓBER 2013

555777788 123 44488822211

Risalagersala Forlagsins · Fiskislóð 39 · 101 Reykjavík · forlagid@forlagid.is · **Opið alla daga kl. 10–19**

LENGJUBIKARINN

8 LIÐA ÚRSLIT

STJARNAN - SNÆFELL 85-97 (45-42)

Stjarnan: Marvin Valdimarsson 22, Justin Shouse 16/12 stoðs., Sigurður Dagur Sturluson 10, Fannar Freyr Helgason 10/11 fráköst, Kjartan Atli Kjartansson 10, Sæmundur Valdimarsson 2.

Snæfell: Sigurður Á. Þorvaldsson 18/7 stoðs., Finnur Atli Magnússon 17, Zachary Jamarco Warren 15/8 frák./7 stoð./6 stolnir, Kristján Pétur Andrésson 11, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 10, Sveinn Davíðsson 3, Stefán Karel Torfason 2.

KEFLAVÍK - ÞÓR ÞORL. 98-77 (52-39)

Keflavík: Darrel Keith Lewis 23, Michael Craion 21/10 fráköst, Valur Orri Valsson 17/8 stoðs., Andri Daníelsson 10, Þröstur Leó Jóhannsson 7, Magnús Þór Gunnarsson 5, Guðmundur Jónsson 5, Gunnar Ólafsson 4, Arnar Freyr Jónsson 3, Hafliði Már Brynjarsson 3.

Þór Þ.: Mike Cook Jr. 32/10 fráköst, Nemanja Sovic 17, Emil Karel Einarsson 9, Ragnar Ágúst Nathanaelsson 7, Halldór Garðar Hermannsson 5, Tómas Tómasson 4, Davíð Arnar Ágústsson 3.

NJARÐVÍK-GRINDAVÍK 83-84 (46-42)

Njarðvík: Logi Gunnarsson 26/5 fráköst, Nigel Moore 15/14 fráköst/5 stoðsendingar, Snorri Hrafnkelsson 14, Elvar Már Friðriksson 11/5 fráköst/5 stoðsendingar, Hjörtur Hrafn Einarsson 7/4 fráköst, Ágúst Orrason 6/5 fráköst, Egill Jónasson 2/4 fráköst, Maciej Stanislav Baginski 2.

Grindavík: Jóhann Árni Ólafsson 19/8 fráköst, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 15/12 fráköst, Ólafur Ólafsson 14/6 fráköst, Þorleifur Ólafsson 11, Ómar Örn Sævarsson 9/7 fráköst, Daníel Guðni Guðmundsson 7, Jón Axel Guðmundsson 5, Hilmir Kristjánsson 4.

KR - KFÍ 84-80 (45-43)

KR: Brynjar Þór Björnsson 19/6 stoðs., Darri Hilmarsson 16, Ólafur Már Ægisson 15, Helgi Már Magnússon 15, Pavel Ermolinskij 9/10 frák./5 stoðs., Magni Hafsteinsson 5, Jón Orri Kristjánsson 3, Kormákur Arthursson 2.

KFÍ: Jason Smith 23/5 stoðs., Mirko Stefán Virijevic 21/11 fráköst, Hraunar Karl Guðmundsson 12, Jón Hrafn Baldvinsson 12, Ágúst Angantýsson 7, Pavle Veljkovic 4, Guðmundur Jóhann Guðmundsson 1.

UNDANÚRSLITIN:

Fös 27. sept: Keflavík- Snæfell og Grindavík-KR.

Ekki meiða hana

Íslenska kvennalandsliðið mætir Sviss á Laugardalsvellinum á morgun í fyrsta leiknum í undankeppni HM 2015 og í fyrsta leiknum undir stjórn Freys Alexanderssonar. Sara Björk Gunnarsdóttir þekkir vel til frægasta leikmanns svissneska liðsins.

FÓTBOLTI Freyr Alexandersson, þjálfari íslenska kvennalandsliðsins, tók brosandi og afslappaður á móti íslensku blaðamönnunum þegar landsliðið hélt opna æfingu í gær. Fram undan er fyrsti leikur hans sem þjálfari á fimmtudagskvöldið og verkefnið er að stoppa sjóðheitt sóknarlið Sviss, sem skoraði níu mörk á móti Serbíu um síðustu helgi.

Með skemmtilegt sóknarlið

„Ég sá styrkleika þeirra mjög vel og við sáum hvernig þær vilja spila sóknarlega. Þær voru í sókn allan leikinn. Þetta er bara ákveðin áminning fyrir okkur að þær eru með þrusulið og að við þurfum að vera á tánum. Þetta er mjög skemmtilegt sóknarlið en við ætlum að taka hressilega á þeim og loka fyrir þeirra styrkleika," segir Freyr.

Hann tók við íslenska liðinu af Sigurði Ragnari Eyjólfssyni, sem hafði náð sögulegum árangri með liðið og nú síðast komið liðinu í átta liða úrslitin á EM. Nú stefna íslensku stelpurnar á að komast á HM í fyrsta sinn en mótherjarnir frá Sviss hafa aldrei komist á stórmót.

Lykilmennirnir eru stórstjörnur

„Ég er búinn að tala um það áður að lykilmenn þeirra eru stórstjörnur og alvöru leikmenn sem eru að spila í toppliðum. Við þurfum að ná að loka á þær og á sama tíma þurfum við að ráðast á veikleikana þeirra. Við erum mjög vel undirbúin og ég fékk frábæra skýrslu frá Betu (Elísabet Gunnarsdóttir) um þær," sagði Freyr.

Stærsta stjarnan í svissneska liðinu er örugglega Ramona Bachmann, liðsfélagi Söru Bjarkar Gunnarsdóttur og Þóru Bjargar Helgadóttur hjá sænska liðinu LdB Malmö. Sara Björk veit því manna best hversu öflugur leikmaður Bachmann er en þær eru jafnaldrar. „Hún er rosalega góð og einn besti leikmaðurinn í sænsku deildinni. Við þurfum að hafa góðar gætur á henni. Hún er rosalega fljót og rosalega teknísk. Hún er hættuleg ef hún nær að snúa með boltann og mjög góð ein á móti einum," segir Sara en hún þekkir líka veikleikana vel.

Pirrast mjög fljótt

„Hún er líka svona karakter sem pirrast mjög fljótt ef að það er tekið vel á henni. Við erum þannig lið sem pirrar þær og tekur vel á þeim. Við munum verjast vel og vera nálægt þeim því Ramona er ekki eini góði leikmaðurinn í þessu liði. Þær eru nokkrar," segir Sara. Ramona Bachmann skoraði tvö mörk í sigrinum á Serbum en Ana Maria Crnogorcevic skoraði fernu.

Sara Björk segir þær Ramonu ekki hafa rætt mikið um komandi leik. „Við ræddum aðeins saman áður en við fórum í verkefnin og bara um að það væri gaman að spila hvor á móti annarri. Við hjá Malmö-liðinu erum að fara að spila mikilvæga leiki eftir landsleikjahléið og leikmennirnir í liðinu sögðu við mig: Ekki meiða hana. Ég svaraði bara að ég gæti ekki lofað neinu," segir Sara glottandi.

Ný og skemmtileg orka

Sara er bjartsýn eftir fyrstu æfingar liðsins undir stjórn Freys. „Það er ný og skemmtileg orka í hópnum og góð stemning. Sterkustu þjóðirnar í riðlinum eru Danmörk og Sviss og það er rosalega mikilvægt að taka þrjú stig á móti þessum liðum. Við erum alltaf sterkari á heimavelli og viljum klárlega nýta okkur það," sagði Sara að lokum.

ooj@frettabladid.is

FÉKK SÉRSTAKA BEIÐNI Í SVÍÞJÓÐ Liðsfélagar Söru Bjarkar Gunnarsdóttur í Malmö óttuðust að hún myndi láta Ramonu Bachmann, leikmann Malmö og svissneska landsliðsins, finna of mikið fyrir sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gamestodin.is býður nú upp á **Netgíró** greiðslur og af því tilefni býður Gamestöðin **FIFA14** fyrir PS3 og Xbox 360 **á aðeins 12.999 kr.** Pantaðu leikinn núna og sæktu hann á slaginu 22:00 í kvöld þegar leikurinn kemur út! Sjáumst í verslun Gamestöðvarinnar í Kringlunni.

GAME STÖÐIN

Einfalt **Öruggt** **Hentugt**

Með Netgíró hefurðu 14 daga greiðslufrest. Þú þarft ekki greiðslukort og þarft aldrei að gefa upp viðkvæmar upplýsingar þegar þú verslar.

Skráðu þig núna á netgiro.is og byrjaðu strax að versla á þægilegan máta.

Sími: 4 300 330

www.netgiro.is

Netgíró

DAGSKRÁ

Stöð 2 Gull
Kalli Berndsen – Í nýju ljósi

Kalli Berndsen er mættur til leiks á Stöð 2 og heldur áfram að gefa konum góð ráð varðandi útlitið. Pættirnir eru unnir eftir hugmyndafræði Kalla um að hægt sé að skipta vaxtarlagi kvenna í fjórar gerðir með svokallaðri VAXi-aðferð.

Í KVÖLD

Stelpurnar

STÖÐ 2 KL. 19.20 Frábærir sketsaþættir þar sem stelpurnar fara á kostum með óborganlegum leik og geggjuðu gríni.

Gordon Behind Bars

SKJÁR EINN KL. 20.20 Í þessum skemmtilegu þáttum bregður Gordon Ramsey sér bak við lás og slá í þeim tilgangi að kenna föngum að elda alvöru mat án þess að það kosti of mikið.

TV.COM 10 IMDb 8,1

Kiljan

SJÓNVARPIÐ KL. 21.15 Í þættinum Kiljunni er fjallað um bækur úr ýmsum áttum og af öllum toga. Gagnrýnendur þáttarins segja álit sitt á nýútgefnum verkum og Bragi Kristjónsson bókakaupmaður segir frá forvitnilegum bókum og fólki.

Bylgjan kl 13.00
Rúnar Róberts

Rúnar er í loftinu á milli 13 og 16 alla virka daga. Rúnar fylgist með því sem er að gerast í þjóðlífinu hverju sinni, kíkir á sportið ásamt því að gefa þér vænan skammt af góðri Bylgjutónlist til að stytta þér stundirnar við vinnuna.

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.10 Malcolm in the Middle
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.15 Spurningabomban
11.05 Glee
11.50 Grey's Anatomy
12.35 Nágrannar
13.00 Kalli Berndsen – Í nýju ljósi
13.25 Covert Affairs
14.10 Chuck
14.55 Last Man Standing
15.15 Big Time Rush
15.40 Tricky TV *(7:23)*
16.05 Kalli kanína og félagar
16.25 Ellen *(52:170)*
17.10 Bold and the Beautiful
17.32 Nágrannar
17.57 Simpson-fjölskyldan *(1:22)*
18.23 Veður
18.30 Fréttir
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Stelpurnar *(3:20)*
19.40 The Big Bang Theory *(24:24)*
20.05 Heimsókn Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó eitt sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekklegheitum.
20.25 2 Broke Girls *(17:24)*
20.50 Drop Dead Diva *(3:13)*
21.35 Mistresses *(8:13)*
22.20 Hung *(1:10)* Gamansamur þáttur með dramatísku ívafi frá HBO. Hann fjallar um Ray Drecker, sem er skólaliðsþjálfari á fimmtugsaldri og stendur á rækilegum tímamótum í lífi sínu og allt gengur á afturfótunum.
22.50 Tossarnir
23.30 Arn – The Kingdom at the End of the Road
01.40 NCIS. Los Angeles
02.20 Person of Interest
03.05 Breaking Bad
03.50 The Betrayed
05.25 Fréttir og Ísland í dag

STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

07.00 Barcelona - Real Sociedad
15.55 Spænsku mörkin
16.25 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
16.55 Aston Villa - Tottenham
18.35 Man. United - Liverpool Bein útsending
20.40 Pýski handboltinn
22.00 Man. United - Liverpool
23.50 Elche - Real Madrid

STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

14.45 Football League Show 2013/14
15.15 Crystal Palace - Swansea
16.55 Cardiff - Tottenham
18.35 Man. United - Liverpool
20.40 Ensku mörkin - úrvalsdeildin
21.35 Norwich - Aston Villa
23.15 Chelsea - Fulham
00.55 Messan

INN

20.00 Björn Bjarnason **20.30** Tölvur, tækni og kennsla **21.00** Veiðin og Bender **21.30** Á ferð og flugi

STÖÐ 3

14.55 The X-Factor US
16.20 The X-Factor US
17.05 The Choice
17.55 Bunheads *(2:18)*
18.40 Bob's Burgers *(3:13)*
19.00 Junior Masterchef Australia *(3:16)*
19.50 Cherry Healy: How to Get a Life *(3:6)*
20.50 Outlaw *(3:8)* Bandarísk þáttaröð með Jimmy Smits í aðalhlutverki.
21.35 Damages *(3:10)*
22.25 2+6 *(3:8)* Ögrandi, fræðandi og áhugaverður þáttur þar sem ungt fólk kynnir sér ýmsa þætti kynlífs á Íslandi.
23.00 Shameless *(2:12)*
00.00 Banshee
00.50 Junior Masterchef Australia
01.45 Cherry Healy: How to Get a Life
02.45 Outlaw
03.30 Damages
04.20 2+6
04.50 Tónlistarmyndbönd

krakkar

07.00 Könnuðurinn Dóra **07.24** Svampur Sveinsson **07.46** Elías **07.58** Áfram Diego, áfram! **08.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.44** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Latibær **09.24** Strumparnir **09.49** Hvellur keppnisbíll **10.00** Lukku láki **10.24** Ofurhundurinn Krypto **10.46** Hello Kitty **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Svampur Sveinsson **11.46** Elías **11.58** Áfram Diego, áfram! **12.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.44** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Latibær **13.24** Strumparnir **13.49** Hvellur keppnisbíll **14.00** Lukku láki **14.24** Ofurhundurinn Krypto **14.46** Hello Kitty **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.46** Elías **15.58** Áfram Diego, áfram! **16.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.44** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Latibær **17.24** Strumparnir **17.49** Hvellur keppnisbíll **18.00** Lukku láki **18.24** Ofurhundurinn Krypto **18.46** Hello Kitty **19.00** GoldiLocks and the 3 Bears Show

STÖÐ 2 GULL

18.00 Strákarnir
18.30 Friends
18.50 Seinfeld
19.15 Modern Family
19.40 Two and a Half Men *(6:24)*
20.05 Kalli Berndsen – Í nýju ljósi *(1:10)* Kalli Berndsen er mættur til leiks á Stöð 2.
20.30 Örlagadagurinn *(17:30)*
21.05 Cold Feet *(8:8)*
21.55 Prime Suspect *(2:2)*
23.40 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi
00.05 Örlagadagurinn
00.40 Cold Feet
01.30 Prime Suspect
03.15 Tónlistarmyndbönd

STÖÐ 2 BÍÓ

10.55 Fever Pitch
12.35 Just Go With It
14.30 The King's Speech
16.25 Fever Pitch
18.05 Just Go With It
20.00 The King's Speech
22.00 Sherlock Holmes: A Game of Shadows
00.10 Contagion
01.55 Hemingway and Gellhorn
04.25 Sherlock Holmes: A Game of Shadows

RÚV

16.20 Golfið
16.50 Djöflaeyjan
17.20 Friðþjófur forvitni
17.43 Froskur og vinir hans
17.50 Geymslan
18.15 Táknmálsfréttir
18.23 Á götunni
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.00 Læknamiðstöðin *(10:13) (Private Practice VI)* Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica.
20.45 Krabbinn *(3:8) (The Big C IV)* Bandarísk þáttaröð um húsmóður í úthverfi sem er með krabbamein.
21.15 Kiljan Bókaþáttur Egils Helgasonar.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Á valdi vélanna – Gagn og misbeiting hugmynda um gróður *(2:3) (All Watched Over by Machines of Loving Grace)* Breskur heimildamyndaflokkur eftir Adam Curtis. Í þremur þáttum fjallar hann um þá hugmynd að við séum orðin leiksoppar vélanna sem við höfum smíðað og sjáum orðið heiminn með augum tölva.
23.15 Verðlaunamyndir Kvikmyndaskóla Íslands – Núna Verðlaunamynd við útskrift í KVÍ vorið 2013.
23.20 Kastljós
23.45 Fréttir
23.55 Dagskrárlok

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Cheers
08.25 Dr. Phil
09.05 Pepsi MAX tónlist
16.15 Design Star
17.05 Kitchen Nightmares
17.55 Dr. Phil
18.35 Men at Work
19.00 Parks & Recreation *(4:22)*
19.25 Cheers *(10:26)*
19.50 Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course *(7:20)*
20.20 Gordon Behind Bars *(3:4)* Í þessum skemmtilegu þáttum bregður Gordon Ramsey sér bak við lás og slá í þeim tilgangi að kenna föngum að elda alvöru mat.
21.10 Unforgettable *(2:13)* Bandarískir sakamálaþættir um lögreglukonuna Carrie Wells sem glímir við afar sjaldgæft heilkenni sem gerir henni kleift að muna allt sem hún hefur séð eða heyrt á ævinni.
22.00 Ray Donovan – NÝTT *(1:13)* Vandaðir þættir um harðhausinn Ray Donovan sem reynir að beygja lög og reglur sem stundum vilja brotna.
22.50 CSI Miami *(1:24)*
23.40 Málið *(3:12)*
00.10 Dexter
01.00 The Borgias
01.50 Excused
02.15 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 Eurosport **07.00** Tour Championship **2013 12**.00 Golfing World **12.50** Tour Championship **2013 18**.00 Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour **19.15** LPGA Highlights **20.35** Champions Tour - Highlights **21.35** Inside the PGA Tour **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights **23.45** Champions Tour - Highlights **00.40** Eurosport

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 Kaninn
FM 102,2 Útv. Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

BENNI ERLINGS, BRAGI VALDIMAR OG MEGAS
SEIÐA EPÍSKAN TÓN-SJÓNLEIK
JEPPI
Á FJALLI
Viðskiptavinum Íslandsbanka býðst 25% afsláttur
ef keypt er fyrir frumsýningu og greitt með greiðslukorti frá Íslandsbanka í miðasölu Borgarleikhússins
Íslandsbanki
Frumsýning 4. október
UPPSELT
fös. 4/10 kl. 20 UPPSELT
lau. 5/10 kl. 20 UPPSELT
sun. 6/10 kl. 20 UPPSELT
þri. 8/10 kl. 20 örfá sæti
mið. 9/10 kl. 20 örfá sæti
fim. 10/10 kl. 20 UPPSELT
fös. 11/10 kl. 20 UPPSELT
lau. 12/10 kl. 20 UPPSELT
sun. 13/10 kl. 20 UPPSELT
þri. 15/10 kl. 20 örfá sæti
mið. 16/10 kl. 20 UPPSELT
fim. 17/10 kl. 20 UPPSELT
fös. 18/10 kl. 20 UPPSELT
lau. 19/10 kl. 20 UPPSELT
sun. 20/10 kl. 20 UPPSELT
þri. 22/10 kl. 20 örfá sæti
mið. 23/10 kl. 20 UPPSELT
fim. 24/10 kl. 20 UPPSELT
fös. 25/10 kl. 20 UPPSELT
lau. 26/10 kl. 20 UPPSELT
sun. 27/10 kl. 20 UPPSELT
fös. 1/11 kl. 20 UPPSELT
lau. 2/11 kl. 20 UPPSELT
sun. 3/11 kl. 20 UPPSELT
mið. 6/11 kl. 20
fim. 7/11 kl. 20 örfá sæti
fös. 8/11 kl. 20 UPPSELT
lau. 9/11 kl. 20 UPPSELT
sun. 10/11 kl. 20 UPPSELT
mið. 13/11 kl. 20 UPPSELT
fim. 14/11 kl. 20 örfá sæti
fös. 15/11 kl. 20 UPPSELT
þri. 19/11 kl. 20
mið. 20/11 kl. 20
fim. 21/11 kl. 20 örfá sæti
fös. 22/11 kl. 20 UPPSELT
mið. 27/11 kl. 20
fim. 28/11 kl. 20 örfá sæti
fös. 29/11 kl. 20 UPPSELT
sun. 1/12 kl. 20 örfá sæti
fim. 5/12 kl. 20
fös. 6/12 kl. 20 örfá sæti
sun. 8/12 kl. 20
fim. 12/12 kl. 20
fös. 13/12 kl. 20
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið
FÍTON / SÍA

BÓKIN

„Ég er nýbúin að lesa Ástandsbarnið eftir Camillu Läckberg. Nú er ný bók komin í staflann og er það Sjálfstætt fólk eftir Halldór Laxness. Mér finnst frábært að kafa ofan í vel skrifuð bókmenntaverk en inn á milli er fátt betra en góður krimmi til að tæma hugann.“

Hulda D. Proppé, söngkona og háskólanemi

Grillmatur og cachaça í Brasilíu

Rithöfundurinn Eiríkur Örn Norðdahl hefur verið á ferð og flugi síðustu mánuði.

„Ég hef verið að ferðast óvenjumikið síðustu vikur. Þetta vindur alltaf meira og meira upp á sig,“ segir rithöfundurinn Eiríkur Örn Norðdahl, sem hefur verið á bókmenntaferðalagi erlendis síðan í lok júlí.

Nýlega lauk hann vikudvöl sinni í Brasilíu. Þar áður ferðaðist hann til Svíþjóðar, Finnlands og Póllands. „Þetta var mjög gaman. Ég var aðallega í smábænum Tiradentes á tónlistar-, leiklistar- og bókmenntahátíð sem heitir Artes Vertentes. Þarna var nóg af grillmat, sætindum og cachaça,“ segir Eiríkur Örn, spurður út í Brasilíuförina en cachaça er vinsælt áfengi þar í landi.

Rithöfundurinn hefur verið að vinna mikið með „performans“-ljóðlist og hljóðaljóðlist og kemst þess vegna upp með að lesa á íslensku á bókmenntahátíðunum þrátt fyrir að fólkið skilji ekki tungumálið.

Eiríkur Örn er núna kominn til Freiburg í Þýskalandi þar sem hann tekur þátt í skandinavískri hátíð. Að henni lokinni kemur hann heim en fer svo aftur á flakk um Wales, London, Kraká, Varsjá, Ósló og Bonn, þar sem hann vinnur með listamönnum sem kalla sig Bonn Fringe Ensemble. - fb

➜ Verðlaunabók Eiríks Arnar, Illska, kemur út í Frakklandi, Þýskalandi og Svíþjóð á næsta ári. Ný ljóðabók hans, Hnefi eða vitstola orð, kemur út hérlendis á næstunni.

Á FERÐ OG FLUGI Rithöfundurinn Eiríkur Örn Norðdahl hefur verið á ferð og flugi að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HUMAR 2.600 kr.kg
Laxaflök beinlaus og flott
Súr Hvalur
Opið laugardaga 10-15.00
Fiskikóngurinn
Sogavegi 3 • www.fiskikongurinn.is

FÉLAG ÍSLENSKRA FÓTAAÐGERÐAFRÆÐINGA
pósthólf 1223, 121 Reykjavík, sími: 897 1797, netfang: fif@fotur.is, veffang:www.fotur.is
Opinn fræðslufundur
Í Odda HÍ stofu 101
Fimmtudaginn 26.september kl. 18-20
Fætur aldraðra
Dagskrá:
- Stoð - þrýsingssokkar
- Pezim - fyrirlestur
- Hlé - vörukynningar
- Stoð - innlegg og skór
- Guðbjörg Pálsdóttir séfræðingur í hjúkrun - Bláæða og slagæðasár
Allir velkomnir
GEHWOL LAMISIL

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á nægum svefni

SEMJA BARNABÓK Eva Einarsdóttir borgarfulltrúi og Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir listakona gefa út barnabókina Saga um nótt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gefa út barnabók

Eva Einarsdóttir borgarfulltrúi og Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir listakona gefa út barnabókina Saga um nótt. Sagan var samin fyrir dóttur Evu, Sögu.

„Þegar Saga, dóttir mín, var tveggja ára tók hún upp á því að verða myrkfælin. Ég ákvað að segja henni sögu til að minna hana á að myrkrið væri ekkert hættulegt. Svo eltist myrkfælnin af Sögu en mér þótti sagan falleg og skrifaði hana niður í þeim tilgangi að gefa hana út. Ég hafði samband við Lóu upp á að myndskreyta bókina en svo fæddust nokkur börn, Lóa fór í tónleikaferðalag og ég í borgarstjórn og því varð ekkert úr útgáfunni fyrr en nú,“ segir Eva Einarsdóttir, borgarfulltrúi Besta flokksins. Hún samdi barnabókina Sögu um nótt, sem gefin verður út af Bókabeitunni fyrir jól. Listakonan Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir myndskreytir bókina.

Eva segir myndir Lóu vera í miklu uppáhaldi hjá sér. Því hafi legið beinast við að biðja hana um að myndskreyta bókina. „Með hennar hjálp varð litla sagan mín að glæsilegri bók,“ segir hún.

Lóa hefur vakið athygli í gegnum tíðina fyrir skrítnar og skemmtilegar teikningar sínar. Hún kom meðal annars að gerð sjónvarpsþáttanna Hulla sem sýndir eru í Sjónvarpinu um þessar mundir.

„Myndirnar í bókinni eru málaðar, ég var ekki með gamla tússpennann á lofti í þetta skiptið. Það var gaman að spreyta sig á því að teikna eitthvað fallegt til tilbreytingar og ekki vinna í hálfvitum eins og vanalega,“ segir hún og hlær. „Það fyndna er að þetta var alltaf mitt markmið í lífinu, ég fór í nám í Bandaríkjunum til að læra myndskreytingar, en svo endaði ég í hljómsveit.“

Lóa Hlín hefur áður gefið út bókina Alhæft um þjóðir en Saga um nótt er fyrsta bók Evu. „Þetta er mjög nýtt og spennandi fyrir mér. Myndirnar hennar Lóu eru listaverk út af fyrir sig og þetta verður því jólagjöfin í ár á mínu heimili,“ segir Eva að lokum og hlær. sara@frettabladid.is

Tekur nýja starfinu með auðmýkt

Birta Björnsdóttir spreytir sig á skjánum. Hún er nýr meðlimur Ísland í dag.

„Ég er mjög spennt fyrir nýja starfinu. Sjónvarpsmiðill hefur alltaf heillað mig og mig hefur lengi langað til þess að kynnast honum betur,“ segir fjölmiðlakonan Birta Björnsdóttir sem hefur hafið störf í fréttaþættinum Ísland í dag á Stöð 2. Birta starfaði áður sem blaðamaður á Morgunblaðinu og á dagskrársviði 365 miðla.

Nýja hlutverkið leggst vel í hana. „Ég fæ þarna tækifæri til þess að prófa spennandi miðil og fæ strax að spreyta mig á fjölbreyttum verkefnum. Ég viðurkenni að ég hef verið með smá hnút í maganum, eins og eflaust alltaf þegar maður byrjar í nýrri vinnu,“ segir Birta og bætir við að samstarfsfólk hennar hafi verið henni afskaplega hjálplegt þessa fyrstu daga.

Birta tekur nýja starfinu með mikilli auðmýkt og kveðst lítið velta fyrir sér að hún verði tíður gestur á skjánum á heimilum landsmanna. „Þetta er nú ekkert merkilegri vinna en hver önnur. Ég sótti ekki um starfið vegna sýnileikans. Mér finnst spennandi að fá að segja sögur í sjónvarpinu og deila þeim með fólkinu í landinu,“ segir Birta glöð í bragði að lokum. - áo

SPENNANDI TÍMAR Birta Björnsdóttir er nýr meðlimur fréttaþáttarins Ísland í dag sem er sýndur á Stöð 2. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ENDURMENNTUN 30 ÁRA

FÁÐU FORSKOT MEÐ FRÆÐSLU

FJÖLBREYTT NÁMSKEIÐ Á NÆSTUNNI

MENNING

Uppáhaldsbækurnar okkar eftir íslenskar konur
skráningarfrestur til 30. september

Búddismi frá Tíbet
skráningarfrestur til 1. október

Maðurinn Verdi
– 200 ára minning um óperutónskáldið Guiseppe Verdi
skráningarfrestur til 2. október

Hús Bernhörðu Alba í Borgarleikhúsinu
skráningarfrestur til 2. október

Þróunarkenningin
skráningarfrestur til 2. október

Myndlist og menning á miðöldum
skráningarfrestur til 3. október

STARFSTENGD HÆFNI

WordPress – Vinsælasta vefumsjónarkerfi í heimi
skráningarfrestur til 29. september

Samningatækni – á Akureyri
skráningarfrestur til 30. september

Facebook sem markaðstæki II
– láttu auglýsingakrónurnar borga sig!
skráningarfrestur til 1. október

Textagerð og hugmyndavinna fyrir auglýsingar
skráningarfrestur til 1. október

Samfélagsmiðlun og framleiðsla efnis
skráningarfrestur til 2. október

UPPELDI OG KENNSLA

Hagnýtar, einfaldar og jákvæðar aðferðir í kennslu:
Bætt hegðun, betri líðan
skráningarfrestur til 2. október

Forvarnir í skólum: Hvað virkar?
skráningarfrestur til 3. október

Kynja- og jafnréttisfræðsla á mið- og efsta stigi grunnskóla
skráningarfrestur til 7. október

TUNGUMÁL

Örlög og ástir á þýsku: þjálfun í þýsku talmáli og þýskum kurteisisvenjum á nýstárlegan hátt
skráningarfrestur til 1. október

Danska II
skráningarfrestur til 6. október

Ítalska II
skráningarfrestur til 7. október

LÖGFRÆÐI

Viðtalstækni
skráningarfrestur til 30. september

STJÓRNUN OG FORYSTA

Negotiations Skills: Strategies for Increased Effectiveness
hefst 26. september

Fjármál fyrir stjórnendur - vinnustofa
skráningarfrestur til 27. september

Hvatning og starfsánægja
skráningarfrestur til 30. september

Öryggismál – Áhættustjórnun fyrirtækja og stofnana
(Security – Risk management of companies and institutions)
skráningarfrestur til 1. október

Verkefnastjórnun - vinnustofa
skráningarfrestur til 3. október

Stjórnun fyrir nýja stjórnendur
skráningarfrestur til 6. október

FJÁRMÁL OG REKSTUR

Fjármál fyrir stjórnendur – vinnustofa
skráningarfrestur til 27. september

Lestur ársreikninga
skráningarfrestur til 30. september

Excel II
skráningarfrestur til 30. september

Virðismat fyrirtækja
skráningarfrestur til 8. október

VERK- OG TÆKNIFRÆÐI

Rekstur rafveitna
haldið 30. september

Raki og mygla í byggingum:
Fyrirbyggjandi aðgerðir, uppbygging og lagfæringar
skráningarfrestur til 6. október

PERSÓNULEG HÆFNI

Ljósmyndun – Að taka betri myndir
skráningarfrestur til 30. september

Auðna í lífi og starfi – Hagnýt jákvæð sálfræði
skráningarfrestur til 1. október

Listin að taka viðtal
skráningarfrestur til 2. október

Hugþjálfun – leið til árangurs
skráningarfrestur til 2. október

Kvikmyndahandrit - ritsmiðja
skráningarfrestur til 4. október

UPPLÝSINGATÆKNI

SQL fyrirspurnarmálið
hefst 30. september

SKRÁNINGARFRESTUR ER AÐ ÖLLU JÖFNU VIKU ÁÐUR EN NÁMSKEIÐ HEFST

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

UPPLIFÐU ÞITT WOW MOMENT Á SKÍÐUM

FRÉTTIR AF FÓLKI

Grísk veisla á RIFF

Grikkland verður í forgrunni á Reykjavík International Film Festival sem hefst á fimmtudag. Meðal þess sem stendur fyrir dyrum er heljarinnar teiti í Hannesarholti á Grundarstíg á vegum gríska sendiherrans gagnvart Íslandi, sem er með aðsetur í Noregi. Þar verða grískar krásir á borðum, fetaostur og fleira, og meðal annars er búið að panta birgðir af anís-líkjörnum ouzo, þjóðardrykk Grikkja. Á meðal gesta verða þrír grískir leikstjórar, Menelaos Karamaghiolis, Penny Panayotopoulou og **Alexandros Avranos**, sem valinn var besti leikstjórinn á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum fyrir verkið Ungfrú Ofbeldi, eða Miss Violence upp á ensku. Ekki er ólíklegt að íslenskir unnendur grískrar menningar, svo sem Egill Helgason eða Sigurður A. Magnússon láti sjá sig í veislunni. - sh

Nýr borgari vígður

Hamborgari til heiðurs hljómsveitinni Sálin hans Jóns míns verður vígður á Hamborgarafabrikkunni á næstu dögum. Mikil dulúð og leynd hvílir yfir þessum nýja og ferska hamborgara. Borgarinn er gerður úr ferskri nautalund og getur fólk fengið hann borinn fram með sneið af steiktri, franskri andalifur (foie gras) ofan á, ásamt truffluberaisesósu.
„Ekkert annað en besti bitinn af nautinu dugði í þennan merka viðhafnarborgara til heiðurs þessari stórmerkilegu hljómsveit," segir **Jóhannes Ásbjörnsson,** einn af eigendum Fabrikkunnar, um vígsluna. Borgarinn heitir í höfuðið á þekktu dægurlagi sveitarinnar. - glp

Mest lesið VÍSIR

1. Eigum við að leggja niður Landspítalann?
2. Catalína opnar tískuvöruverslun
3. Nýtt par: Ásdís Rán og heimsfrægur Hollywood-leikstjóri
4. „Hver í helvítinu er þetta eiginlega?"
5. Mótmælir þaksvölum á Ægisíðu
6. Sveinn Andri bregður á leik með menntaskólanemum

WOW
FLUGFÉLAG SKÍÐAFÓLKSINS

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 13-2279

RENNDU ÞÉR Í FRÍIÐ

Skíðaflug til Salzburg
Salzburg er rétt hjá ævintýralega góðum skíðastöðum í austurrísku Ölpunum. Hvar vilt þú skíða?
Aðra leið Verð frá: 18.900 kr.

LÆGRA VERÐ NÝRRI VÉLAR LOFORÐ WOW BREIÐASTA BROSIÐ

Salígóð pakkaferð til Saalbach
Í Saalbach er alltaf hægt að treysta á snjóinn. Brekkur við allra hæfi og alvöru austurrísk skíðastemning.
7 nætur & ½ fæði Verð frá: 128.900 kr.
Verð á mann í tvíbýli

Lúxusferð til Bad Hofgastein
Gerðu það gott í brekkunum á einu stærsta skíðasvæði í heimi. Rúmlega 800 kílómetrar af brekkum.
7 nætur & ½ fæði Verð frá: 151.300 kr.
Verð á mann í tvíbýli

Kitzbühel, krefjandi og kósí
Brattar brekkur, vinalegar brekkur og allt þar á milli. Skíðasvæðið Kitzbühel klikkar aldrei.
7 nætur & morgunmatur Verð frá: 117.000 kr.
Verð á mann í tvíbýli

Smátt letur um flug
Ferðatímabil: 21/12/13 til 8/3/14. Flug aðra leið með sköttum; bókunargjald og töskugjald ekki innifalið.

... og um pakkaferðir
Flug með sköttum og gjöldum, gisting í 7 nætur og 10 kg handfarangur. Lægsta verð í boði í janúar.

Við fljúgum til >> London >> Kaupmannahafnar >> Parísar >> Berlínar >> í allan vetur

wow.is | Katrínartún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | wow@wow.is